

# Pingsályktanir afgreiddar til ríkisstjórnarinnar.

## 1. Eyðing tundurdufla.

Á 4. fundi í Sp., 17. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um auknar ráðstafanir til eyðingar á tundurduflum við strendur landsins (A. 1).

Á 5. fundi í Sp., 20. okt., var till. tekin til fyrri umr. (A. 1, 2).

\*Flm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti! Eins og sjá má af þskj. því, sem fyrir liggur, höfum við 3 þm. leyft okkur að bera fram þá till. til þál., sem um er að ræða, að gefnu tilefni. — Það er kunnugt, að tundurduflalagnir stríðs- aðila þess, sem fyrir þeim stendur hér við land, hafa haft þær afleiðingar um nokkuð langan tíma nú orðið, að duflin eru á reki á siglingaleiðum og fiskimiðum landsmanna og rekur jafnvel á fjörur. Það þarf ekki að fjölyrða um, að af þeim getur stafað hinn mesti voði. Fiskiveiðar eru hindraðar og jafnvel bannaðar á vissum svæðum. Er ekki að undra, þótt þær verði torveldar, þegar þess er gætt, hve þrúfaldlega fiskiskip verða vör við þessa vægesti. Mér er sagt, að eigi alls fyrir löngu hafi eitt botnvörpurskip fengið í einu þrjú dufl í vörpuna, og er það vottur þess, hver ógrynni eru af þeim. Nýlega hefur verið um það rætt, að fyrir Austfjörðum hafi ekki verið talið tryggt að fara til fiskjar, og á sumum öðrum stöðum hefur legið nærri, að veiðar stöðvudust. Bátar fyrir suðurströndinni hafa hikað við að fara heim að nærlagi.

Við flm. erum ekki þeirrar skoðunar, að ekkert hafi verið aðhafzt til að eyða tundurduflum. Ríkisstj. hefur gert út skip í því skyni. Í fyrstu var Þór hafður við það starf, en síðan hefur hann verið tekinn til annars. Þau skip, sem upp á síðkastið hafa starfað að þessu, eru Óðinn og Sæbjörg. Hin varðskipin eru önnum kafin við að sinna flutningum á ýmsar hafnir, þar eð nær allar aðfluttar vörur eru settar á land í Rvík, en Eimskipafélagið og aðallega Skipaútgærd ríkisins verða að sjá fyrir skipakosti til flutninga út um land. Skipaútgærdin hefur því orðið að beina hæði Þór og Ægi þær leiðir. Það hefur samt ekki komið að fullu haldi, svo mikil er þörfin.

Þess ber og að gæta, að skip eins og Ægir

Alþt. 1941. D. (58. löggjafarþing).

og Þór eru talin óþarflega stór og dýr til þess starfs eins að leita að tundurduflum. Til þess má vel nota smærri skip á borð við Óðin og Sæbjörgu. En það, sem á skortir, er, að þau tvö skip komast ekki yfir að fara eins oft um hættusvæðin og þörf væri til þess að öryggi fengist fyrir veiðiflotann og strandferðaskipin eftir því, sem frekast er kostur. Þess vegna er þörf á auknum skipastóli, og að þeirri aukningu er stefnt með till. okkar flm.

Það er öllum þm. kunnugt, að svo að kalla daglega eru tilkynningar um siglingahættu við strendur landsins lesnar í útvarp. Má þó nærri geta, að menn rekast ekki á nema litið eitt af duflunum. Þó að það kunní að koma fyrir, að um missýningar hafi verið að ræða, þegar menn hafa þótt sjá dufl, eru þau samt ákaflega víða, enda er ljósasti votturinn um það, hve mörg dufl hefur rekið á land. Það er vorkunnarmál, að Skipaútgærdin eigi erfitt með að sinna öllu þessu til fulls.

Í sambandi við þetta vil ég benda á, að nú stendur svo á, að siglingar til Bretlands hafa að miklu leyti stöðvazt, svo að mikill fjöldi skipa, t. d. skipa á borð við Óðin og Sæbjörgu, er laus. Mætti ætla, að hægt væri fyrir Skipaútgærdina að fá 2 slík skip leigð sanngjörnu verði. Þetta hefur komið til tals á milli okkar flm., og vil ég því benda sérstaklega á það.

Ég vona, að hæstv. Alp. vilji styðja að framkvæmdum þessa máls, en hér þarf að vinna bráðan hug að, því að daginn styttr óðum, en það er aðeins í dagsbirtu, sem hægt er að vinna að eyðingu tundurdufla. Ég vil mælast til þess við þá n., sem fær málið til meðferðar, að hún hafi það hugfast, að sem minnst þurfi að dragast, að úr framkvæmdum yrði. En fram eftir nów. mætti ætla, ef tíðin er samileg, að hægt væri að vinna ótullega að þessu starfi birtunnar vegna.

Ég sé, að fram er komin brtt. frá hv. þm. V.-Sk. um viðbót við þær ráðstafanir, sem hugsaðar eru í þáltill. okkar, sem sé að eyðileggja sem fyrst sjórekin dufl. Er það auðvitað nauðsynleg ráðstöfun.

Ég vænti, að hæstv. Alp. skilji nauðsyn þessa máls. Við flm. höfum haft samráð við þá menn, sem mundu hafa yfirstjórn um framkvæmdir í þessu efni, og till. okkar er sumpart borin fram í samráði við þá.

\***Gísli Sveinsson:** Herra forseti! Eins og sést á brtt. minni á þskj. 2, er hún viðbót við þáttill., um að einnig verði séð um eyðingu tundurdufla, sem rekið hefur á land. Þetta mál er þannig vaxið, að strandlengjan sunnanlands, t. d. í báðum Skaftafellssýslunum, er þakin tundurduflum, og menn vita ekki, hvort þau eru óskaðleg eða lifshættuleg. Það er því skylt að gæta allrar varúðar, en hins vegar hefur yfirstjórn setuliðsins ekki viljað, að Íslendingar fengjust við eyðingu duflanna, en lofað því, og jafnvel krafizt þess, að heirra menn ynnu að þessu. Á þessu hefur orðið mikill misbrestur eins og á ýmsu fleiru, og ekkert hefur verið gert í marga mánuði. Duflin liggja á fjörum almennings, svo að menn geta ekki sótt verðmæti á fjörurnar né farið þangað nauðsynlegra erinda. Ég hef vikulega gert kröfur um leiðréttingu á þessu, en til einskis. Ég hef haft samráð við forstjóra skipaúngerðarinnar og veit, að hann hefur jafnharðan tilkynnt stjórn brezka setuliðsins um málið. Mér er kunnugt um, að hann hefur átt tal um þetta bæði við brezka setuliðið og ríkisstj. og einnig skrifað um málið og stungið upp á þeirri aðferð, að setuliðið veiti Íslendingum tafarlaust tilsógn um eyðingu duflanna. Þó að margir Íslendingar telji vel gerlegt að framkvæma þetta, má ekki flana að neinu. Setuliðið hefur og tekið vel í þetta, og má vera, að málið sé komið á góðan reksþöl, en ég vildi þó láta till. mína koma fram, ef það kynni að flýta framkvæmdum.

Ég skal geta þess, að nú rekur á fjörur ýmiss konar verðmæti, t. d. trjávið, og það er ekki lítilsvært að vera við til að hjarga því, en ég hef ekki viljað taka ábyrgð á því að láta menn fara fjörufurðir vegna hættunnar af sjórekuum tundurduflum.

Það var horið fram í fyrstu, að sjórekin tundurdufl væru óskaðleg, en nú vita menn, að þau springa stundum í lendingu, og fjöldi þeirra er þannig, að menn geta ekki áttað sig á, hvort þau eru skaðleg eða ekki. Það er því mikil nauðsyn til að gera einhverjar ráðstafanir í þessu efni, sem að haldi mega koma.

\***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Þessi till., bæði aðaltill. og eins viðaukatill., er staðfesting á því, sem stj. hefur þegar gert, og er gott, að fram komi á Alb. og verði samþ. sú till., sem hér liggur fyrir.

Það hefur verið upplýst í framsögu og röksemdum fyrir þessari till., hvað gert hefur verið í þessu máli. Það hafa aðallega verið notuð 3 skip í þessu skyni, en Þór, sem unnið hefur að eyðingu duflanna, hefur orðið að taka til strandferða, sérstaklega til Vestmannaeyja, og var það gert af brýnni nauðsyn. En síðan hefur Sæbjörg, til viðbótar því, sem varðskipin hafa séð um þessa eyðingu eftir föngum, verið leigð til þess að vinna einnig að því að eyðileggja duflin, og hefur sá samningur verið framlengdur fyrir stuttu síðan. Hins vegar er gott, að fyrir liggir frá Alb. samþykkt, þar sem stj. séu heimilud mikil fjárframlög í þessu skyni, sem verður gert, ef þessi till. verður samþ.

Þá leggur hv. þm. V.-Sk. til í viðaukatill. sinni, að stj. hlutist einnig til um, að eyðilögð verði

tundurdufl, sem rekur á land. Hingað til hefur það verið svo, að stjórn brezka flotans hér á landi hefur verið tilkynnt um tundurdufl, sem þyrfti að eyðileggja, en það er alveg satt, að mjög seint hefur gengið að eyðileggja þau, og það svo mjög, að til vandræða hefur horft. Þess vegna var tekið til þess ráðs fyrir nokkru síðan að itreka mjög alvarlega þá beiðni til brezku herstjórnarinnar, að Íslendingum yrði kennt að eyðileggja tundurdufl, til þess að ekki þyrfti að leita til brezku herstjórnarinnar um þessi mál. Í því skyni hefur Skipaúngerð ríkisins verið heimilað að verja fjármunum.

Af þessum ástæðum get ég vel fallizt á, að þarft sé að samþ. þessa till. Hún er staðfesting á því, sem stj. hefur verið að vinna að, og stj. mundi líka líta á það sem heimild til frekari aðgerða en gerðar hafa verið, enda hefur sýnt sig, að þess er þörf.

\***Finnur Jónsson:** Eftir að Bretar höfðu lagt tundurduflum fyrir Austfjörðum, hefur það sýnt sig, að þau lágu ekki kyrr, en því hefur verið haldið fram af hálfu herstjórnarinnar, að þau væru óskaðleg, ef þau slitnuðu upp. Að visu hafa ekki orsakazt af þeim slys hér við land, svo að menn viti. Hins vegar er vitað, að mjög mörg af þeim hefur rekið, og hafa sum sprungið í lendingu. Brezka herstjórnin hefur átt að sjá um, að þau tundurdufl, sem ræki á land, væru eyðilögð, en á því hafa verið misbrestir. Því var það, að ég bar fram þá áskorun á fundi Slysavarnafélagsins, að Þór yrði settur á tundurduflaveiðar um síðustu áramót. Það var gert, og hefur sýnt sig, að þess var mikil þörf, og eftir því sem lengra liður, hefur það sýnt sig, að ekki er nóg að hafa til þess eitt skip. Ég vil því mjög mæla með þessari till., en jafnframt vil ég spyrjast fyrir um það hjá hæstv. ríkisstj., hvort athugað hafi verið, hvort Bretar fengjust til að greiða a. m. k. eitthvað af þessum kostnaði, því að það er kunnugt, að þeir hafa lagt tundurduflum á fiskimið okkar, og meginhlutinn af þessum duflum, sem eru hér á reki á siglingaleiðum og fiskimiðum, er brezkur. — Sýnist ekki ósanngjarnt, að Bretar legðu fram fé í þessu skyni, enda þótt það kunni að vera í samræmi við alþjóðalög, að á stríðstímum sé tundurduflum lagt á vissum svæðum utan landhelgi. Það er vitað, að mikinn kostnað hlýtur að leiða af því fyrir ríkissjóð að gera hreinsa strendur landsins af þessum ófögnuði. Ég vil því spyrjast fyrir um það hjá hæstv. ríkisstj., hvort leitað hafi verið eftir því hjá Bretum, að þeir tækju þátt í þessum kostnaði, án þess að ég vilji á nokkurn hátt láta það standa í vegi fyrir frekari framkvæmdum, því að aðalatriðið er að fá hér bót á ráðna.

\***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég ætla ekki að rekja, hvernig það er til komið, að þyrjað var á þessum tundurduflaeyðingum, en það er sennilega rétt hjá hv. þm. Ísaf., að þessi till. hefur verið komin fram af hans hálfu, áður en málið var rétt við forstjóra Skipaúngerðar ríkisins. En það er rétt, að það komi hér fram,

að dráttur varð nokkur á framkvæmd þessa máls hjá stj., af því að henni var send, af brezku herstjórninni hér, skýrsla um það, að tundurdufl, sem slitnaðu upp, væru óskaðleg. En það hefur sýnt sig, að sum þeirra hafa sprungið í miklu brimi, bæði á Norðausturlandi og eins í Skagafirði. Þá var samhlíða því á það bent, að þó að þessi skýrsla lægi fyrir, þá mundi þessu ekki vera trúað af sjófarendum, og í sama mund staðfesti reynslan það með þeim dæmum, sem ég benti á, þegar tundurduflin sprangu við Norðurland. Þess vegna var ráðizt í að gera út skip til þess að eyðileggja tundurduflin. Hitt man ég ekki svo, að ég þori að fullyrða það, en mig minnir þó, að forstjóra Skipautgerðar ríkisins hafi verið falið að ræða um það við brezku hernaðaryfirvöldin, að þau tækju þátt í kostnaðinum við að eyðileggja tundurduflin, en það liggur ekki skýrsla fyrir um, hver árangur hafi orðið af því samtali. Það er ekki nema eðlilegt að fara fram á þetta, en hins vegar vil ég taka fram, eins og hv. þm. Ísaf., að það má ekki verða til að hamlá nauðsynlegum ráðstöfunum í þessu efni.

\***Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég hef litlu við að bæta þann rökstuðning, sem fram hefur komið við þessa till., en vil aðeins undirstrika það, sem hv. frsm. sagði um nauðsyn þess að hraða þessu máli. Hann benti á það, sem nú er kunnugt, að mikið af tundurduflum er á reki umhverfis landið. Hauststormarnir hafa leyst þau úr tengslum, eins og við mátti búast. Það er tvímælalaust, að þeim aðferðum, sem nú eru hafðar við tundurduflaveiðar, er aðeins hægt að beita á hjörtum degi. Það fer þannig fram, að reynt er að skjóta þau í kaf. Getur það oft tekið alllangan tíma, og fer það að sjálfsögðu mikið eftir því, hversu öruggir menn eru að hitta í mark.

Á það hefur verið bent, að ófullnægjandi sé að hafa aðeins tvö skip við þetta starf. Eftir því sem ég veit þezt, hefur öðrum bátum verið ætlað takmarkað svæði við Suðurland, en hinn hefur að mestu leyti verið við Austurland. Ég vil enn fremur benda á, að tundurduflarekið hefur ekki verið hvað minnst við Norðurland, Húnaflóa og Skagafjörð og alla leið austur að Langanesi, og efast ég um, þegar svo stuttur er dagur sem nú er orðinn, að einn bátur til viðbótar fullnægi þessari þörf, meðan tundurduflarekið er svo mikið sem það er nú. Þetta vildi ég, að hv. n. kynnti sér hjá þeim aðilum, sem gerst eiga að vita um þessi mál, en það er náttúrulega í fyrsta lagi forstjóri Skipautgerðar ríkisins og svo þeir aðrir, sem þar koma til greina, eins og brezka sjóliðsstjórnin. Og eins og hv. þm. V.-Sk. rökstuddi svo vel, þá er hættan af tundurduflum, sem rekið hefur, sízt minni, og má sennilega vænta þar skjótra aðgerða, að þau verði eyðilögð, jafnóðum og þau verða landföst.

Ég vil að síðustu undirstrika það, sem kom ekki nægilega skýrt fram í umr., að svo mikil hætta sem fiskiveiðunum stafar af rekduflunum, þá stafar siglingunum engu minni hætta af þeim, hvort sem er um að ræða strandferða-

skipin eða önnur skip, sem þurfa að sigla um þessi svæði. Og þótt menn geri lítið úr þeirri hættu, sem stafar af rekduflunum, sbr. skýrslu brezkra sérfræðinga, þá eru um það skiptar skoðanir manna, sem telja sig hafa vit á þessu. Ég jata mína ráfræði í þessu, en ég hef lesið grein eftir danskan sérfræðing, sem hann gaf út til leiðbeiningar fyrir dönsku þjóðina í byrjun stríðsins. Hann sagði, að gera mætti ráð fyrir 10% hættu af rekduflum.

Ég vildi láta þessi orð falla, aðallega til þess að leggja áherzlu á, að málinu yrði hraðað, svo að hægt yrði nú þegar að auka skipakost í þessu augnamiði, meðan dagur er þetta langur og eins mikið af rekduflum og nú er. Vænti ég, að n. sem fær málið, sýni því fullan skilning og velvild.

#### ATKVGR.

Brtt. 2 samþ. með 25 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 25 shlj. atkv.  
og til fjvn. með 25 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Sp., 10. nóv., var till. tekin til síðari umr. (A. 8, n. 21).

**Frsm. (Pétur Ottesen):** Eftir að þessari þál-till. hafði verið vísað til fjvn., tók hún málið til athugunar mjög fljótlega og kynnti sér eftir beztu föngum allan aðdraganda og gang málsins. Til þess að fá fyllstu upplýsingar um þetta, þá sneri n. sér til þess manns, sem ríkisstj. frá ändverðu fól að hafa á hendi eftirlit og framkvæmdir á eyðingu tundurduflanna, en það er forstjóri Skipautgerðar ríkisins, Pálmi Loftsson. Lét hann n. í té þær upplýsingar í þessu máli, sem getið er um í því áliti, er n. hefur gefið út og liggur nú hér fyrir á Alþ.

Þessar upplýsingar sýna það, að þegar í stað, er hætta fór að stafa af hinum miklu tundurduflalagningum á vissum svæðum við strendur landsins, var hafizt handa um að draga úr hættunni eftir því, sem frekast var kostur á. Þessi hætta virðist hafa farið ört vaxandi, þannig að þau tundurdufl, sem lögð voru fyrir Austurlandi, hafa slitnað upp og rekur um siglingaleiðir umhverfis strendur landsins. Eins og upplýsingarnar bera vott um, er þegar búið að setja í 5 af þeim skipum, sem rikið á og rekin eru til strandgæzlu, — og auk þess í björgunarskipið Sæbjörgu, — áhöld til þess að slæða og eyðileggja tundurdufl. Hafa skipin unnið að þessu starfi, — en þó eigi að staðaldri, sökum annarra aðkallandi verkefna.

Annar þáttur þessa máls, sem einnig er fjallað um í þessari till. til þál., og er þangað kominn samkv. brtt. frá hv. þm. V.-Sk., er flutt var hér á fyrra stigi þessa máls, er sá, að eyðileggja þau tundurdufl, sem rekur á land.

Það er vitanlega mikil þörf á því að eyðileggja þessi dufl eða gera þau óvirk, eins og það er kallað, því að af þeim getur stafað mikil hætta. En þetta mál hefur nokkru lengri aðdraganda en eyðing tundurdufla á sæ úti, sem stafar af því, að Íslendingar kunna ekki til

þeirra starfa að gera duflin óvirk, og hefur því þurft að sækja fræðslu í þessu efni til útlendra manna. Fjvn. var tjáð, að nú væri lausn fengin á þessu atriði, og að þegar væri hafizt handa um eyðilegging þeirra dufla, er á land hefðu borizt.

Nú kemur það fram í þessari till. til þál., að þrátt fyrir þessar ráðstafanir, sem gerðar hafa verið og nú er lýst, þá þykir sá skipakostur, sem eyðir tundurduflum við strendur landsins, engan veginn fullnægjandi. Þess vegna er þessi þáltill. flutt, að ætlazt er til, að bót verði ráðin á þessu og að á hverjum tíma sé fyrir hendi nægilegur skipastóll til þess að bægja hættunni frá sjófarendum. N. fellst að sjálfsögðu alveg á þá nauðsyn, sem er fyrir hendi í þessum málum, og mælir þess vegna mjög eindregið með því, að orðið sé við þessum till. eftir því, sem frekast eru fóng á á hverjum tíma. — Fjvn. hefur einnig rætt málið við ríkisstj., — eða þá ráðh., sem það heyrir einkum undir, og hafa þeir tekið mjög vel í málið og heitið fullum stuðningi sínum til frekari aðgerða.

Mér þykir svo ekki ástæða til að hafa fleiri orð um þetta, en vil fyrir hönd fjvn. mæla hið bezta með því, að þessi till. til þál. verði samþ. og að unnið verði að framkvæmd þessa máls í anda þeirrar samþykktar, sem till. vantanlega fær hér á Alþ.

N. hefur gert litils háttar orðabreyt. á till. Fannst n. fara eins vel á því að orða svo sem hér er gert, en í þessu felst engin efnisbreyt.

**Jóhann Jósefsson:** Herra forseti! Ég vil fyrir hönd okkar flm. þessarar till. til þál. votta fjvn. þakkir fyrir góð skil þessa máls. Ég sé, að rannsókn n. á málinu hefur leitt í ljós þörf þess, er okkur flm. grunaði, að fleiri skip ynnu að eyðingu tundurduflanna en verið hefur að undanfögnu.

Um orðabreyt. n. þarf ég ekki að fjölyrða. Þær raska í engu meiningu okkar flm., og felli ég mig þess vegna við þær, ekki sizt þegar þeim fylgir jafneindregin áskorun til hæstv. ríkisstj. og fram kom í ræðu hv. frsm. fjvn.

Hæstv. forsrh. miuntist á það við fyrri umr. þessa máls, að það væri út af fyrir sig gott, að till. kæmi fram, þar sem með samþykkt hennar á Alþ. væru staðfestar aðgerðir ríkisstj. í málinu. En ég vil leyfa mér að vona, að samþ. Alþ. og það, hvernig fjvn. hefur snúizt við málinu, megi einnig verða til þess, að ríkisstj. auki frekar en hitt starfsemina til þess að eyða tundurduflum á siglingaleiðum og til að eyðileggja þau dufl, sem á land berast.

Ég þarf svo ekki að fjölyrða um þetta mál, en vona, að það fái rétta afgreiðslu hér á hv. Alþ.

ATKVGR.

Brtt. 21 (ný tillgr.) samþ. með 33 shlj. atkv. Till., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 40).

## 2. Greiðsla ríkislána í Bretlandi.

Á 9. fundi í Sp., 31. okt., var útbýtt:  
Till. til þál. um greiðslu ríkislána í Bretlandi (A. 16).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 10. fundi í Sp., 3. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 11. fundi í Sp., 10. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

\*Flm. (Sveinbjörn Högnason): Fyrir síðasta þing gaf ríkisstj. út brhl. um heimild til þess að taka 5 millj. kr. lán fyrir ríkissjóð til þess að greiða ríkislán. L. þessi voru staðfest af Alþ., með þeirri breyt. þó, að lánsheimildin var hækkuð upp í 10 millj. kr. — Þetta var gert með það fyrir augum, að greitt yrði upp í Englandi það ríkislán, sem gjaldfallið var, og jafnvel fleiri. Var um það rætt, og m. a. gert ráð fyrir því í nál. fjhn. Nd., að æskilegt væri að fá að greiða upp öll þau ríkislán okkar í Bretlandi, sem fáanlegt væri að greiða.

Það hefur ekki, svo ég viti, komið neitt fram um það af hálfu ríkisstj. opinberlega, hvað gert hafi verið í þessum málum og hvort leitað hafi verið samninga við þá aðila, sem eiga skuldaþréfin, um að fá að greiða þau, eða leitað samkomulags við sjálfa brezku ríkisstj. um að taka að sér þessi lán, sem við fengjum að greiða með innstæðum okkar í hönkum. — Það liggur í augum uppi, hvert hagræði er að því fyrir Íslandinga að geta greitt vaxtaháar skuldir með innstæðum, sem eru ýmist vaxtalausar eða á mjög lágum vöxtum erlendis. Við litum því svo á, sem flytjum þessa till. til þál., — og það er gert með vilja og vitund Framsfl., — að það beri að gera allt, sem unnt er, til þess að ná samkomulagi við brezk stjórnarvöld um þetta atriði, og að taka beri innanríkislán til greiðslu skuldanna, ef þess þarf með.

Það má líka benda á það, að með því að taka innanríkislán í þessu augnamiði er verulega dregið úr peningaveltunni í landinu og þannig á óbeinan hátt spornað við aukinni dýrtíð.

Þessi ríkislán, sem við eigum ógreidd í Englandi, munu nema um 22—23 millj. ísl. kr., þegar húið er að greiða lánið, sem brhl. voru upphaflega gefin út vegna.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum. Grg. till. lýsir því rækilega, hvað fyrir okkur flm. vakir í þessu efni, enda er þetta svo einfalt og auðskilið mál, að langar umr. eru óþarfar.

\*Fjmrh. (Jakob Möller): Ég get skýrt frá því, að af hálfu ríkisstj. hefur verið gert allt, sem unnt hefur verið, til þess að koma því í kring, að ríkisskuldarnar yrðu greiddar að fullu nú

þegar. Í gegnum viðskiptan. hefur verið leitað eftir því, og síðan hefur sendifulltrúanum í London verði falið að fylgjast með málinu. En af þessu hefur enginn árangur fengizt. Ég get einnig skýrt frá því, að þetta mál hefur verið tekið til athugunar í sambandi við samninga milli Bandaríkjanna, Englands og Íslands, en ekkert er endanlega útkljáð um það. Ég tel engan vafa á því, að haldið verði áfram þessum tilraunum eins hér eftir sem hingað til, því að það væri vissulega mjög hagkvæmt að breyta þessum lánnum í innlend lán, enda þótt vextir af þeim séu ekki eins háir eins og hv. þm. tiltók.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 41).

### 3. Skyldusparnaður.

Á 15. fundi í Ed., 18. nóv., var útbýtt:  
Till. til þál. um skyldusparnað (A. 49).

Á 19. fundi í Ed., 19. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 21. fundi í Ed., s. d., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Ed., s. d., var till. aftur tekin til einnar umr.

Of skammt var liðið frá því, er umr. var ákveðin. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

\*Flm. (Bjarni Snæbjörnsson): Herra forseti! Þegar dýrtíðarmálin voru til umr. á Alþ. núna og frv. voru lögð fram vegna dýrtíðarinnar, þá fannst mér vanta þar atriði, sem ég hygg, að athuga beri, ekki sízt, heldur fyrst og fremst. Það er, á hvern hátt sé hægt að stöðva þá peningaveltu, sem nú er í landinu, og taka eitt-hvað af peningum úr umferð. Um þetta hefur hvorki verið rætt í blöðum né annars staðar, og er því sjálfsgagt núna, að þetta verði tekið til athugunar, þegar ríkisstj. ætlar að fara að fást við vandamál þau, er nú stöðja að. Þess vegna hef ég leyft mér að bera fram þessa till. til þál., sem nú er til umr.

Ég geng þess ekki dulinn, að þessi leið, sem ég vil fara, muni vekja óvinsældir, ef eitthvað verður úr framkvæmdum, en ég veit einnig, að þegar menn athuga málið, þá sjá þeir, hversu nauðsynlegt er að gera eitthvað svipað þessu. Sérstaklega á þessum vandræðatímum, sem nú eru, þá verður að gera fleira en gott þykir í svipinn. Við munum það mjög vel, hvernig það gekk í heimsstyrjöldinni síðustu, að þá urðu afar miklar verðsveiflur einmitt hjá okkur hér

á landi, því það kom mikið peningaflóð til okkar þá. Við kunnum ekki vel að fara með peninga þá, eins og oft vill verða, þegar fátæklingar komast yfir miklar fjárfúlgur; þeir vita ekki almennilega, hvað þeir eiga að gera við peningana, og verður þá afleiðingin sú, að féð vill undrafljótt fara forgörðum. Því að það verðum við að viðurkenna, að einmitt það, hversu mikið flæddi hér inn þá af peningum, það hafði þær afleiðingar, að vinnusemi og sparsemi landsmanna beið þar alvarlegan hnekki, og fjárhagur Þjóðarinnar eftir stríðið og þeirra, sem stundugu framleiðslu, fór þess vegna ört versnandi. Og þegar yfirstandandi heimsstyrjöld brauzt út, var allt komið í kaldakol hjá okkur, lánstraustið glatað og hrun atvinnuveganna yfirvofandi, þrátt fyrir allt það fé, sem okkur hafði áskotnazt í síðustu styrjöld. En nú er vitanlegt, bæði innan þings og utan, að þessi styrjöld, sem nú geisar, er margfalt ógurlegri heldur en sú, sem þá geisaði. Glötum verðmæta er margfalt meiri í þessari styrjöld og einnig hættan fyrir landvort og þjóð, hættan fyrir sjálfstæði og fjárhag okkar er margfalt meiri nú en hún var þá. Og það er líka auðsætt á því, sem hingað til hefur fram komið, að hin fjárhagslega bylting verður svo margfalt meiri nú heldur en hún var í síðustu styrjöld. Og ef ekki verður gert eitthvað í þeim efnum, og það sem flest og sem róttækast, liggur mér við að segja, þá lendir nú í sama farinu og enda verra heldur en eftir hina heimsstyrjöldina. Mennt hafa nú, eins og sakir standa, meiri peninga milli handa hér á landi heldur en þeir hafa nokkurn tíma haft áður. Og mikill þorri þeirra manna hefur meiri peninga undir höndum heldur en hollt er; því að það er gamalt máltæki, að það þurfi sterk bein til að þola góða daga, og sérstaklega finnst mér, að þurfi að bera kviðboga fyrir ungu kynslóðinni og reyna að sjá um, að hún úrkynjist ekki við þetta mikla peningaflóð, sem nú er hér hjá okkur. Því að það er mikil hætta á því, að einmitt hjá ungu kynslóðinni verði afleiðingin af þessu peningaflóði eyðslusemi, og mér liggur við að segja leti líka, sem sigli þar í kjölfarið. Og ég álit, að við hinir eldri og við, sem höfum fylgzt með því, hvernig það gekk eftir síðustu heimsstyrjöld, bregðumst skyldu okkar, ef við á þessum velmegunartímum öllum ungu kynslóðina upp í óhöfi og eyðslusemi og ætlumst svo til þess, að hún með slíku veganesti verði fær um að kljúfa erfiðleikana og skuldabasilð, sem óhjákvæmilega kemur eftir á, ef ekkert er að gert. Fjárhagur manna er yfirleitt sémilegur nú sem stendur. Margir hafa komizt úr skuldum og erfiðleikum og atvinnuvegirnir standa nú nokkurn veginn á föstum fótum; og það má segja líka, að ýmsir hafi gætt sparnaðar. Það sýnir það, að fé til geymslu í sparisjóðum hefur aukizt gífurlega á þessum tímum. En samt sem áður er það svo, að mikill þorri manna hefur ekki farið þá braut að leggja fé sitt á sparisjóði, heldur eytt því og keypt fyrir það ýmist þarfa hluti eða óþarfa, sem eru heilsuspillandi jafnt og heilsuþatandi. Og þess vegna er það, að þeir einmitt, sem hafa lagt fé á vöxtu, eru orðnir hræddir um það, að peningar verði orðnir verð-

litlir eftir nokkurn tíma, ef svona heldur áfram. Mér er kunnugt um það, að ýmsir verkameun og sjómenn og bændur líka, sem hafa lagt fé sitt á vöxtu og ætlað sér að búa sér betur í haginn að stríðinu loknu, t. d. með húsbýggingum og öðru slíku, þeir eru orðnir hræddir um, að peningar verði þá kannske einskis virði. Og þess vegna er hætt á, að þeir sömu menn fyllist ótta um verðgildi peninganna og komi þá í þann hópinn, sem hefur sýnt, að hann er frekar fylgjandi eyðslusemi heldur en sparnaði. Og þegar svo er komið, þá veit maður það, að eftirspurnin er margfalt meiri eftir vörum heldur en framboðið á þeim, og mönnum stendur þá yfirleitt á sama, hvað varan kostar, bara ef hún fæst. Eru mýmörg dæmi um það nú í daglega lífinu, sem sýna, að það er ekki verið að hugsa um peningana, þegar hluturinn er keyptur, hvort sem hann er þarfur eða óþarfur.

Ég álit þess vegna, að fyrsta skilyrði til þess að geta haldið dýrtíðinni niðri sé að taka peningana úr umferð og minnka þannig kaupgetuna meðal almennings. Við verðum líka að gæta þess, að eftir því sem við höldum lengur áfram á þessari braut, þá eigum við erfiðara með það, þegar móti blæs, að láta á móti okkur ýmislegt það, sem við höfum vanið á, þegar við höfum haft nóg handa á milli af peningum. Það verður erfiðara fyrir atvinnuvegina og fyrir alla framleiðslu að halda í horfinu seinna meir, þegar við erum búnir að læra að lifa yfir efni fram, ekki aðeins við hinir fullorðnu, heldur líka kynslóðin, sem á að taka við af okkur.

Eins og ég hef getið um í grg. þessarar þá-  
till. minnar, þá álit ég, að það væri hægt að fara þessar tvær leiðir í þessum skyldusparnaði: Í fyrsta lagi þá leið að skylda menn til þess að leggja fé á vöxtu í sparissjóði og líka skylda menn til þess að kaupa ríkisskuldabréf, og hvort sem menn ættu fé í sparissjóði eða hjá ríkinu, þá væri þetta fé vaxtalaust. Og mér finnst, að einmitt þessar tvær leiðir mættu sem bezt fara saman, þannig að helmingurinn af því fé, sem af hverjum manni er tekið til þess að skylda hann til að spara það, væri lagt í sparissjóð, en hinn helmingurinn hafður til þess að kaupa fyrir ríkisskuldabréf. Ég ætlast til, að það komi engin spákaupmennska eða brall til greina með þessar innstæður, hvort sem þær eru í sparissjóðum eða ríkisskuldabréfum, þannig að menn gætu ekki selt þetta eða veðsett, heldur væri það raunverulega gecymt þar til færi að blása á móti, svo að menn hefðu þar einhverju að að hverfa, þegar atvinnuleysi kæmi, og einnig, að ríkissjóður hefði þar að einhverju að hverfa líka, þegar vandræði kæmu hjá honum.

Með þessu móti vinnst þrennt: Í fyrsta lagi það, að sparissjóðirnir þurfa ekki að svara vöxtum af þessu fé, sem kæmi inn til þeirra; en nú er það þannig hjá mörgum sparissjóðum, a. m. k. hjá þeim smærri úti um land virðist það vera þannig, að þeir ýti ekki undir menn með að leggja fé á vöxtu hjá þeim, heldur kannske þvert á móti, af því að þeir tapa stórfé við að borga vexti af innstæðum, þegar útlán eru jafnlitil og þau eru nú. En við vitum allir, hvílikt nauðsyn er á því, að sparissjóðirnir hafi nægi-

lega tryggja afkomumöguleika nú á þessum tímum. Því að þeim mun tryggara og betra verður allt á fjármálasviðinu í landinu, sem þeir eru traustari og öflugri. Í öðru lagi mundi ríkissjóður mynda sér þarna álitlegan sjóð, sem hann gæti gripið til, þegar erfiðleikar steðjuðu að, þegar atvinnuleysið kemur og örbirgðin, sem ábyggilega siglir í kjölfar þessarar styrjalda að henni lokinni. Í þriðja lagi, eins og ég gat um, mundi einnig kaupmáttur minnka og þar með dýrtíðin um leið. Ég er líka viss um, að það mundi koma ýmsum bæjar- og sveitarfélögum vel, þegar færi að blása á móti þeim líka, að geta fengið hjá ríkissjóði lán úr þessum sjóði til ýmissa framkvæmda hjá sér og til þess að halda uppi atvinnuvegunum hjá þeim, þegar erfiðleikarnir kæmu og ekki væri hægt að ná nægilegu fé inn með útsvörum eða öðrum tekjustofnum, sem sveitarfélög og bæjarfélög hafa. En svo er ég líka sannfærður um það, og það er ekkert aukaatriði í þessu máli, að þessi tilhögun, ef farið væri að á svipaðan hátt og hér er gert ráð fyrir, mundi verða til þess, að minnka mundi aðstreymið úr sveitunum til þessarar svo kölluðu Bretavinnu í kaupstöðunum. Ég er viss um það, að þegar margir af þeim unglíngum, sem leita til kaupstaðanna til þess að afla þessa fljótfengna fjár, mundu hugsa sig um tvisvar, hvort ekki væri réttara samt sem áður að búa að sínu í sveitinni heldur en að fara hingað, þegar þeir hefðu ekki fullar hendur fjár eins og þeir hafa nú. Því að það er vitanlegt, að margir þessarar unglínga, sem koma úr sveitunum til þessarar vinnu, þeir vilja nota peningana fyrir hana til lystisemda hér í höfuðstaðnum og annars staðar þar, sem þeir eru við vinnu, og þeir hafa þannig ætlað sér að hafa þessa peninga að eyðslueyri. En ef peningarnir væru teknir af þeim með þessu tvennu móti, mundu þeir kannske hugsa sem svo, að réttara væri að búa í haginn fyrir sig sjálfa í framtíðinni með því að sitja kyrrir í sveitinni og halda framleiðslunni þar gangandi.

Ég er ekki í vafa um, að sumir munu hafa þá skoðun, að þessu mætti líka ná á þann hátt, að ríkissjóður gæti myndað sér álitlegan sjóð, eins og ég ætlast til, með þessu móti, einnig á þann hátt að hækka skattana á almenníngi, tekju- og eignarskattinn og annað því líkt. En við vitum það allir, að skattastefnan yfirleitt er mjög svo umdeild og óvinsæl. En slík skipan, eins og mér finnst að ætti að hafa á þessu máli, mundi taka af sárasta broddinn, þar sem þetta væri þó eign þeirra, sem það væri tekið af, eftir sem áður. Og í öðru lagi fyndist þeim það vera miklu meiri þegnskapur, sem þeir sýndu, og mundu leggja fúsari meira af mörkum, ef það væri haft á þennan hátt, eins og ég hef minnt á í grg. fyrir þáttill.

Og við vitum það, að ófriðarþjóðirnir hvetja til sparnaðar hjá sér. Hér á landi hefur furðu lítið verið gert að því að hvetja menn til sparnaðar. En þar er hvatt til sparnaðar, og ekki eingöngu, að menn séu hvattir til þess, heldur líka sums staðar komið á skyldusparnaði, eins og mun vera að nokkru leyti komið á í Englandi. En allt, sem þar vinnst með sparnaði, fer til þess

að framleiða sem mest af drápstækjum og sem fljótverkustum eyðileggingartækjum. En við ætlu- um okkur, ef við aðhyllumst þessa leið, sem ég hef minnst á með þessari þáttill. minni, eins og hverri friðsamri þjóð sæmir, að byggja upp framtíð okkar eftir styrjöldina, þannig að við höfum ekki bundið fjárhagslegan bagga okkar eftirkomendum, heldur höfum við búið þá þannig undir framtíðina, að þeir hafi gott vega- nesti til þess að mæta erfiðleikum, sem þá má búast við. Ég vona því, að þessi þáttill. mín fái góðar undirtektir í þessari hv. d. og að hún megi verða til þess, að hæstv. ríkisstj., þegar hún fer að ræða dýrtiðarmálin milli þinga, at- lugi þessa leið og rannsaki, hvort ekki sé hægt að framkvæma hana þannig, að fullkomið rétt- læti skapist í þessum efnun líka. Því að mér er það vel ljóst, að það er mjög svo erfitt að koma á löggjöf í þessu efni þannig, að full- komin réttlæti sé gætt og að ráðstafanir í þessu efni komi ekki illa niður. En ég ætlast líka til þess, að ríkisstj. — hún hefur svo góð- um kröftum á að skipa — mundi þá leita til hinna færustu manna í þessu efni og mundi þá annaðhvort koma með frv. í þessa átt á næsta þingi eða þá a. m. k. gefi hv. þm. öllum kost á að fá að vita um niðurstöður þær, sem komizt væri að við rannsöku á þessu máli, sem hún hefði þá látið fara fram á milli þinga.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín fleiri. Þessari þáttill. fylgir allýtarleg grg., þannig að ég veit, að allir hv. þm. hafa getað vel áttað sig á því, hvað ég meina með henni.

\*Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Mér þykir hlýða að segja örfá orð við þessa umr. og gefa nokkrar upplýsingar um það, hvað fram hefur farið í ríkisstj. um það efni, sem þessi þáttill. fjallar um. Enn fremur drepa nokkuð á með- ferð þessa máls innan Framsfl., en þar hefur það verið til meðferðar a. m. k. allt síðasta ár.

Í vetur, þegar verið var að undirbúa dýrtiðar- frv. það, sem ég þá lagði fram, var skyldusparn- aður nokkuð ræddur í ríkisstj., því að ég leit svo á, að lögleiddur skyldusparnaður gæti verið einn þáttur í lausn dýrtiðarmálsins. Ég benti þá m. a. á það, þegar svo var komið, að menn gátu ekki sameinast um að afla tekna til dýr- tiðarráðstafana með almennum sköttum, hvort ekki væri þá hægt í stað þess að fara inn á þá leið að setja löggjöf um skyldusparnað. Þessu var tekið þannig af sumum hæstv. ráðh. í ríkis- stj., að sýnilegt var, að ekkert samkomulag gat fengið um það mál á því þingi, og lét ég því þetta mál niður falla að sinni.

Síðan hefur málið verið til meðferðar innan Framsfl. Og nú í haust var gerð um þetta efni ályktun í flokknum og okkur ráðh. flokksins falið að láta undirbúa málið nánar.

Í sambandi við meðferð dýrtiðarmálanna í ríkisstj. í haust og í samræmi við þessa ályktun Framsfl. lagði ég fram till. um, að setja skyldi löggjöf um skyldusparnað. En sú till. fékk a. m. k. ekki þær undirtektir, að það væri ástæða til þess að halda, að slík löggjöf flygi í gegn- um þingið. En þó var ekki hægt að segja, að þá væri bein andstaða gegn henni í þinginu.

Ég hef látið nokkra hagfræðinga vinna að því að athuga þessi mál og hafði hugsað mér, í framhaldi af þessari skoðun minni og flokks- ins, að þeir störfuðu að því til næsta þings og gerðu sérstaklega grein fyrir því, á hvern hátt þessi hugmynd yrði bezt framkvæmanleg. En bæði var það, að þessi athugun var ekki nægi- lega langt komin, því að málið er vandasamt, og eins hitt, að löggjöf um skyldusparnað má setja með fullum árangri á næsta þingi, — hvort tveggja varð þetta til þess, að ég hef ekki heitt mér til þess, að frv. um þetta kæmi fram á þessu haustþingi. Þetta vildi ég, að kæmi fram, til þess að sýna, að í Framsfl. hefur þessi hug- mynd verið sérstaklega til meðferðar; og við höfum þráfaldlega komið fram með hana í ríkis- stj., þó að ekki hafi sá árangur af því orðið, að frv. um þetta efni hafi komið fram. Þetta mál hefur því verið nokkuð athugað og er í frekari athugun nú sem stendur, að tilhlutan minni.

Það eru sérstaklega tvenns konar ástæður til þess, að ég hef um skeið haft áhuga fyrir setn- ingu löggjafar af þessu tagi og að koma frv. um hana á framfæri, og þær eru nokkuð svipaðar í meginatriðum því, sem kom fram hjá hv. þm. Hafnf. Önnur er sú, að það er tvímælalaust spor í rétta átt að draga fé úr umferð með því að lögleiða skyldusparnað. Hins vegar mega menn auðvitað ekki villast á því, að það er þó ekki tæmandi eða einhlit ráðstöfun gegn verð- bólgunni í landinu, sem nú á sér stað, heldur aðeins einn liður í því að vinna gegn henni og áreiðanlega spor í rétta átt. Þetta hefur verið önnur meginástæðan frá mínu sjónarmiði. Hin ástæðan hefur verið sú, að ég fyrir mitt leyti er ákaflega hræddur um það, að margt af því fólki, sem nú fær fjármuni í hendur, geri mjög litíð að því að leggja þá til hliðar, og muni sjá beizklega eftir því síðar að hafa ekki gert meira að því að spara heldur en nú á sér stað hjá mörgu þessu fólki. Nú eignast margt ungt fólk mikið fé, sem því gæti síðar komið að notum til heimilamyndunar eða til þess að koma á fót atvinnurekstri í einhverri mynd, ef þetta fé væri lagt til hliðar. En margt af þessu fólki notar þessa fjármuni þannig, að það væri betra fyrir það sjálft, að það væri skyldað til að leggja nokkuð af þeim til hliðar. Og þetta fólk mun síðar sjá, að það hafi verið því til góðs að vera skyldað til að leggja þetta fé til hliðar, ef það verður að framkvæmd, að slíkur skyldusparn- aður komist á, hvernig sem það kynni að snú- ast gagnvart þeirri ráðstöfun nú. Má búast við, að því finnist það kvöð eins og nú stendur, en síðar mundi það verða ánægt með þá ráðstöfun.

Ég er að þessu leyti hv. flm. alveg sammála.

En þá kemur spurningin, hvernig eigi að koma fyrir löggjöf eins og þessari. Ég hygg, að menn muni reka sig á, að þar muni koma upp ýmis vandamál. Ég get getið þess til upplýsingar, að skv. efni, sem ég hef víðað að mér, þá hafa verið sett í Englandi l. um skyldusparnað, og eru þau byggð upp á sérstakan hátt, sem sé þannig, að persónufrádráttur skattal. hefur nú verið stór- lega lækkaður, en sá skattauki, sem mönnum hefur þannig verið reiknaður, er tilfærður sem innieign þessara manna hjá ríkissjóði Breta,

sem verður greiddur þeim síðar. Þannig fara þeir að. Í raun og veru mundi það verða mest til að minnka verðbólgunu, ef hægt væri að viðhafa þá aðferð, að menn legðu til hliðar af tekjum sínum jafnóðum og þeir vinna sér þær inn, því að þá er það fé undireins tekið úr umferð. Þessi aðferð er í raun og veru æskilegust, en ég hygg, að á henni séu slíkir agnóar, að hún sé vart framkvæmanleg. En reynist hún ófær, þá er helzt eftir sú leið að miða skyldusparnað manna við skattaframtal þeirra, og þá yrði það fé, sem spara ætti, tekið eftir á með sköttunum. En þetta hefur þann ókost, að þá kunna menn að vera búnir að eyða fénu að verulegu leyti og því erfitt fyrir menn að inna þetta framlag af hendi, en þó er það væntanlega þessi leið, sem kemur til athugunar í þessu sambandi.

Þá er annað atriði: Hvaða reglur á að setja um skyldusparnað? Hvað mikið á að leggja til hliðar, og við hvað á að miða? Hvort á að miða við nettótekjur manna, og hversu mikið tillit á að taka til fjölskyldu framfæranda o. s. frv.? Svo er eitt atriði, sem er talsvert veigamikilið. Hvort á að skylda menn til að leggja til hliðar vissa hundraðstölu af þeim tekjum, sem er umfram vissan persónufrádrátt, eða einhvern vissan hluta af þeirri tekjuaukningu, sem menn hafa fengið, síðan styrjöldin hófst? Er það að sumu leyti eðlilegast, en hefur að sumu leyti ágalla, því að þá þyrfti svo mikla rannsókn á skattaframtali hvers manns til þess að komast að raun um, hve mikið tekjur hvers manns hafa aukizt.

Á þessu sjá menn, að þótt menn aðhyllist hugmyndina um skyldusparnað, þá eru ýmis atriði, sem þarf að rannsaka, hafa verið rannsökuð að undanförunu og eru enn í rannsókn, þó að frv. hafi ekki enn þá verið lagt fram. En ég vildi í sambandi við þetta mál rétt drepa á þessi atriði til umhugsunar fyrir menn, svo að þeir átti sig á því, sem hér liggur fyrir.

Hv. flm. vék að þessu máli á þá lund, að menn kynnu að hafa ástæðu til að álíta, að lögbodinn skyldusparnaður gæti komið í staðinn fyrir skatta að verulegu leyti eða að öllu leyti í staðinn fyrir stríðsskatta. Má vera, að þetta hafi ekki vakað fyrir hv. flm., enda er verulegur munur á að leggja skatta eða leggja þannig á nokkurs konar þvingað ríkislán. Ég vil einnig taka fram, að þótt ég sé fylgjandi skyldusparnaði, þá er mér ljóst, að ríkið verður að tryggja, að ríkissjóður sjálfur geti bætt hag sinn á þeim tímum, sem nú eru, og sjálfur eignast verulega sjóði til þess að standa undir framkvæmdum framvegis. Menn verða einnig að gera sér ljóst, að það er ekki fullnægjandi, þótt ríkið dragi saman fjármuni eingöngu með skyldusparnaði, sem ríkið yrði svo síðar að standa skil á. Það verður að finna meðalveg til að leggja á hæfilega skatta og lögbjóða einhvern hóflegan skyldusparnað, sem væri eins konar ríkislán, sem yrði skilað aftur að styrjaldarlokom. En á þessu er sá reginmunur, að þegar ríkissjóður ætti að skila aftur þessum lánum, yrði það að takast af skattatekjum eftir styrjöldina, og þess vegna mega menn ekki rugla þessu tvennu saman. Þess vegna verður þetta tvennt að hald-

ast í hendur, en hitt getur verið álitamál, hversu langt eigi að ganga í hvoru fyrir sig og hversu langt í hvoru tveggja.

Það er enn fremur ljóst, að því lengra, sem gengið er í að leggja skatta á, því skemmra verður að ganga í skyldusparnaðinum. Þetta verður því einnig að því leyti að athugast í nánú sambandi hvort við annað.

Mér finnst eiginlega megingallinn á því, hvernig þetta mál liggur fyrir nú, að þessi till. skuli vera borin fram í Ed., en ekki Sp. Mér finnst ekkert óviðeigandi, að einhverjir hv. þm., sem kynnu að hafa áhuga á þessu máli, vildu hafa forgöngu um slíkt, sem mér skilst, að þyrfti engan veginn að reka sig á, þó að þessi till. hafi verið flutt í Ed. Enn fremur þætti mér fróðlegt að heyra skoðanir hæstv. ráðh. úr öðrum flokkum um málið, því að það hefur ekki verið rætt svo til hlítar í stj., að afstaða ráðh. sé augljós.

Ég vil því samkv. því, sem ég nú hef sagt, mæla með því, að þessi till. verði samþ.

\*Magnús Jónsson: Það er ekki vonum fyrr, að fram kemur till. í þessa átt, því að skyldusparnaður, ef framkvæmdur yrði, mundi í raun og veru ná meginatriðunum af því, sem nú liggur fyrir, eins og fjármálum nú horfir við. Skyldusparnaður, sem væri framkvæmdur þannig, að menn legðu fram hvort sem væri vissan hluta af tekjum sínum eða vissan hluta af tekjuauka sínum, eins og hæstv. viðskmrh. nefndi, mundi ná því tvennu, sem mest þagar, taka úr umferð mikið af því fé, sem eykur verðþensluna, og tryggja okkur handbært fé, þegar undan hallar síðar. En það er bara þessi sami gamli vandi og þegar mýsnaar ætluðu að fara að hengja bjöllu á köttinn. Það var þjóðráð að láta köttinn vera með bjöllu, en erfíðleikarnir voru bara að framkvæma það. Það kom mjög skýrt fram í ræðu hæstv. viðskmrh., að þessi leið er laukrétt í sjálfu sér, en það eru bara feikna örðugleikar við að framkvæma hana. Mér finnst því í raun og veru mjög litill munur á því, hvort þessi till. kemur fram í Ed. eða Sp., vegna þess að það er í raun og veru ómögulegt fyrir hv. þm. að mynda sér skoðanir á þessu máli, fyrr en þeir sjá einhverjar ákveðnar till. Hitt verður eins og að samþ. að hengja bjöllu á köttinn. Það er augljóst, að þetta er hentugt. Hitt er bara spurningin, hvort hægt er að finna leið, sem er réttlátleg og vekur ekki andúð allra eða fjölmargra, svo að hún verði ekki framkvæmanleg þess vegna. Ég vil benda á í þessu sambandi eitt atriði, sem er ákaflega erfitt úrlausnar, en það er, hvernig hægt er að tryggja þeim, sem leggja þetta fé fram, að það verði einhvers virði, þegar til þess á að taka á sínum tíma. Tekur ríkið ekki með þessu ábyrgð á sig, að þetta fé verði vel varðveitt og í sínu gildi, þegar á að borga það út kannske eftir 5 eða 10 ár, eða hver veit eftir hvað langan tíma?

Ég stóð upp aðallega af því, að mér finnst þetta ekki vera nema einn liður af mörgum, sem nú þarf að hefjast handa um, en það er alhliða rannsókn á því, hvernig eigi að bregðast við, þegar aftur fer að halla undan í landinu. Það er áreiðanlegt, að það eru skipaðar n. fagmanna



til þeirra hluta, sem eru minna virði en þessir. Við skulum segja, að það komi kannske ekki mikið út úr því, en mér finnst mikill munur, ef farið er nógu snemma að starfa að þessu heldur en að halda að sér höndum og láta svo allt lenda í eintómu fálmi, þegar skriðan fer af stað. Og þá kemur ekki eingöngu skyldusparnaður til greina, heldur og ýmiss konar ráðstafanir um, hvað mönnum verði úr þessu fé og hvað er hægt að vísa mönnum á, þegar alveg hverfa svo og svo stórar atvinnugreinar, og hvaða úrræði eru þá fyrir allt það fólk, sem missir þessa atvinnu, hvort menn geta þá komið sér fyrir í sveit, í verstöðvum eða annars staðar, þar sem möguleikar eru, til afkomu, þegar menn gripa ekki peninga upp úr grjótinu hvar sem er. Það væri því eðlilegt, að þetta mál væri rannsakað á enn viðari grundvelli en það, sem skyldusparnaðurinn nær.

Ég hjó eftir því, þegar hæstv. viðskmrh. sagði, að skyldusparnaður væri eins konar ríkislán. Ég held, að það þurfi ekki að vera. Ég álit, að það megi ekki heldur koma fyrir, að ríkissjóður noti þetta fé, enda virtist mér það ekki heldur vera meiningin hjá hv. flm., heldur að það væri geymt á lokuðum reikningum. Það mundi hvíla ábyrgð á ríkinu á þessu fé, og þess vegna mætti það ekki koma fyrir, að það rynnji inn í ríkisféhirlzluna, því að þá gæti það orðið eins mikill baggi og þægindi. Nei, ég hef skilið það svo, að menn væru skyldaðir til að leggja svo og svo mikið af tekjum sínum á sparissjóð, og þar ætti það að liggja vaxtalaust, því að bankarnir gætu ekki ávaxtað það, þar sem þetta yrðu lokaðir reikningar.

Ég er sem sagt alveg með þessari till., og ég sé það ekki mikið gera til, þó að hún hafi komið fram í d., en ekki í Sp. Hæstv. stj. tekur málið sjálf sagt eins til athugunar fyrir því. En þó að ég hafi ekki flutt till. nú, þá er það af því, að ég hef litið svo á, að þingið gæti hætt á hvaða degi sem væri. En ég álit, að stj. ætti að athuga þetta eða þm. ættu á næsta þingi að koma með till. um að skipa n. — það mætti vera stór n., sem væri vel skipuð fagmönnum, — til þess að athuga þetta allt saman. Ég hef lesið um það í blöðum, að aðrar þjóðir leggi mikið kapp á að rannsaka, hvað gera skuli, þegar þessum ósköpum linnir. Styrjaldarþjóðirnar eiga þar enn þá stærra verkefni en við, því að þær verða að koma öllu upp, sem hefur verið þar lagt í rústir, en einnig hjá okkur eru fjölmörg verkefni, sem bráð nauðsyn er á að rannsaka og leysa sem fyrst.

\*Flm. (Bjarni Snæbjörnsson): Það eru fáein orð. Ég þakka þær góðu undirtektir, sem þessi till. hefur fengið. Ég vil fyrst geta þess, að ég þar þessa till. fram frekar í Ed. en Sp. eingöngu af því, að ég bjóst við, að með því fengi hún frekar afgreiðslu, því að ég gerði ráð fyrir, að eftir að stj. væri komin á laggirnar, yrði þinghaldið stutt. Ég taldi einnig, að ef fullkominn vilji væri fyrir till. í Ed. hjá þm. allra flokka, þá væri það næg áskorun til hæstv. ríkisstj. um að hefjast handa í þessu máli.

Út frá því, sem hæstv. viðskmrh. minntist á, Alpt. 1941. D. (58. löggjafarþing).

að um þetta hefði verið rætt í Framsfl. og hann hefði beitt sér talsvert fyrir þessu máli, þá hef ég ekki haft aðstöðu til að kynna mér það neitt, en er að sjálf sögðu þakklátur hverjum þeim manni, sem vill beita sér fyrir því, en það hefur ekki enn komið neitt fram opinberlega, sem bent hefur til, að neinn flokkur eða einstakir þm. hefðu hugsað mikið um þetta mál, og ég álit það ekki einungis gott að breyfa þessu máli nú með það fyrir augum, að hæstv. stj. athugi það og undirbúi löggjöf fyrir næsta þing, heldur jafnframt til að undirbúa þjóðina undir, að þetta verði framkvæmt, því að ég er þess fullviss, að þótt málið hafi eitthvað verið rætt í Framsfl., þá muni fáir hafa hugsað það svo rækilega sem skyldi, og ég ætlast til þess, að um leið og till. koma fram, verði rætt um þessa leið í blöðum og á mannfundum meira en gert hefur verið hingað til, því að það er áreiðanlega rétt, sem ég sagði í framsöguræðu minni, að það má gera þetta mál óvinsælt, en ég er þess líka fullviss, að ef menn ihuga það vel, þá komist þeir að raun um, að þetta er nauðsynjamál og verður að vera vinsælt.

Ég vil líka taka fram, að það er misskilningur hjá hæstv. viðskmrh., ef hann heldur, að það sé min skoðun, að sleppa eigi öllum sköttum, ef skyldusparnaður verður framkvæmdur. Það kom hvergi fram, og ég ætlaðist auðvitað ekki til þess, heldur sagði ég eins og ég meinti, að það mundi vera hægara að ná meiri peningum úr umferð á þennan hátt en með skattal. einum saman. Auðvitað yrði hægt að koma öllum þessum peningum í lóg, hvað mikið sem ríkissjóður fengi, en slíkur sjóður sem þessi má alls ekki verða eyðslueyrir, eins og líka er minnt á í grg., að ríkið megi ekki nota hann til neins nema að borga erlendar skuldir. Því ætti ríkissjóði að vera hægur vandi, er hann vildi og álit, að hann þyrfti ekki á þessu fé að halda, að greiða mönnum þetta fé aftur smátt og smátt, eða hvernig sem hann vill haga því, þar sem peningarnir liggja á biðreikningum.

Ég veit það og gat þess líka í framsöguræðu minni, að erfiðleikar væru á að koma þessu máli réttlátlega í framkvæmd, en ég ætlast einmitt til þess, að hæstv. stj. reyni að koma sér saman um heppilegustu leiðina. Stj., sem skipuð er mönnum úr þremur stærstu þingflokkunum, mundi auðvitað ræða málið innan miðstjórna flokkanna og reyna þannig að fá samkomulag allra um það. Ég hygg, að slíkt mál ætti að koma fram frá stj. eða mönnum úr þessum þremur stærstu flokkum, en ekki að einn flokkur fari að reyna að leysa málið, því að það verður til þess að málið dagar uppi, þó að það sé gott í sjálfu sér.

\*Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég tel rétt að láta þetta mál ekki ljúkast án þess, að ég lýsi ánægju minni yfir, að það skuli vera komið fram. Það hefur átt erfitt uppdráttar innan stj. og þess vegna gott að fá stuðning Alp. í því. Ég fagna sérstaklega yfir því, að þessar till. koma fram frá einum þm. Sjálfstfl. hér í d. Það orkar ekki tvímælis, að Framsfl. stendur óskiptur að málinu. Það er enginn ágreiningur um,

að þetta mál sé mikilsvert. Og það er gott, ef flokkarnir geta sameinast um að leysa þetta mál. Ég ætla ekki í þessum umr. að rekja nauðsyn þess að koma hér á skyldusparnaði. Hún liggur næstum í augum uppi. En rétt er að taka það fram, eins og líka hefur komið fram í umr., að vitanlega er þetta aðeins einn þáttur í dýrtíðar-ráðstöfununum, sem gera þarf. Kom þetta greinilegast fram, þegar einn hv. þm. minntist á það, að ríkið tæki á sig ekki litlar skyldur í sambandi við skyldusparnað, þær skyldur, að peningarnir, sem teknir væru af þegnumum í dag, yrðu ekki litils eða einskis virði eftir 5—6 ár. En einmitt þetta sýnir, að þessi ráðstöfun ein út af fyrir sig er ekki nægileg. Og það er varla siðferðislega rétt að gera slíkt, nema hægt sé að bjóða þegnumum þann rétt, sem ríkinu er skylt að bjóða þeim, ef þessir peningar væru teknir af þeim, og skal ég ekki fara frekar inn á þetta atriði.

Ég sé ekkert á móti því, eins og raunar kemur fram hér í till., að ríkið hafi ráð yfir þessum peningum og geti jafnvel, eins og tekið er hér fram, lánað þá á þeim þrengingartímum, sem í hönd fara. En mest hefur þó verið rætt um þetta mál í sambandi við það, hvornig við getum losað okkur við skuldir við það land, sem við skuldum mest og hefur valdið okkur áhyggjum. Það hefur verið rætt um það, hvornig við getum leyst inn þessar skuldir. Og það er víst, að við Íslendingar eigum nú riflega fjárfúlgum upp í þessar skuldir, sem nú er sparifé annarrar þjóðar, en nú þykir ef til vill ekki betra hjá þessum þjóðum að eiga sparifé sitt annars staðar en einmitt í þessum bréfum. Og þegar rætt er um það, hvort ríkið megi hafa þessa fjármuni undir höndum og leggja inn í sinn sjóð, vildi ég einmitt setja þetta fram, vegna þess að það er áreiðanlega ekki lítið atriði að setja einmitt þetta mál í samband við sparnað, því að sparnaður innanlands er sjálfstæðismál að því er snertir okkar fjárhag og afkomu. Og þetta ætti að geta orðið þjóðinni hvatning að nota sitt sparifé til þess að leysa okkur af skuldaklafanum. Og vissulega ætti Íslendingum ekki að vera vorkunn frekar en þegnum erlendra þjóða að eiga sparifé sitt í íslenskum ríkisskuldabréfum. Við verðum að læra að haga fjármálum okkar á þá lund, að sú tiltrú sé vakandi hjá þegnumum, að ekki sé annars staðar betra að eiga sína fjármuni en í skuldabréfum hjá íslenska ríkinu. Og það er alveg rétt, sem einn hv. þm. tók fram, að þessi tiltrú verður ekki vakin nema með því móti, að íslenska ríkið sjái fótum sínum forráð, að þegnarnir hafi ekki ástæðu til að atla, að svo óvarlega sé stýrt, að peningar, sem teknir eru í dag, verði litils virði eftir 5—6 ár.

\*Jóhann Jósefsson: Ég vildi aðeins segja nokkur orð í sambandi við þær umr., sem fram hafa farið, sérstaklega orð hæstv. forsrh., og benda á það, að frá mínum bæjardyrum séð, þá er það frekar svo í dag, að það stendur á ríkinu að bjóða íbúum landsins að leggja í þennan sjóð eða leggja fé fram til þess að borga upp eða grynna verulega á þeim útlendu skuldum, sem

ríkið hefur. Það stendur frekar á ríkinu í þessu sambandi heldur en gjaldþegnumum. Ég segi nú að vísu, að þetta er að minni hyggju, og byggji ég þetta á því, að þau lán, sem boðin hafa verið út af ríkinu, þau munu hafa verið mjög eftirsótt, einmitt á þessum tímum.

Ég er sammála þeirri grundvallarhugmynd, sem fram kemur í þessari till. Ég segi þeirri grundvallarhugmynd, en eins og öðrum dylst mér það ekki, að það kunní að verða ýmsir erfiðleikar á svokölluðum skyldusparnaði. Og ég tel það mjög rétt, sem fram hefur komið, að það mundi verða höfuðatriðið í því máli, að þeim, sem þannig ættu að leggja fram fé sitt, yrði tryggt það, að þessir peningar hefðu ekki misst gildi sitt að ráði, þegar þeim væri aftur skilað til eigenda þeirra. M. ö. o., að menn geti verið öruggir um að eiga raunverulegan sjóð, en ekki bara tölur. En eins og ég hef tekið fram, þá held ég, að ekki þyrfti um mikinn skyldusparnað að ræða, ef ríkið gæti komið svo ár sinni fyrir borið, að það gæti gert mönnum greiðan aðgang að því að lána ríkinu fé til þess að grynna á ríkisskuldunum erlendis, sem mér virtist hæstv. forsrh. telja mikla nauðsyn og allir eru sammála um, að sé höfuðnauðsyn fyrir okkur. Og ég hygg, að ég sé þar samdóma fjölda mörgum landsmönnum, þegar ég segi, að það væri einmitt mjög æskilegt, ef þetta gæti komið í það horf, að það væri ríkið, sem gæfi mönnum kost á að koma sínum peningum þannig fyrir, og eins og ég sagði áðan, er ekki víst, að það þyrfti að tala um skyldu eða þvingun í því efni. En ég segi hins vegar, að jafnvel þó svo fari, að það þyrfti að einhverju leyti að halda mönnum að þessu á annan hátt en með venjulegum útbodum, þá væri sú leið út af fyrir sig í mínum augum ekki aldeilis fráleit, ef aðrar leiðir bæru ekki þann árangur sem skyldi, sem sé þann að auka mjög á sparnað í landinu og fá menn til að leggja fé til hliðar til verri tíma. En mér fannst sem sagt, að það tilefni, sem hæstv. forsrh. gaf með sínum orðum, hafi gefið mér ástæðu til þess að segja það, sem ég hef sagt.

Ég hef litils háttar verið að spyrja einstaka hæstv. ráðh., hvort það væri ekki leið til þess að ríkið tæki á móti fé landsmanna einmitt núna, til þess að losa sig við sem mest af sínum erlendu skuldbindingum, og hafa svör þau, sem ég hef fengið, ekki beinlínis verið á þá leið, að þetta lægi opið fyrir. En ég vil vona, að einmitt þetta atriði komi til greina, þegar ríkisstj. tekur þessa grundvallarhugmynd nánar til athugunar, sem hér er borin fram í þessari þáttill. Því fyrr sem ríkisstj. getur boðið alþýðu manna að leggja fram fé í þessu skyni, jafnvel með lægri vöxtum en annars staðar eru fánlegir, því fyrr, þess betra. Það er nefnilega nauðsynlegt, að það, sem gert er í þessu máli, þeri þennan tvöfalda ávöxt, sem mér virtist hæstv. viðskmrh. telja æskilegan, og við allir teljum æskilegan, sem sé að peningarnir fari það fljótt úr umferð, að það verði ekki til að auka dýrtíðina bara vegna þess, að féð er í umferð, og hins vegar að gera eigendum þess mögulegt að leggja það til hliðar á heppilegan hátt, til þess að geta gripíð til þess, þegar verr árar.

\*Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil aðeins segja örfá orð út af ræðu hv. þm. Vestm.

Ég geri ráð fyrir, að hæstv. fjmrh. sé því kunnugastur í ríkisstj., hvort hægt muni vera að selja meira af ríkisskuldabréfum en gert hefur verið. Hann hefur fylgzt bezt með þeim lánnum, sem þegar hafa verið boðin út. Það má vel vera, að hægt væri að selja meira af ríkisskuldabréfum á innlendum markaði, ef þau væru boðin til kaups. En ég vil bara benda á, að slíkt finnst mér ekki geta komið í staðinn fyrir skyldusparnað, nema að litlu leyti. Við skulum hugsa okkur, að það sé haldið áfram að bjóða út lán, — þá kaupa þeir helzt ríkisskuldabréfin, sem eru hvort sem er í þeim hug að spara og mundu spara jafnt fyrir því, þótt ríkisskuldabréfin væru ekki gefin út. Ég vil ekki bera á móti því, að útbod á ríkislánum geti aukið sparnað eitthvað, en það, sem við er átt með skyldusparnaði, er það að fá þá til að spara, sem ekki mundu gera það að öðrum kosti. Ég er með því, að boðið sé út ríkislán til þess t. d. að standa undir skuldagreiðslum erlendis, en ég vil aðeins benda á, að mér finnst það ekki geta komið í staðinn fyrir skyldusparnað, eins og ég hef þegar tekið fram.

Vardandi það, að tryggja þurfi, að það fé, sem lagt yrði til hliðar, missti ekki mjög gildi frá því það er tekið af mönnum, þangað til því væri skilað aftur, þá vil ég segja það, að það er erfitt að gera sérstakar ráðstafanir til þess, en þetta sýnir bara, eins og hæstv. forsrh. tók fram, þá almennu nauðsyn, sem er á því að reyna að tryggja gengi íslensku krónunnar, eins og mikið hefur verið rætt um og ekki er ástæða til að blanda einstökum atriðum hér inn í þessar umr., en það sýnir, hvað mikil nauðsyn er á því almennt að gera slíkar ráðstafanir, því ef ekkert er gert til þess, þá hverfur sparnaðarhvötin meira og meira hjá þjóðinni. Og ef engar ráðstafanir verða gerðar, þá gæti svo farið, að hv. þm. treystu sér ekki til að framkvæma lögboðinn sparnað, sem þeir annars væru meðmæltir.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 11:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 12:1 atkv. og afgr. sem ályktun efri deildar Alþingis (A. 71).

# Pingsályktunartillaga felld.

## Fisksölusamningurinn við Breta.

Á 5. fundi í Sp., 20. okt., var útbýtt frá Nd.:  
Till. til þál. um fiskisölusamninginn við Breta  
(A. 6).

Á 3. fundi í Nd., 21. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 11., 12., 13., 16., 17. og 18. fundi í Nd., 3., 4., 5., 6. og 7. nóv., var till. tekin til einnar umr.  
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Nd., 10. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

\***Fim.** (Finnur Jónsson): Ég mun ekki gera það að umræðuefni, hvort rétt hafi verið að gera þennan samning, né heldur deila á þá. sem gerðu hann, að einu né öðru leyti, en hins vegar vil ég sýna fram á nokkrar veitur í þessum samningi, sem eru þess eðlis, að ákaflega er hætt við, að afleiðing þeirra verði sú, að útgerðin dragist saman, ef ekki verður úr þeim bætt.

Við samning þann, sem hér liggur fyrir, þurfti að gæta tvöfaldrá hagsmuna útflytjenda. Í fyrsta lagi voru hagsmunir þeirra, sem veiða fiskinn sjálfir og flytja hann til sölu á erlendan markað, svo sem togaraeigendur. Ég tel, að með þeim samningi, sem hér liggur fyrir, sé samilega séð fyrir þessum hagsmunum og þá jafnframt hagsmunum þeirra, sem kaupa fisk af útvegsmönnum hér á landi. Kaupverð fiskjarins innanlands er, eins og kunnugt er, 35 aurar upp og ofan fyrir ýsu, þorsk og sandkóla, en verðið, sem gert er ráð fyrir, að fáiist fyrir þennan fisk á erlendum markaði, er 1.43 kr. Það er þess vegna gert ráð fyrir, að útflytjendur geti haft samilegan hagnað, a. m. k. síðan þau tolla-ákvæði í Englandi voru afnumin, sem sett voru og leit út fyrir, að ætluðu að gera mönnum ómögulegt að sigla með afla til Englands.

Í öðru lagi eru svo hagsmunir þeirra, sem selja fiskinn frítt um borð í skip, og er það öll smáútgerðin og í mörgum tilfellum togarafyrirtæki, sem ekki kæra sig um að sigla með fiskinn. Fyrir hagsmunum þessara aðila er illa séð í þessum samningi. Það er nú kunnugt, að verð á þorski var lækkað úr 40 aurum niður í 35

aura og ýsu úr 50 aurum í 35 aura. Enn fremur er það vitað, að frystihúsin, sem kaupa fisk, og þeir, sem sjóða niður, geta ekki borgað þetta verð fyrir hann, heldur verð, sem er talsvert lægra. Á síðasta hausti og síðustu verðið mun útkoman á smáútgerðinni almennt hafa orðið sámileg hjá þeim, sem gátu losnað við fiskinn jafnóðum um borð í skip. Aftur á móti ef menn gátu lítið losnað við til frystingar. Þá var útkoman mjög misjöfn. En með því að nú er búið að lækka þetta verð, er augljóst, að það er þrengt mjög að smáútgerðinni. Það er ekki gert ráð fyrir því í samningnum, að Bretar flytji allan okkar fisk út ísaðan, heldur getur matvælaráðuneytið krafizt þess, að eitthvað af honum verði þæklað eða saltað. Nú er það vitanlegt, að fiskur, sem ekki er fluttur út ísaður, er ódýrari en hinn, allt að 7 aurum hvert kg. Ef lítið verður flutt út af ísuðum fiski á næstu vertíð, er hætt við, að niðurstaðan verði sú, að verðið lækki mjög verulega og að útgerðin dragist saman af þeim ástæðum. Við það að ýsan var lækkuð úr 50 aurum í 35 aura hefur einnig skapazt sú hætta, að útgerðin verði mjög litil yfir haustmánuðina.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta mikið frekar. Ég hef bent á, að ef ekki verða settar nýjar hömlur, þá er samilega séð fyrir hagsmunum þeirra, sem sigla sjálfir með fiskinn. Hins vegar er, eins og nú er, svo mikill munur á því verði, sem hér er greitt, og verði á erlendum markaði, að Bretar ættu sjálfir að sjá hag sinn í því að hækka þetta verð, til þess að tryggja, að útgerðin dragist ekki saman. Það er þetta atriði, sem ég álit, að koma þurfti til greina við endurskoðun á þessum samningi, sem og hitt, að nauðsyn bæri til að hækka verð fiskjarins, sem tekinn er til isunar í frystihúsin og til söltunar, vegna þess að það er lágmark, sem hægt er að fiska fyrir, sem nú er greitt fyrir ísaðan fisk. Það er kunnugt, að á framkvæmd samningsins voru til að byrja með ákaflega miklir annmarkar. Yfir þessu var kvartað, og varð það til þess, að látinn var frjáls nokkur hluti Norðurlandsins, þar sem voru verstöðvar eins og Dalvík og Ólafsfjörður, sem ekki gátu stundað sjóróðra meðan íslenzku skipunum var hannað að kaupa þar fisk. Einnig voru það tveir staðir á Vestfjörðum, sem urðu út undan, en nú hefur með sankomulagi verið reynt að bæta það

upp, þannig að Bretar taka allmikinn þátt í kostnaðinum við flutning fiskjarins til Ísa-fjarðar.

Ég hef talið rétt að óska eftir, að þessi till. kæmi hér til atkv., þrátt fyrir þær fréttir, sem hafa horizt í blaði hér í bænnum um atkvgr. á lokuðum fundi um þetta mál, vegna þess að í þeirri frétt var ekki skýrt frá afstöðu einstakra hv. þm. til samningsins. Sú frétt, sem um þetta var birt í einu blaði, var á þá leið, að helzt leit út fyrir, að allir hefðu verið þar ánægðir með samninginn og ekki óskað endurskoðunar á honum að einu eða neinu leyti.

#### ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 5:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu  
já: EOl, EmJ, FJ, ÍslH, JörB.  
nei: JPálm, SkG.

BjB, EE, GSv, HG<sup>1</sup>, HelgJ, JakM, JGM, PHann, SEH, SkG, StSt, StgrSt, ÞBr greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁÁ, BJ, BÁ, EystJ, GÐ, GG, HV, JÍv, ÓTh, PO, SvBH) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. felld með 6:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, EmJ, FJ, ÍslH, JörB.

nei: EE, JGM, JPálm, SEH, SK, StSt.

BjB, GSv, HG, HelgJ, JakM, PHann, SkG, StgrSt, ÞBr greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁÁ, BJ, BÁ, EystJ, GÐ, GG, HV, JÍv, ÓTh, PO, SvBH) fjarstaddir.

1) HG: Þar sem kunnugt er, að leitað hefur verið eftir endurbótum á samningnum, tel ég þýðingarlaust að samþ. þessa till. og greiði því ekki atkv.

# Þingsályktunartillögur ekki útræddar.

## 1. Trúnaðarbrot við Alþingi.

Á 7. fundi í Nd., 28. okt., var útbýtt frá Sp.:  
Till. til þál. vegna trúnaðarbrotis við Alþingi  
(A. 12).

Á 9. fundi í Sp., 31. okt., var till. tekin til  
meðferðar, hvornig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 10. fundi í Sp., 3. nóv., var till. tekin til  
cinnar umr.

**Forseti (HG):** Áður en gengið er til umr. um  
það mál, sem hér liggur fyrir, vil ég skýra frá  
bréfaviðskiptum, sem farið hafa fram um málið  
milli forseta Sp. og ritstjóra Morgunblaðsins:

„Reykjavík, 29. okt. 1941.

Í Morgunblaðinu 25. þ. m. er í grein, með  
fyrirsögninni „Brezka stjórnin bauð Íslending-  
um að rifta fiskisölusamningnum. Alþingi einhuga  
um, að hann gildi áfram.“, birt frásögn af því,  
er fram hafi farið á lokuðum fundi í sameinuðu  
Alþingi í síðast liðinni viku, er ræddur hafi  
verið fiskisölusamningurinn við Breta, og kveðst  
blaðið hafa haft sannar spurnir af því, er gerzt  
hafi. Að þessu er og síðar vikið í greinum í  
blaðinu 26. og 28. þ. m.

Með því að Alþingi ályktaði, að mál þetta  
skyldi rætt fyrir luktum dyrum og í því verður  
að teljast fölgin skuldbinding af hálfu þing-  
manna um að segja ekki frá því, er á fundinum  
gerðist, allra sízt til birtingar í opinberu blaði,  
leyfi ég mér að spyrjast fyrir um, hvaðan blað-  
inu hafi komið þær fregnir af fundunum, er  
það hefur birt, og vænti ég svars hið allra  
fyrsta.

Haraldur Guðmundsson,  
forseti sameinaðs þings.

Ritstjórn Morgunblaðsins.“

Þessu bréfi svarar Morgunblaðið á þessa leið:

„MORGUNBLAÐIÐ. Reykjavík, 1. 11. 1941.

Herra Haraldur Guðmundsson,  
forseti sameinaðs þings.

Með bréfi, dags. 29. þ. m., spyrjist þér fyrir  
um, hvaðan Morgunblaðinu hafi borizt fregnir  
af atkvæðagreiðslu um brezk-íslenska viðskipta-  
samninginn, sem fram fór á lokuðum fundi í  
sameinuðu Alþingi á dögnum. Út af þessu skal  
yður tjáð eftirfarandi:

Almenningi var kunnugt, að umræður fóru  
fram á lokuðum fundum Alþingis um ýmis  
utanríkismál, m. a. um brezk-íslenska viðskipta-  
samninginn. Fregnir höfðu einnig borizt um  
það, að Bretar hefðu lagt það einhliða á vald  
okkar Íslendinga að losna við samninginn. Þetta  
var á vitorði margra utan þings, og vitað var,  
að Alþingi átti að ákveða, hvort halda skyldi  
samningnum eða segja honum upp. Af þessu  
leiðir, að þess var beðið með mikilli eftirvænt-  
ingu, hvaða ákvörðun Alþingi tæki.

Úrslit atkvæðagreiðslunnar á Alþingi varð því  
brátt heyrum kunn, enda hárust blaðinu fregnir  
af henni frá ýmsum mönnum utan þings.

Valtýr Stefánsson.“

\*Flm. (Sveinbjörn Högnason): Það mun hafa  
verið þann 24. f. m., sem brezk-íslenski fisk-  
sölusamningurinn var til umr. á lokuðum fundi  
í sameinuðu þingi. Að því er ég man bezt, var  
fundurinn lokaður fyrst og fremst eftir ósk  
hæstv. stj., og þá auðvitað sérstaklega þess  
ráðh., sem þessi mál heyra undir. Daginn eftir  
birtist síðan í Morgunblaðinu frásögn frá gangi  
þessa máls hér á þingi, og stendur hún í blað-  
inu þann 25. f. m. M. ö. o., strax og fundi er  
lokið, þá er þessi fregn borin í Morgunblaðið,  
því að eins og ég sagði, þá kemur það með  
fregningna daginn eftir að fundurinn var haldinn.

Þar segir svo um þetta mál, með leyfi hæstv.  
forseta:

„Síðan hafa þessi mál verið rædd á lokuðum  
fundum í sameinuðu Alþingi.“ M. ö. o., blaðinu  
er fullkunnugt um, að þetta er lokaður fundur.  
„Eftir miklar umr. á þessum fundum Alþ. og  
allar upplýsingar komið þar fram varðandi þessi  
mikilvægu mál, var samþ., með atkv. allra við-  
staddir þm. í öllum flokkum, að fráteknum  
kommúnistum, að taka ekki tilboði brezku  
stjórnarinnar um riftun samningsins. Kommún-  
istar greiddu ekki atkv., en munu þó efnislega  
ekki hafa verið þess fýsandi, að samningnum  
yrði riftað. Nær allir þm. voru viðstaddir, er at-  
kvgr. fór fram.“

Hér er þess að geta, að jafnhliða því, að blaðið  
er þess vitandi, að það er að skýra frá því, sem  
gerzt hefur á lokuðum fundi, er frásögnin alls  
ekki tæmandi og á allar hliðar að ýmsu leyti  
hlutdræg. Öllum þeim þm., sem telja sig bundna  
gagnvart samþykktum Alþ. að segja ekki frá  
því, sem gerist á lokuðum fundum þar, er eng-  
inn kostur að skýra frá þessu máli, meðan

þingið hefur ekki leyst þá frá þagnarskyldunni eða komið fram ábyrgð á hendur þeim, sem gerzt hafa brotlegir í þessu efni.

28. okt. kemur grein í sama blaði, þar sem reynt er að verja það, sem gert hafði verið, er fyrri greinin var skrifuð. Greinin heitir: „Krafa þjóðarinnar að fá að vita sannleikann.“ Þar er haldið fram ýmsum atriðum varðandi þetta mál, og vægast sagt er sú grein mjög ruddalega skrifuð og horið ýmislegt á þá menn, sem viltu þetta, sem þeir geta ekki horið á móti, meðan þeir telja sig bundna af því drengskaparheiti, sem þeir hafa gefið um að þegja um það, sem gerist á lokuðum fundum. Ég get ekki hjá því komizt að lesa upp nokkur atriði úr þessari grg. blaðsins, vegna þess að það sýnir nokkuð þá afstöðu, sem það tekur, og finnur alls ekki til sektarkenndar, heldur vill halda því fram, að þjóðin eigi kröfu á að fá að vita sannleikann, og er þá vitanlega hægt að halda því fram um hvaða lokaðan fund sem er og hvaða leyndardóm sem er. En ef það er krafa þjóðarinnar að fá að vita það, sem gerzt hefur í þessu máli, þá er það ekki síður krafa hennar að fá að vita, hver eða hverjir hafa gerzt sekr um trúnaðarbrot við Alþ., og það á þessum tímum og í jafnmikilvægu og viðkvæmu máli og við vitum, að þetta er. Ég vil segja það, að öll meðferð þeirra, sem hafa staðið að þessum samningum við Breta, er þannig, að það er eins og verið sé að reyna að gera allt, sem hægt er, til þess að eigna sem flesta menn í þjóðfélaginu upp á móti þessum samningum. Það er eins og þeim, sem hafa haft þetta mál með höndum, og ekkert síður þeim, sem hafa viljað verja samninginn, hafi tekizt svo óhönduglega til í þeirri vörn, að því meir, sem þeir hafa viljað verja samninginn, því fleiri tugir og hundruð manna hafi risið upp á móti honum fyrir þessa málsvörn. Ég álit, að samningurinn sé að ýmsu leyti hagstæður og óumflýjanlegt hafi verið að gera hann á sínum tíma, en þegar svo langt er gengið í þessari vörn, að segja má, að einskis sé svifizt, þá getur það ekki leitt til annars en að jafnvel þeir, sem hafa verið honum fylgjandi, fari að fá óbeit á þessu framferði, og ég er einn í þeirra tölu, og af þessu hlýtur að leiða það, áður en langt liður, að annaðhvort verður að nema hann úr gildi eða það verður að fela framkvæmd hans öðrum manni, því að ef þessu fer fram, hlýtur svo að fara, að öll þjóðin verði á móti samningnum. Það er eins og verið hafi skipulagsbundinn áróður af hendi þeirra manna, sem eiga að hafa framkvæmd samningsins með höndum, að fá sem flesta menn á móti honum.

Í þessari grein Morgunblaðsins segir m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er ekki að furða að rögberana sviði undan snoppungum, þegar Alþ. svo að segja einum rómi, Finnur Jónsson líka, hafnar því boði að ganga frá samningnum.“ (Það er ekki verið að velja fögur orð, og það í skjóli þagnarskyldunnar.) „Hitt er þó veigameira atriði, að almenningur átti kröfu til að verða ekki leyndur því, sem gerzt hafði. Ríkisstj. hafði ekki leyfi til þess að dylja það.“

Hver á að ákveða, hvað er leyfilegt að birta

um lokaða fundi? Er það Morgunblaðið, eða er það Alþ.? Þetta verða hv. þm. að gera sér ljóst. Á það að vera á valdi hvaða blaðs sem er að ákveða, hvað birt skuli af því, sem sameinað Alþ. hefur samþ., að halda skuli leyndu? Ef svo er, hvað á þá að þýða sá skollaleikur að halda fundi fyrir lokuðum dyrum. Ég sé ekki, að þá sé til neins að taka til meðferðar á Alþ. nokkurt það málefni, sem má ekki fara samstundis út um hvippinn og hvappinn.

Svo segir blaðið loks í grein 29. okt., sem heitir „Skjól leyndarinnar“: „Mál það, sem um ræðir. samningagerðin við Breta, snerti fjölmarga menn og hafði af óhlutvöndum mönnum verið notað sem árásarefni á einstaka forustumenn þjóðarinnar. . . . . Þessir menn kusu að leyna fólkíð því, sem gerzt hafði. Morgunblaðið kaus það gagnstæða, og það hefði kosið að greina nánar frá þessum málum.“ M. ö. o., röksemdin, sem fyrir þessu er færð, að það hefði verið nauðsynlegt að birta þetta, þó að það hefði gerzt á lokuðum fundi í Alþ., var sú, að það hefði snert marga menn og Morgunblaðið hefði kosið að gera það. Ég vil nú spyrja: Er nokkurt það mál til, sem Alþ. ræðir á lokuðum fundi, sem snertir ekki marga menn, sem snertir ekki alla þjóðina? En ef það á að vera á valdi einhvers blaðs, hvað það gerir í þessu efni, þá er nauðsynlegt, að þetta blað viti, í hvert sinn sem lokaður þingfundur er haldinn. hvaða mál þar eru til umr. og hvernig með þau er farið, og svo sé á valdi þess að skýra frá því og þá á þann hátt, sem því bezt líkar. Með þessu er þá rofin gersamlega sú leynd, sem á að ríkja um þá fundi, sem ákveðið er, að skuli vera lokaðir. Blaðið jatar með þessu, að það hafi ekki einu sinni fregnir af þessum lokaða fundi, heldur yfirleitt af hverjum lokuðum fundi, sem haldinn er, hvort sem það birtir þar fregnir eða ekki.

Ég vil nú spyrja: Til hvers er að halda lokaða fundi, ef það á að verða til þess, að þeir, sem óvandaðir eru í hópi þm., eigi að fá að sverta samþm. sína í skjóli drengskapartilfinningar þeirra? Ef þetta á að ganga þannig, þá er tilvalið fyrir þá, sem telja sér heimilt að brjóta þetta þagnarheit, að beita þessu vopni gagnvart þeim þm., sem vilja halda með drengskap það loford, sem þeir hafa gefið um að segja ekki frá því, sem á þessum fundum gerist. En ef svo er, þá veit ég ekki, hvaða þm. vill láta beita sig sliku vopni eða sitja fundi með þeim, sem þannig haga sér. Það hefði eitthvað verið sagt, ef eitthvert annað blað, t. d. Nýtt dagblað, blað kommúnista, hefði hagam sér þannig. Hvaða Ramakvein halda menn, að hefði þá komið upp hér á Alþ.? Þá hefði verið heimitað breint og beint, að þm. þess flokks yrði bannað að koma á lokaða fundi á Alþ. framvegis. En þó er það miklu alvarlegra, þegar eitt stærsta blað þessa lands, blað stærsta stjórnmálaflokksins, hagar sér þannig en þó að það hefði verið blað minnsta flokks þingsins. Auk þess vil ég benda á, að þetta er því alvarlegra sem þetta er það blað, sem ákafast styður þann ráðh., sem þetta mál heyrir undir og vildi hafa fundinn lokaðan, og er mjög handgengið honum í flest-

um málefnum, ekki sízt í sambandi við samninga þá, sem komið hafa fram frá hans hendi.

Að lokum vil ég segja þetta: Ef Alþ. gerir ekkert til þess að verjast þeirri atlögu, sem gerð hefur verið að því með þessu framferði, þá má segja, að svipað sé orðið ástatt fyrir því og einum góðum borgara, sem blöðin sögðu frá um daginn. Útidyraburð hans var stolið, og ekki tókst að handsama þjófinn. Þessi góði borgari hefur því orðið að sofa fyrir opnum dyrum. Eins virðist mér nú vera farið með Alþ., ef ekkert er gert í þessu máli. Þá er húið að svipta hurðinni frá öllu öryggi þess. Má vera, að sjáist til hins seka, en það er eftir að handsama hann. og þess er áreiðanlega þörf, ekki síður en þarf að handsama þá, sem tóku hurð um nótt frá dyrum óbreytts borgara hér í þænum. Þingið verður því að fela stj. að láta dómstólana rannsaka þetta mál og komast eftir því sanna.

Mér hefur verið bent á, að kannske hefði verið eins eðlilegt að fela forsetum þingsins þetta mál. Hæstv. forseti Sp. hefur skrifazt á við blaðið, eins og hann hefur skýrt þingheimi frá. og hefur það ekki leitt til neins. Forsetar hafa heldur ekkert framkvæmdavald, en stj. hefur vald til að framkvæma þingviljann. Ég álit því. að þáttill. sé rétt stíluð og framkvæmdavaldið eigi að fá þetta mál og að það láti hraða því sem mest, svo að hægt sé, ef þjóðarnauðsyn krefur, að ræða vandamál þjóðarinnar án þess að það fari út til allra samstundis.

\*Atvmrh. (Ólafur Thors): Alþ. hefur nú setið þrjár vikur, og stundum hefur mætt meira á þm. við störf en að þessu sinni. Að sönnu er það svo, að margir þeirra þm., sem hafa tilhneiging til að hugsa um vandamálin, sem á þjóðina stríða, hafa haft nógu að sinna og nógu við að glíma. En þar hefur ekki komið til kasta sumra hv. þm. Sýnist svo sem þeim þyki þá betra illt að gera en ekki neitt, er till. sem þessi er horin fram, nema henni sé ætlað að vera meiningarlaust grín.

Það þótti einstakur viðburður og ekki góðs viti, þegar þeir gerðust vinir, Hitler og Stalin. Jafnundarlegt mun það hafa þótt á Rangárvöllum eða t. d. í Keflavík, þegar fréttist, að hv. 1. þm. Rang. styðti sömu ríkisstj. og ég, og það gat ekki farið vel til loka, hlaut að enda skyndilega, — því fyrr, því betra fyrir hann og hans baráttuhug, — ég vil nú orða það þannig. Mér fyndist það mjög illa gert af mér og ekki í samræmi við eðli málsins, ef ég færi að taka honum þetta illa upp, þótt hann sé að reyna að stinga mig einhverjum tituprjónsstungum; — þær eru mér ósköp meinlausar, en ég veit, hversu mjög hefur reynt á hann, meðan flokkur hans studdi stjórnina, að vera neyddur til að stilla sitt ríka geð og ríkar hvatir. Ég vil þvert á móti þakka honum fyrir það hóf og þá mildi, sem fram kemur í orðalagi till. hans og ræðu. Það er beinlínis ólíkt honum, siðþrýði, sem fylgir kannske hans nýja embætti að vera ritstjóri kirkjumála og kristindóms í Tímanum.

Hv. þm. virðist harma það eitt í málinu, að í einu dagblaðanna hafi verið skýrt frá niðurstöðu Alþ. á lokaða fundinum um það, að eigi bæri

að segja upp samningnum. Hann kveðst samþykkur því, sem Alþ. gerði, en það mátti bara ekki gera uppskált, að hann o. fl. þm. væru samþykkir því. Til hvers var verið að ræða þetta á lokuðum fundi, ef síðan mátti segja frá því í blöðum? spyr hann. Það getur oft verið nauðsynlegt, að umr. séu öllum lokaðar, þótt niðurstaða þeirra megi verða öllum opin. Þessar leiðinlegu umr. voru lokaðar til þess, að hv. alþm. gætu talað eins og þeir vildu, í þeim tilgangi var fundarins óskað af ríkisstj. og þ. á m. mér. Launungin þurfti fyrst og fremst að liggja á, þangað til niðurstaða væri fengin á Alþ. Niðurstaðan fékkst, samþ. að kalla einróma. Var hún þess eðlis, að hættulegt væri, að hún yrði birt? — Áður en þm. gengu til atkv., las ég upp það svar, sem ríkisstj. mundi senda fulltrúa sínum í London til að svara Bretum, ef Alþ. tæki þá ákvörðun að rifta samningnum ekki. Þetta svar kveður skýrt og skorinort á um það, að Íslendingar ætli ekki að rifta samningnum. Ef þm. telur það ekki líka goðgá að birta nú þetta svar, löngu eftir að það er komið leiðar sinnar, ætla ég, með leyfi hæstv. forseta, að lesa það upp. Það var á þessa leið:

Á Íslandi er öllum kunnugt, að brezki fisk-sölusamningurinn er gerður með samþykki og á ábyrgð allrar ríkisstjórnarinnar. Það liggur þess vegna í hlutarins eðli, að ríkisstjórnin hefur reynt að vinna gegn allri óánægju með samninginn og mun gera það áfram. Hins vegar hefur íslenska ríkisstjórnin alls ekkert vald til þess að hindra gagnrýni á einstökum atriðum samningsins beinlínis, vegna þess að hér gilda svipaðar reglur í þeim efnum sem í Bretlandi. Ríkisstjórnin hefur hvorki né mun óska riftingar samningsins. Öðru leyti tilvísast dag-skeytis viðskiptanefndar.

Þetta svar vissu alþm., að ríkisstj. mundi gefa brezku stjórninni, ef Alþ. ákvæði að rifta ekki samningnum. Skeytið var sent. Engin tilmæli fylgdu, að þessu yrði leynt í Bretaveldi, og ekki ástæða til. Það var kunnugt í Bretaveldi, að þegar svarið var gefið, sat Alþ. að störfum, það var m. ö. o. yfirlýsing stjórnar, sem hafði tekið móti valdhoði þingsins í málinu. Það, sem skeð hefur, er, að Íslendingar hafa fengið að vita það, sem Alþ. lætur ríkisstj. gera öllum kunnugt í Bretaveldi. Var nú sú uppljóstrun til ills eða góðs? Ég held til góðs. Ég trúi því, að íslenska þjóðin sætti sig betur við málið, ef hún veit, að Alþ. hefur gert þá ályktun næstum í einu hljóði að óska ekki eftir að fella samninginn úr gildi. Það mun að visu brátt viðurkennt af öllum, hve hagstæður hann er okkur í mörgum greinum, ekki sízt þegar við fáum afurðirnar greiddar í dollurum, eins og nú eru horfur á. En því fyrr sem menn sjá það, því betra. Ég held því, að það hafi ekki aðeins verið leyfilegt, heldur nauðsynlegt, að þetta álit Alþ. kæmi fram.

Hitt er annað mál, á hvern hátt það kom fram. Ég veit, að þm. skilur, að það fer ekki mjög leynt, sem húið er að ræða — og útræða — af 49 þm. og ýmsum öðrum. Allir ritstjórnar dagblaðanna vissu þetta vafalaust, enda þar bréfið frá ritstjóra Morgunblaðsins það með sér, að þeim hafði verið það kunnugt, áður en þeir



hirtu það. Þeir þurftu ekki að leita til mín eða neinna annarra þm. um upplýsingar. Hvenær fregnin hafi borizt þessu blaði eða öðrum blöðum, get ég ekkert um sagt. Ég veit, að hv. þm. leyfir sér ekki að segja að það hafi verið mál-efninu til hölvunar, að þetta var birt þjóðinni. Það má kalla það yfirsjón ríkisstj. að sjá ekki um, að isl. þjóðin fengi fulla og nákvæma vitneskju um afstöðu Alþ. í málinu, eftir að brezku stjórninni hafði verið gerð hún kunn. Úr því hefur verið bætt af hendi þessa blaðs. — Að tala um þetta eins og eitthvert stórslys og að Alþ. sé varla starfhæft af þessum ástæðum, það er auðvitað aðeins gott gaman. Ég vil, meðan ég á sæti í ríkisstj., sem verður kannske ekki lengi, og eftir að ég fer úr ríkisstj., mega vænta þess, að þm. hugsi ekki eins og þessi hv. þm. talaði. Ég vil ekki segja, að orð hans sýni hugsanir hans eða innri mann. Mér virðast þau ummæli hans dæmafa, sem betur fer, að hann hafi að visu verið með þessum samningi frá öndverðu, en ef haldið sé áfram að skýra frá réttum gangi þessara mála, verði hann að lýsa sig mótsnúinn samningnum. Ég vona, að hann láti aldrei spana sig til þess að styðja og snúast síðan móti svo stórkostlegu hagsmunamáli landsins. Getur það komið fyrir nokkurn þm.? Slíkt ábyrgðarleysi má ekki heyrast á Alþ. Mér dettur ekki í hug, að þetta hafi verið mælt að yfirlögðu ráði, en hann á að hugsa mál sitt betur en svo, að slíkar umsagnir falli á Alþ.

Ég skal ekki fara að ræða um það nú, hver ástæða sé til þess að gagnrýna samninginn. Það yrði þá rökræða um, hvort rétt hafi verið hún einróma samþykkt Alþ. fyrir skemmstu. Ég tek þá afgreiðslu gilda sem sönnun þess, að samningurinn sé okkur mikilsverður og ekki rétt að rifta honum. Ég gæti auk þess lagt á borðið þau gögn, sem ég hef fyrir því, að samningnum bar eigi að rifta, en mér nægir alveg að vitna þar til vilja Alþ.

Það, að mér sé að því sérstakur styrkur, að afgreiðsla Alþ. á málinu varð lýðum ljós, gæti vel verið rétt hjá hv. þm. Mér hefur verið kennt um samninginn sérstaklega, og nú telur Alþ. óráðlegt að afsala sér þeim fríðindum, sem hann veitir. Ég vil gjarnan, að það verði opinbert. En hefði ég lagt á það sérstaka áherzlu, gat eg óskað þess, að afgreiðsla málsins yrði opinber eða endurtekin á opnum fundi. Hvers vegna gerði ég það ekki? — Af því að ég hef aldrei trúað því, að óbilgjörn gagnrýni gæti skaðað mig sérstaklega. Ég gat neytt Alþ. til þess að leggja kortin á borðið, en notaði mér það ekki, þóttist ekki þurfa neins slíks mín vegna. Ég veit ekki, hvort hv. þm. telur það benda til þess eða ekki, að það hafi verið ég, sem komið hafi fregninni á framfæri í blaðinu. Hitt er ljóst, að mér var opin önnur sjálfsögð leið, hefði ég talið, að það hefði mikilsverð áhrif á dóma manna um mig eða málið, að allt hið sanna yrði sem ljós-ast.

Ég vildi með þessu hafa sannað: 1) Það er á engan hátt Íslendingum til óhags, að vitneskja var gefin hér á landi um niðurstöðu þeirra umræðna, er skáru úr um, hvort rifta skyldi samningnum eða eigi. 2) Þetta var á vitorði mjög

Alþt. 1941. D. (58. löggjafarþing).

margra manna, þegar eftir að gengið hafði verið til atkvæða, — og tek ég þar algerlega undir það, sem segir í bréfinu frá ritstjórum Mbl. til forseta Alþ. 3) Mér var það í lófa lagið að sjá um, að atkvgr. yrði opinber, svo að engin persónuleg freisting gat verið fyrir mig að fara aðra leið til að gera þetta uppskált.

Að lokum vil ég spyrja hv. 1. þm. Rang., hvað hann hefur fyrir sér í því, að einn ráðherranna — og mun því beint til mín — hafi verið riðinn við það, sem er sakargift till. hans. Þetta er í sjálfu sér nauðaómerkilegt, ég hef bara gaman af að vita, hvað hann hefur fyrir sér í því. Annars má hann gjarnan ráða málflutningi sínum. Ég þykist hafa annað þarfara að gera en taka slíka hluti allt of hátiðlega.

\*Einar Olgeirsson: Herra forseti! Ég verð nú að segja það, að ef hæstv. atvmrh. er eins opin-skár í tali við flokksmenn sína og hann er hér á Alþ., a. m. k. í þessari ræðu, þurfa þeir ekki að hafa mikið vit í kollinum til að ráða fleira af orðum hans en beint á að vera opinbert. Hvað átti hann nú t. d. við með orðum sínum áðan, þar sem skilja mátti, að svo hefði um samizt, að íslenzkir útflytjendur fengu afurðir greiddar í dollurum framvegis? Það væri gaman að heyra meira um það.

Enn fremur voru mjög athyglisverðar bend-ingar í skeyti því, sem ríkisstj. sendi til brezku stjórnarinnar út af fískisölusamningnum og ráð-hera las. Þar segir, að það liggi „í hlutarins eðli, að ríkisstj. hefur reynt að vinna gegn allri óánægju með samninginn og mun gera það áfram,“ en um leið er eins og kvartað sé yfir því að hafa ekki „vald til þess að hindra gagnrýni á einstökum atriðum samningsins bein-linis.“ Mér þætti fróðlegt að vita, hvers vegna ríkisstj. þykist þurfa í slíku skeyti að bera sig upp undan því, að enn sé hér nokkurt ríffrelsi. Hvaða ástæðu hafði hún til að setja þetta í skeytið? Vonandi ber ekki að skilja það sem hjálparbeiðni í innanlandsmáli, en það er þá a. m. k. mjög óviðeigandi auðmýktarafsökum þess, að ríkisstj. hefur mistekizt að bæla niður með flokkavaldi alla óánægju með samninginn.

Hæstv. ráðh. talaði mest um það, hvort sam-ningurinn væri góður eða vondur, þótt það mál sé ekki til umr., heldur hitt, hvort rétt eða rangt hafi verið að ljóstra því upp, sem gerðist á lokuðum fundi Alþ. Hann óskaði þess, að þær umr. væru lokaðar, — fyrst og fremst umr., en síður niðurstæða þeirra, segir hann nú. Ekkert var tekið fram annað en að fundurinn með öllu, sem þar gerðist, skyldi vera lokuð bók. Hví gerði ráðh. það ekki strax að till. sinni, að ályktun fundarins yrði gerð fyrir opnum dyrum? Ætli hann hafi ekki haft sérstakar ástæður til þess þá að óska þess ekki? Það er ríkisstj. innan handar og eðlileg leið, og þá hafa þeir menn, sem hafa sérstaka afstöðu til þessa máls, tækifæri til þess að koma fram með hana. Nú er ákveðnum mönnum bannað að koma opinber-lega fram með sína skoðun á sama tíma sem öðrum er leyft að túlka skoðanir þeirra á rang-an hátt.

Hæstv. ráðh. vildi sannfæra menn um, að það

væri málefnum einungis til góðs, að niðurstaða hins lokaða fundar hefði komið opinberlega fram. — Hér er ekki verið að ræða um það. Hæstv. ráðh. gæti kannske sannað, að það væri málefnum til góðs, en það réttlætir ekki aðferðina, sem viðhöfð er við birtinguna. Hæstv. ráðh. sagði enn fremur, að málefnalega sé það ekki aðeins heimilt, heldur skylda að skýra þjóðinni frá þessu. Hæstv. ráðh. hefði þá átt að rækja þá skyldu sína með því að hafa opinberar umr. og opinbera atkvgr. um málið. Svo kórónar hæstv. ráðh. ummæli sín með því að segja, að Morgunblaðið hafi með því að koma þessari vitneskju til þjóðarinnar bætt fyrir yfirsjónir Alþ. Ó, hvað við eigum gott að eiga svona indælt blað! Ef Alþ. hefur ekki vit á því, hvað er þjóðinni fyrir beztu, kemur Morgunblaðið og bætir úr ávirðingum þess! Það er ekki amalegt að hafa slíkan dóm yfir Alþ. og sizt þörf á að örvænta um hag þjóðarinnar meðan svo er. — En mætti ég spyrja hæstv. atvnrh.: Ef Morgunblaðið hefði fengið vitneskju um það, hvað hér var að gerast skömmu fyrir hernámið, segjum 9.—10. apríl 1940, og það hefði þá skýrt þjóðinni frá því, hefði það þótt þjóðinni til góðs? Var þá sjálfsgagt að skýra frá þeirri vitneskju, og hvað hefði hæstv. ráðh. þá sagt? Það má vel vera, að einhverjum hefði þótt það gott, en ekki hæstv. ráðh.

Það hefur komið fyrir, að þótt málefni hafi verið rædd á opnum fundum, þá hefur hæstv. ráðh. stundum kunnað því illa, ef reynt hefur verið að koma víða út frásögnum. — En hér er ekki verið að ræða um þetta málefnalega. Ég get verið þeirrar skoðunar, að það sé bezt fyrir mig og mitt blað að fá að segja sem allra mest frá hinum lokaða fundi og finnst hart að vera enn bundinn, — en það getur aldrei verið rétt, að eitt blað eigi að hafa dómsvald til að kveða á um það, hvort Alþ. eigi að birta opinberlega málalok af lokuðum fundi þess.

Hv. flm. minnsti á, að ef það hefði verið mitt blað, sem skýrði frá þessu, mundi hafa kveðið við annan tón, þá hefði ekki skort gagnrýni hjá hæstv. ráðh. Ég býst við, að slíkt hefði þá verið kallað landráð. — En það var ekki ég eða mitt blað, — nú var það Morgunblaðið, sem bætti úr yfirsjónum Alþ. Þó skilst mér, að það sé einkum að bæta úr yfirsjónum hæstv. atvnrh., að láta ekki fram fara opinberar umr. um málið. Ég verð að óska alvarlega eftir, að við fáum rétt til að skýra frá okkar afstöðu, eftir að svo mikið hefur komið fram um afstöðu hæstv. ráðh., sem raun er á orðin. En það snertir að sjálfsgöðu fískisólusamninginn, en ekki það mál, sem hér er til umræðu.

Er trúnaðarbrotið við Alþ. réttlætlanlegt? — um það verður Alþ. að fella sinn úrskurð. Þessi till. er því engan veginn neitt grínplagg, eins og hæstv. ráðh. vill vera láta. Ég er þess einnig fullviss, að það hefði ekki verið skoðað sem grín, ef mitt blað hefði átt hlut að máli.

Ég veit það fullvel, að ritstjórar blaðanna vita oft fullvel ýmislegt, sem þeir þó jafnvel ekki segja frá. (Atvnrh.: Hvað þýðir þetta „jafnvel“?) Það þýðir, að ef ég væri bundinn við eitthvert blað, mundi ég telja það skyldu

mína að sjá svo um, að blaðið ljóstraði ekki því upp, sem ég ætti að þegja um, hvaðan svo sem blaðið hefði sína vitneskju.

Ég hef verið ritstjóri við blað áður, en ég varð þm. og veit vel, hvernig hægt er að ná fréttum frá þingmönnum. Venjulega hefur sambeldnin verið það mikil, að þjóðstjórnarflokkarnir hafa séð svo um, að blöð þeirra birtu ekki slíkar fréttir. Nú bregður öðruvísi við. Nú skerst eitt blaðið úr leik til þess að skýra frá máli á lokuðum fundi Alþ., það blað, sem talið er blað hæstv. atvnrh., birtir viðtöl við hann og fylgir algerlega hans stefnu. Þetta blað reynir að nota sé., hve aðrir eru bundnir, og segir rangt frá afstöðu þeirra í skjóli þess. — Ég verð nú að segja, að þegar þannig er brotinn trúnaður við Alþ., sé ég enga ástæðu til þess að verðlauna trúnaðarbrotið með því að gefa blaðinu tækifæri til þess að afflytja andstæðingana. — Alþ. verður að taka ákvörðun um þetta mál.

Nú vil ég bera fram eina spurningu til hæstv. ríkisstj. Till. sú, sem hér liggur fyrir, er áskorun til ríkisstj. um að láta fram fara rannsókn á því, hver gerzt hefur brotlegur við trúnað Alþ. Af hálfu ríkisstj. hefur hæstv. atvnrh. einn talað. Ef Alþ. samþykkir þá till., má Alþ. þá treysta því, að sú athugun fari fram? Sú rödd, sem heyrzt hefur frá ríkisstj., lofar ekki góðu um það. — Þætti mér vænt um að fá svar við þessari fyrirspurn minni.

\*Flm. (Sveinbjörn Högnason): Hæstv. atvnrh. þyrjaði ræðu sína á sama hátt og hann oft gerir: að barma sér yfir því, hve miklar annir hann hafi. Þetta er sjálfsgagt rétt hjá hæstv. ráðh., en hann má vita það, að það eru margir þm., sem hafa miklum störfum að gegna, en þera ekki annir fyrir sig í hvert sinn. Og ég get fullvissað hæstv. ráðh. um það, að ég vildi mjög gjarnan verja tíma mínum til annars en deila á slíkar yfirsjónir sem þessa. Það er misskilningur hjá hæstv. ráðh., að hér sé um tómsundaverk eða grín að ræða, og það, að hæstv. ráðh. lætur sér slík orð um munn fara, bendir ótvírætt í þá átt, að það, sem hér hefur gerzt, sé að einhverju leyti honum að kenna.

Ég get ekki skilið, að nokkur þm., sem ekki væri við þetta riðinn, — og þá sízt ráðherra —, muni vilja afsaka það, að þm. gerist brotlegir um uppljóstranir af lokuðum fundum Alþ. Það væri gaman að láta fara fram atkvgr. um það. — Ég skil ekki, hvernig réttarvitund þeirra manna er, sem þannig tala.

Hæstv. ráðh. fór um það nokkrum orðum, að mér mundi ekki ljúft að styðja ríkisstjórn með honum í ráðherrastóli og að skap mitt væri svo mikið eða skapbrestir, að ég ætti erfitt með að setta mig við þá. — Ég vil nú spyrja hæstv. ráðh., hvort skapbrestir mínir hafi verið til mikils trafala fyrir hann í stjórnarsamvinnunni eða hvort ágreiningur hafi risið þeirra vegna. Mér er ókunnugt um það. Hitt er mér ekki grunlaust um, að skapbrestir hans sjálfs eða réttara sagt skapleysi hafi orðið þess valdandi, að ríkisstj. neyddist til að beiðast lausnar.

Það er alveg rétt, að ég hef ekki borið neitt sérlegt traust til hæstv. atvnrh. En það verður

stundum að gera fleira en gott þykir til þess að það samkomulag haldist, sem talið er nauðsynlegt vegna þjóðarheildarinnar. Ég held, að hvað stjórnarsamvinnuna snertir sé ekki frekar upp á mig að kvarta en marga af flokksmönnum hæstv. atvnrh.

Þá talaði hæstv. ráðh. um það, að það gæti verið gagnlegt að láta umræður vera leyndar, en birta síðan niðurstöður þeirra. Þetta getur vel verið, en væri þá ekki rétt, að öllum væri heimilt að birta niðurstöðurnar og það væri ákveðið að gera það. Nú vil ég spyrja: Ef ég greiði atkv. með málinu, en með sérstökum skilyrðum, er mér þá leyfilegt að birta þau skilyrði?

Ég tel mig ekki hafa leyfi til þess, þótt mér finnst forsendur mínar skipta miklu máli og mig langi til þess. Ég hafði ákveðnar forsendur, en nú er hægt að svarta mig bæði af hæstv. atvnrh. og öðrum. (Atvnrh.: Þetta skil ég ekki.) Ég geri ekki heldur þá kröfu til hæstv. ráðh., en meiri hl. Alþ. mun skilja, að þegar birtar eru slíkar niðurstöður opinberlega, þarf einnig að skýra frá því, hvornig slíkar niðurstöður eru til orðnar. Ég mótmæli því eindregið, að það séu sérréttindi eins manns að birta niðurstöður hins lokaða fundar, þegar allir aðrir verða að þegja.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri málinu til góðs eins, að þetta birtist opinberlega. Ég er sannfærður um, að það er því til ills eins. Það var nóg tortryggni fyrir um þennan samning, þótt ekki væri bætt gráu ofan á svart með slíku framferði, sem hér um ræðir. Þetta veit hæstv. ráðh. Ég vil mótmæla því, að það sé á valdi eins manns að meta það í hvert skipti, hvort það er þjóðinni til góðs að vita, hvað fram fer á lokuðum fundum Alþ. Þar með væri þingleyndin alveg rofin. Það er vitanlegt, að svo er margt sinnið sem skinnið, og eflaust mundi alltaf einhver þm. hafa þá skoðun, að sjálfsagt væri, að þjóðin fengi vitneskju um, hvað fram fer.

Hæstv. ráðh. segir, að öll blöðin hafi vitað, hvað gerðist á fundinum, og það hafi ekki þurft að sækja til hans eða nokkurs þm. vitneskju um það. Þetta er mér alveg óskiljanlegt, því að ekki voru aðrir en þm. á fundinum. Að visu er sagt, að veggirnir hafi eyru, en ég vona þó, að Morgunblaðið hafi ekki komið sér upp sérstökum hlustunartækjum í veggjum Alþ. Morgunblaðið hlýtur því að hafa vitneskju sína frá einhverjum þm. eða ráðherra.

Þá vildi hæstv. ráðh. telja það ábyrgðarleysi af mér, og hélt vist, að það væri áleysi, þegar ég sagði, að það mætti fara svo með mál, að það væri óverjandi að styðja það. Ég sagði þetta með fullri vitund og fullri ábyrgð. Og ég finn það hezt á því, hvornig farið hefur með þetta mál, að meðferð þess hefur orðið til þess að koma upp leiðinlegum hugmyndum — að ég kveði ekki fastar að orði — hjá brezku stjórninni, og það er ef til vill hægt að halda þannig á málum, að orðið geti háskalegt fyrir okkar frelsi. Og ég vil heldur engan samning, þótt ég viti, að hann gefi milljónir króna í aðra hönd, ef hann tekur af okkur frelsi til þess að lifa.

Ég segi því að yfirlögðu ráði og með fullri ábyrgð, að það má vel fara svo með þennan

samning, að það verði óforsvaranlegt að styðja hann og láta hann vera í gildi.

Hæstv. ráðh. talaði allmikið um sjálfan sig í sambandi við þetta mál, hvað honum hefði komið vel, að hann hefði orðið fyrir óréttmætri gagnrýni, að honum hafi staðið margar leiðir opnar til eigin framdráttar, ef hann hefði óskað. Þetta er sjálfsagt rétt, en fyrir Alþ. skiptir það ekki máli, hvað honum er fyrir beztu, heldur hvað þjóðinni er fyrir beztu. Það er rétt, að hæstv. ráðh. stóð opin leið að halda opinum fund á Alþ. og krefjast atkvgr. um málið, en þá stóð það jafnframt öðrum þm. opið að láta almennung vita, hver var afstaða þeirra og hvers vegna hún var slík. Við þetta var ekkert að athuga. Þetta var þingræðislega rétt og hverjum þm. sémandi, og hefði enginn kvartað yfir því, þótt það kæmi til vitundar þjóðarinnar. Ég er ekki heldur að kvarta undan því, þótt það kæmist til vitundar þjóðarinnar, en það er hægt að gera það með þeim hætti, að það verði þjóðinni til ills.

Ef allar leiðir hafa staðið opnar til þess að láta þjóðina fá vitneskju um vilja Alþ. í þessu máli, var sjálfsagt að velja heiðarlega leið, en ekki óheiðarlega. Hér var valin óheiðarleg leið, sem allir þm. hljóta að vera mótfallnir. Þetta er það, sem um er að ræða: Á að halda slíkum skollaleik áfram snertandi lokaða fundi Alþingis?

Hæstv. ráðh. beindi þeirri spurningu að lokum til mín, hvers vegna mundi vera átt við sig, þegar talað er um í ástæðum fyrir þáttill., að grunur leiki á, að einn ráðherranna sé við mál þetta riðinn.

Hæstv. ráðh. veit, að þegar talað var um mál þetta hér utan dagskrár, kom það fram í umr., að átt væri við hann. Það er því sannað, að þessi grunur var fyrir hendi, þótt ég hins vegar fullyrði ekkert um, að hann sé réttur. Auk þess kemur hér fleira til greina, því að frétt þessi birtist í blaði, sem er hæstv. ráðh. mjög nákomandi. Hæstv. ráðh. hefur ritað í þetta blað um samninginn, og það mundi engum verða til framdráttar öðrum en honum að birta þetta á þennan veg. Persónulega verð ég að segja, að fyrsta varnargreinin, sem birtist í blaðinu 28. okt., ber í mínum augum mjög sterkan keim af rithætti hæstv. atvnrh. Ég sé ekki, að það séu margir, sem skrifa með þvílíku orðbragði, jafnvel þótt hjá Morgunblaðinu sé, og það bendir í vissa átt og vekur grun hjá fleirum en mér, og loks hefur enginn á Alþ. mælt þessu trúnaðarbroti hót nema hæstv. ráðh.

\*Atvnrh. (Ólafur Thors): Ég þarf ekki að gera langar aths. við ræður þeirra tveggja hv. þm., sem tekið hafa til máls síðan ég hélt mína síðustu ræðu.

Það er einn sameiginlegur misskilningur, sem kemur fram hjá þeim báðum, en hann er sá, að vegna þess að eitthvað hefur verið sagt á lokuðum fundi á Alþ., þá megi það aldrei koma fram undir neinum kringumstæðum. Þetta væri einkennileg regla og gæti bókstaflega orðið til þess að inniloka um aldur og ævi þýðingarmikinn sannleika. Hv. 4. þm. Reykv. hefur þá skoð-

un, að það beri að gagnrýna brezka samninginn. En af því að á Alp. hafa farið fram umr. um þennan samning fyrir luktum dyrum, heldur þm., að honum sé ekki heimilt að láta í ljós skoðun sína á þessum samningi. Af því að frá því hefur verið skýrt á lokuðum fundi á Alp., að við hefðum von um að fá okkar vörur borgaðar í dollurum, þá heldur þm., að aldrei sé leyfilegt að skýra frá þessu opinberlega. Þetta er barnalegur og undarlegur hugsunarháttur, sem ég skil ekki. Ég bið hv. þm. að athuga, að þetta gæti verið nokkuð róttæk aðferð, ef hún væri tekin alvarlega, til að loka fyrir munn alþm., ef ekki þyrfti annað en að kalla þá á lokaðan fund og skora á þá að segja ekki frá því, sem þar gerðist, og þar með væru þeir málbundnir. Eftir það gætu þeir ekki haldið fram sínum skoðunum á öðrum vettvangi. Sjá ekki allir, hvað þetta er barnalegt og fjarri sanni? Ég sagði frá því, að í þessu skeyti, sem ég las upp og sent var brezku stj., þar stóð, að ríkisstj. vildi gera allt, sem í hennar valdi stæði, til að lægja óánægjuna með samninginn. Finnst mönnum það nokkuð undarlegt, þótt ríkisstj., sem sjálf hefur gert þennan samning, vilji gera allt, sem hægt er, til þess að minnka óánægjuna með hann? Það liggur í augum uppi, að stj. kæri sig ekkert um, að hann sé tættur í sundur. Hins vegar tókum við það sérstaklega fram, að við hefðum ekkert vald til að hindra gagnrýni á samningnum. Ég tel það þess vegna fullkomlega leyfilegt fyrir hv. 1. þm. Rang. og 4. þm. Reykv. að telja, að þeir hafi ekki fallið fram og tilbeðið þennan samning, jafnvel þó þeir á lokuðum fundi á Alp. hafi sagt sínar skoðanir um hann. Ég verð að segja, að ég skil ekki þeirra hugsunarhátt. Hv. 4. þm. Reykv. spurði, hvers vegna ég hefði ekki neytt Alp. til þess að segja sína skoðun fyrir opnum tjöldum. Ég er búinn að segja, að það var vegna þess, að ég taldi þá gagnrýni, sem stefnt hefur verið að mér fyrir þennan samning, ekki svo hættulega mér, að ég teldi persónulega nokkra ástæðu til þess að heimta nýjar umr. um þetta á opnum fundi.

Ég skil satt að segja ekki, hvað hv. 4. þm. Reykv. er að fara, þegar hann talar um, að eitt-hvað hafi ekki verið birt, sem fram fór á lokuðum fundum rétt áður en hertaka landsins fór fram. Ég segi það fyrir mig, að þegar hertaka landsins fór fram, þá kom hún mér jafnóvart og öllum öðrum. Ég man, að ég var vakinn upp um miðja nótt af 3 mönnum, sem skýrðu mér frá því, að erlend herskip væru komin á ytri höfnina og létu ófriðlega. Ég sagði þessum mönnum, að ég mundi sofa áfram fyrir því. Ef þetta væru Englendingar, þá mundu þeir tala við mig á morgun, en ef það væru Rússar, þá mundu þeir sækja mig heim. Ég ætlaði þess vegna að sofa áfram og það þá að ónáða mig ekki frekar. En að nokkrar umr. hafi farið fram á Alp. um þetta, þess minnst ég ekki.

Hv. þm. talaði um, að það væri skylda alþm. að heita sér fyrir því, að það hærist ekki út, sem sagt væri á lokuðum fundum. Það er nú svo, en eitt er skylda og annað geta. En varðandi það mál, sem hér er rætt um, þá tel ég, að það hafi verið svo fjarri, að það væri skað-

legt, að birt væri atkvgr. um það, að ég tel efnislega, að það hafi verið þjóðinni til góðs.

Ég held, að það hafi ekki verið fleira í ræðu hv. 4. þm. Reykv., sem gaf tilefni til andsvara, og það var ekki heldur margt í ræðu flm., sem ég þarf að svara.

Það skiptir litlu máli og er ekki ástæða til að margræða það, hvert sé skapferli þessa hv. þm. og hvort það hafi komið að ógagni í stjórnsamsamvinnunni eða ekki. Ég hef enga yfirlýsingu gefið um það. Ég sagði, að hann mundi hafa tekið heldur nærri sér að styðja stj., sem ég á sæti i. Ég hef ekki haft mikla samvinnu við þennan þm. persónulega, en ég hef orðið var við það af því litla, sem ég hef haft saman við hann að sælda, að ummæli mín eru ekki gripin úr lausu lofti. Ég hirði ekki að fara að endurtaka rök mín fyrir því, hvort það hafi orðið til góðs eða ills, að þessi vitneskja barst út, en ég miðaði ekki mína umsögn sérstaklega við sjálfan mig í því efni. Ég viðurkenni, að það getur vel verið, að ef ég væri nógu nærgættinn við sjálfan mig, þá hefði ég átt að láta fara fram opinbera atkvgr. um málið, en ég sagði jafnframt, að ég hefði látið það undir höfuð leggja vegna þess hve litlu ég sinnti fram kominni gagnrýni. Hitt er svo annað mál, að ég taldi, að málefnalega væri það til góðs, að þjóðin fengi að vita, að Alp. ályktaði eftir fengnar upplýsingar, að þessi samningur væri öllum landsmönnum svo mikils virði, að ekki bæri að samþ. riftun á honum. Þessa ályktun dró ég af því, að flm. varpaði fram þeirri skoðun, að því fleiri landsmenn, sem vildu una við samninginn, því betra væri það fyrir þá og málefnið. En ég taldi, að því fleiri landsmenn mundu una samningnum, þegar þeir heyrðu um ályktun Alp., því fleiri, sem hafa meira traust á öllu Alp. en ríkisstj. einni. Ég taldi, að þetta mundi sætta þá landsmenn við samninginn, sem vegna ósanngjarnnar gagnrýni höfðu fengið andúð á honum, og ég held, að þetta sé rétt. Ég sagði, að hlöðin — og ég taldi öll aðalblöðin — mundu hafa vitað um niðurstöðu atkvgr. eftir að hún hafði farið fram og á þeirri stund, sem þessi fregn var birt, og að hlöðin hefðu ekki þurft að sækja þessa vitneskju til neins hv. þm., og þetta stafar af því, eins og hv. 4. þm. Reykv. sagði, að það er ósköp auðvelt fyrir blaðamenn að komast að því, hvað gerist í svona málum. (SvbH: Er þá ekki einhver hv. þm., sem ljóstrar því upp?). Ég sagði, á þeirri stundu, sem þessi fregn var birt. Það er alveg rétt, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði, að hann áður en hann kom á Alp. gat fengið vitneskju um það, sem gerzt hafði í slíkum tilfellum. Þannig er það líka víst, að ritstjórnarnir, sem standa að stjórnarblöðunum, hafa, bæði frá þm. og öðrum, getað aflað sér þessara upplýsinga. Og það er upplýst af ritstjórum Morgunlaðsins, að þeir höfðu ekki sínar upplýsingar frá neinum þm., heldur frá almannarómi í hænum daginn, sem þetta skeði.

Hv. flm. sagði, að svo mætti með gott mál fara, að það væri ómögulegt að styðja það. Hvað er það í meðferð þessa mikla máls, þar sem Íslendingar selja framleiðsluvörur sínar fyrir 100 milljónir kr. og fá að sumu leyti fyrir þær það

verð, sem þeir óska, hvað er það, sem hneykslar þennan hv. þm. svo mjög, að það orki að spana ábyrgðartilfinningu hans gegn því máli, sem hann segist hafa verið fylgjandi?

Ég gat þess sérstaklega eftir undirritun samningsins, að eftir atvikum mætti hann teljast góður hvað vörðlag þessara afurða snertir, en gat þess jafnframt sérstaklega, að ef hann væri skoðaður einn út af fyrir sig, þá lægi hann opin fyrir gagnrýni, og að hann væri gerður í fullu trausti þess, að Bretar stæðu við loford, sem þeir hefðu gefið. Ég trúði því ekki, að samningur, sem gerður er af allri ríkisstj., af því að hann er talinn góður, geti orðið vöndur í augum þessa hv. þm., þó ég hafi látið orð falla um það, að hann væri hagstæður. En hvað getur það verið, sem hefur slík áhrif á ábyrgðartilfinningu þessa hv. þm.? Ég get ekki séð, að nein sú málsmeðferð hafi hér verið viðhöfð, sem geti afsakað það, að ábyrgur þm. lýsi yfir því, að hann vegna málsmeðferðarinnar vilji snúast gegn því, sem hann hefur talið rétt að gera í jafnhýðingarmiklu máli fyrir þjóðina eins og þetta mál er. Hv. þm. sagði, að ef hægt hefði verið að fara opna leið, hefði verið skylda að gera það. Auðvitað gat Morgunbl. ekki gert neina kröfu til þess. Ég gat það hins vegar, og einmitt það getur verið til að benda til þess, að það hafi ekki verið jafnmátið samband milli mín og Morgunbl. um þetta eins og hv. þm. vill vera láta. Ég gat farið opna leið, og ég get vitnað til hæstv. forseta um það, að mér var fullvel ljóst, að þessi möguleiki var fyrir hendi. Ég kom að máli við hæstv. forseta í hlíðarherbergi þingsins, og við ræddum þar um það, hvernig atkvgr. skyldi fara fram, og ég lagði enga áherzlu á, að atkvgr. væri opinber, vegna þess, eins og ég hef margtekið fram, að ég lagði ekki svo mikið upp úr gagnrýninni.

Hv. 1. þm. Rang. reyndi að færa ýmis rök að því, að það hefði verið ég, sem skýrði Morgunbl. frá þessu. Fyrstu rökín voru þau, að hann hefði heyrt tvo þm. segja það, að það væru miklar líkur til þess, að það hefði verið ég. Ég sé ekki, að það geri lýgina neitt sennilegri, þótt fleiri menn endurtaki hana. Önnur rökín voru þau, að enginn þm. hafi reynt að verja þetta nema ég. Ég vil bara segja hv. þm. það, að það er eðlilegt, að ég standi hér fyrir svörum, því það er sérstaklega verið að tala um mig í þessu sambandi. Og ég held líka, að það mætti benda hv. þm. á það, að enginn af hans flokksbræðrum hefur tekið til máls. Hv. þm. sagði, að það væru líkur til þess, að grein um þetta mál, sem birtist í Morgunbl., væri eftir mig. Heldur þessi þm., að þó hann sjái vel skrifaða grein í Morgunbl., þá þurfi hún endilega að vera eftir mig?

Ég skal játa, að ég las þessa grein í Morgunblaðinu og þótti hún góð, eins og flest annað, sem ég les í Morgunblaðinu. Ekki dettur mér í hug — nema síður sé —, þótt ég sjái vel skrifaða grein í Tímanum, að hún sé eftir hv. 1. þm. Rang.

\*Finnur Jónsson: Tveim dögum eftir að þessi umrædda grein birtist í Morgunbl. baðst ég undan að þurfa að þegja yfir þessu máli og

fékk þá það svar, að slíkt leyfi væri ekki hægt að gefa.

Hæstv. atvrmh. hefur lesið hér upp plagg, sem mun eiga að lýsa afstöðu þingsins til málsins, en það er nú ekki svo tæmandi, að það lýsi afstöðu einstakra þm. né heldur ríkisstj. á umræðufundunum. Ég mun af skiljanlegum ástæðum ekki fara út í þetta nánar, en vænti þess, að hv. þm. muni þetta með mér.

Það eru alleinkennilegar umr., sem hér hafa farið fram um þessa till. Hæstv. atvrmh. vill endilega taka hana í glensí. Hann segir, að flm. till. þyki sjáanlega betra að aðhafast illt en ekki neitt, og till. sé ekkert annað en grin. Nú hefur verið deilt á hæstv. atvrmh. fyrir þá fregn, sem birt hefur verið um fundinn. Og hæstv. ráðh. hefur tekið upp vörn í þessu máli. Mér virðist af þeim umr., sem fram hafa farið, þá bendi sterkar líkur til, að hæstv. atvrmh. hafi átt hér einhvern hlut að máli. Það er óneitanlegt, að eins og fregnin var birt, þá hlaut hæstv. ráðh. að hafa sérstaka hagsmuni af henni. Fregnin var birt á þá lund, að Alþ. hefði lýst ánægju sinni yfir brezka samningnum, sem hæstv. atvrmh. hafði áður verið að hæla. Þessu hefur hann ekki getað neitað, heldur hefur hann sagt: Morgunblaðið kann að hafa miðað þessa frétt við hagsmuni mína, en sjálfum hafði mér nú ekki dottið þetta snjallræði í hug. — Og í samræmi við þetta finnst svo ráðh. sú leið réttlætlanlegri, að birta þessa fregn á óheimilan hátt, heldur en að fara eftir þingræðisleiðum, sem hann er tvisvar búinn að lýsa yfir, að hann hefði getað. Hæstv. ráðh. sagði, að um það mætti deila, hvort Alþ. ætti að taka ákvörðun um þetta sjálft eða einstakir þm. ættu að taka sér það vald að birta svona lagað. En nú er það svo, að þessi hæstv. ráðh. hefur komið til Alþ. og heðið um leynd um mál. (Atvrmh.: Hef ég sérstaklega heðið um það?) Því var skilað til Alþ. frá allri ríkisstj. En samt finnst honum það afsakanlegt, að farin hefur verið sú óheimila leið um birtingu þessarar fregnar, sem raun er á orðin. Ég skal játa, að það er náttúrlega ekki nema mannlegt, þar sem hæstv. ráðh. hefur vilji að eigna sér einum heiðurinn af brezka fíkskólusamningnum, að hann vilji láta líta svo út, að allur þingheimur hafi verið eins ánægður með samninginn og hann. Hitt er svo annað mál, að það samræmist ekki hagsmunum landsins að vera alltaf að láta í ljós ánægju með samning við erlent ríki, sem vitanlegt er um, að stj. þarf að byrja á því að mótmæla brotum á eftir nokkrar vikur frá undirskrift hans, brotum, sem þó ekki er hægt að segja, að séu beinlínis brot á bókstaf samningsins, heldur á anda hans.

Annars er hér í raun og veru ekki deilt um, hvað segja mátti um þennan samning, heldur er um það deilt, hvort Alþ. á að halda sínar samþykktir eða ekki.

Hæstv. ráðh. sagði, að hann hefði getað haft margar leiðir til þess að koma málinu á opinberan vettvang, meðal annars með því að óska eftir, að atkvgr. færi fram fyrir opnum tjöldum. En því gerði hann þetta ekki? Fannst honum viðkunnanlegra, að hans aðalstuðningsblað bryti hans eigin samþykkt og samþykkt Alþ?

Það er svo um fleiri samninga heldur en þennan, að deila má um, hver andi ríkir í þeim. Annars er hér ekki verið að deila um, hvað hafi verið sagt um brezka samninginn, heldur hvort Alp. á að halda sínar samþykktir eða ekki. Hæstv. atvnrh. benti á, að hann hefði getað farið margar leiðir til að koma þessu máli á opinberan vettvang, og meðal annars hefði hann getað fengið atkvgr. um það. En hvers vegna fór hæstv. ráðh. ekki þá leið, ef hún var möguleg? Finnst honum hin leiðin eðlilegri, að sumir hv. þingmenn brjóti samþykktir sínar? Hvernig stendur á því, að hæstv. ráðh. finnst þetta ekki annað en meinlaust gaman? Hvernig á að vera hægt að koma með utanríkismál til Alp., ef það á að vera undir mati hvers einstaks þm., hvort sagt er frá því, sem ríkisstj. og Alp. ákveða á lokudum fundum? Það er þetta, sem deilan er um, en í raun og veru ekki um, hvort rétt hafi verið að segja frá því, sem gerðist um brezka samninginn. Deilan er um það, hvort Alp. á að halda trúnað við sínar samþykktir eða ekki. Ég get ekki verið sammála hæstv. atvnrh. um, að hér sé gaman á ferðinni. Hæstv. ráðh. lýsti því, að honum hefðu verið margar leiðir færar til þess að gera mönnum málið heyrum kunnugt á heiðarlegan hátt. Hvers vegna var hann þá að verja þá óheiðarlegu leið, sem farin var í málinu?

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta, en ég tel, að sú till., sem hér liggur fyrir, sé nokkurs konar prófsteinn um það, hvort Alp. sé þess umkomið að fara með utanríkismál landsins. Ef það á að vera undir mati þm., hvernær á að segja frá því, sem hér gerist, þá virðist alls ekki vera óhætt fyrir nokkra ríkisstjórn að koma með utanríkismálin til Alp. Á þessum tímum, sem nú standa yfir, er áreiðanlega betra að sýna nokkra varfærni í því, sem gert er og sagt. Ég hygg, að ríkisstj. hafi komið með þær óskir til okkar þm. að hafa þessar umr. fyrir luktum dyrum af því, að henni hafi fundizt ástæða til þess. Ef einhverjum okkar annarra þm. hefði fundizt ástæða til að segja frá þessum fundi, er hætt við, að hæstv. atvnrh. hefði ekki fundizt vera gaman á ferðinni. Við megum vita það, ef við afgreiðum ekki þessa till. frá hv. 1. þm. Rang. í einu hljóði og ef við látum ekki fara strax fram rannsókn á þessum málum, að hér eftir þýðir ekki fyrir nokkra stjórn að koma með utanríkismálin til Alp. í því skyni að vænta fullrar þagmælsku af þm. Ég álit því, að hér sé ekki meinlaust gaman á ferðinni.

Umr. frestað.

Á 11. fundi í Sp., 10. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

\*Atvnrh. (Ólafur Thors): Það eru nú nokkrir dagar liðnir síðan þetta mál var til umr. og hv. þm. Ísaf. hafði haldið ræðu, sem gaf nokkurt tilefni til andsvara, sérstaklega varðandi hans flokk. Ég hef nú ekki hér hjá mér þau gögn, sem ég hafði handa á milli meðan þar umr. stóðu. Mér er nú liðið úr minni flest af því, sem ég hafði hugsað mér að svara honum, og hirði ég, satt að segja, ekki um að ganga heim til

mín og sækja það, sem ég skrifaði þá viðvikjandi hans ræðu. Ég hafði hugsað mér að biðja hann um upplýsingar, áður en umr. um þetta mál væri lokið, um það, hvaðan Alþýðublaðinu hefði horizt vitneskjan viðvikjandi norsku samningunum 1932, meðan þeir voru algert trúnaðarmál og leyndarmál utanrnm. og ríkisstj. Og ég skal, ef óskað er, tilfæra fleiri dæmi, þó að mér sé engin sérstök skylda á höndum um það, um samskonar trúnaðarbrot eins og þetta, sem hér er um að ræða, ef þar er um trúnaðarbrot að ræða. Og má mikið vera, ef böndin berast ekki að þeim, sem situr mér hærra á þessari samkundu, áður en þessari umr. er lokið.

\*Finnur Jónsson: Ég vil aðeins taka það fram, að ég sat ekki á þingi árið 1932, og er þess vegna gefið, að mér er algerlega ókunnugt um, hvaðan slíkt hefur horizt, sem hæstv. atvnrh. var að tala um. Ég get því ekki að neinu leyti leyst úr spurningu hæstv. atvnrh. (Atvnrh.: Frekar þó en ég úr spurningu hv. þm. Ísaf. um það, hvaðan Morgunblaðið fékk sínar upplýsingar.) Það skyldi nú vera.

\*Flm. (Sveinbjörn Högnason): Það er nú svipað fyrir mér eins og hæstv. atvnrh., að hann hafði nú gleymt ýmsu úr þeim umr. um þetta mál, sem síðast fóru hér fram. Og það er því meiri ástæða fyrir mig að hafa gleymt því, því að þaði var ekki allt svo merkilegt eða þess vert að setja á minnið, sem hæstv. atvnrh. sagði þá í sinni ræðu. Þar af leiðandi hefur nokkuð fyrnt yfir það. Þó voru þar viss atriði, sem mér þótti vænt um að fá yfirlýsingu hans um, sem að mínum dómi er nokkur visbending um það, hvar ber að leita upptakanna að þessu trúnaðarbroti, sem hér er um að ræða.

Ég sagði í síðustu ræðu minni hér m. a., að ekki væri til nema einn maður, að ég héldi, í landinu, sem ég héldi, að gæti skrifað þá grein, sem um er að ræða í Morgunblaðinu, sem hefði slíkan rithátt, og mig minnr, að ég tæki þannig til orða: svo glamurskenndan og ruddalegan. Og hæstv. atvnrh. lýsti yfir því síðar í umr., að þessi grein hefði verið alveg að sinum smekk, hefði verið ljómandi góð og prýðileg. Segir þetta nokkuð til um upptök greinarinnar. Ég vissi áður, að greinin var að hans smekk, og sennilega framleidd úr hans eigin hugskoti. Það gefur ekki litla bendingu um það, hvar upptakanna og rakanna til þessarar greinar er að leita, hver ummæli hæstv. atvnrh. er búinn að hafa um hana, — alveg eins og hann hefur gerzt sá eini málsvari þess hér á hæstv. Alp., að þetta trúnaðarbrot var framið. Það berast því hér á hæstv. Alp. nokkuð fast böndin að ákveðnum aðila í þessu efni.

Ég hirði ekki að fara inn á einstök atriði nánar. Ég hygg, að ég hafi tekið það nægilega fram í fyrstu ræðu minni um þetta mál, hve alvarlegt mál er hér á ferð og hversu það er þinginu alveg lífsnauðsyn fyrir þess framtíðarstarfsemi, að það sé tekið föstum tókum á þessu og komið í veg fyrir, að sá ósómi, sem hér hefur átt sér stað, geti komið fyrir oftar, sem er ekki aðeins þinginu, heldur líka þjóðinni

stórháskalegur undir þeim kringumstæðum, sem nú eru, að það sé ekki hægt að ræða utanríkis-  
mál sín á milli án þess að farið sé með það,  
sem í þeim málum á að vera leynt, beint til  
þjóðarinnar, og þýrlað upp fullyrðingum, sem  
verða mega þeim í hag, sem gera slíkt, gagn-  
vart sínum andstæðingum. Þetta sýnir mikið  
ábyrgðarleysi og gáleysi á svo alvarlegum tím-  
um sem nú eru, að þetta mál er ekkert glens  
eða hégómamál, heldur mjög alvarlegt mál. Og  
það alvarlegasta í því er það, að það skuli sitja  
í ráðherrasæti sá maður, sem álitur þetta mál  
eithvert hégómamál, sem þm. séu að leika sér  
að. Það sýnir, hversu þessi atvnrh. er ger-  
sneyddur tilfinningu fyrir því, hvað hér er um  
að ræða.

Svo er annað í sambandi við það, sem fram  
hefur komið, sem vert er að benda á. Það er, að  
það blað, sem komið hefur með fréttir af lok-  
uðum fundi á Alþ., sem áttu að vera leyndar,  
það segir frá öðru broti heldur en því, sem það  
er beðið að gefa upplýsingar um. Blaðið er  
beðið að gefa upplýsingar um það, hvaðan það  
hafi fréttina, sem það birtir af lokaða fundin-  
um á Alþ. En það gefur upplýsingar um það, að  
það er búið að fremja annað trúnaðarbrot gagn-  
vart þinginu. Í bréfi frá Morgunblaðinu standa  
þessi athyglisverðu orð:

„Fregnir höfðu einnig horizt um það, að  
Bretar hefðu lagt það einhlíða á vald okkar Ís-  
lendinga að losna við samninginn. Þetta var á  
vitorði margra utan þings og vitað var, að Al-  
þingi átti að ákveða, hvort halda skyldi sam-  
ningnum eða segja honum upp.“

Hér er því lýst yfir, að áður en hv. alþm. fá  
að vita um, hvað á að leggja fyrir lokaða þing-  
fundinn, þá veit Morgunblaðið um það, sem þá  
er leyndarmál, sem kemur frá ríkisstj. og brezku  
samninganefndinni. Er þetta rétt meðferð á  
utanríkismálum? Er sá ráðh., sem hér er að  
verki og sannað er upp á, að hefur brotið trúnað  
við hæstv. Alþ., fær um að fara með þessi mál  
framvegis? Nei. Það rekur hver skömmin aðra  
hjá honum, þegar farið er að rannsaka þetta  
mál. Þetta skeyti hafði komið daginn áður en  
það var lagt fyrir hæstv. Alþ. Og það getur því  
ekki hafa komið frá neinum nema atvnrh., hvað  
átti að ræða á lokaða fundinum. Það er eins og  
hér séu börn að verki, sem ekkert vita, hvað  
þau eru að gera, og það á jafnháskalegum tím-  
um eins og nú eru. Og svo leyfa þessir aðilar  
sér, sem búnir eru að gefa það hæði skriflegt  
og munnlegt hér á hæstv. Alþ., að þeir hafi  
staðið að þessu trúnaðarbroti og séu margsekir  
í því, að láta sér um munn fara, að hér sé bara  
um grin að ræða. Það er kominn tími til þess  
fyrir hæstv. Alþ. að fara að setja þessa menn  
frá stjórnarstörfum og þá menn að, sem álita,  
að með alvöru eigi að ganga að þessum málum.  
Og mér væri forvitni að sjá framan í þann þm.,  
sem álitu, að hér sé um hégómamál að ræða, þó  
að eitt af stærstu blöðum landsins haldi því  
fram, þegar ljóstað er upp hverju leyndarmálinu  
á fætur öðru, sem á að vera leynt meðan farið  
er með það af þinginu.

Það voru ýmis atriði, sem athyglisverð voru í  
ræðu hæstv. atvnrh., en öll voru á sömu bókiua

lærð og sýndu hið framúrskarandi skilnings-  
leysi á því, hvaða alvörumál hér er um að ræða.  
Hann spurði mig, hvað það væri í meðferð þessa  
máls, sem gæti orkað því, að menn snerust á  
móti samningnum.

Þetta tvöfalda trúnaðarbrot, sem framið hefur  
verið, að skýra fyrst blaði frá því, að málið eigi  
að leggja fyrir Alþ., koma síðan og biðja um  
lokaða fund um málið og í viðbót að skýra  
síðan Morgunblaðinu frá því, sem gerðist á  
þessum lokaða fundi, og reyna, í skjóli dreng-  
skaparheita annarra hv. þm., að veita í þann kné-  
runn, sem gæti orðið málstað aðila til fram-  
dráttar. Það er gefinn hlutur, að eins og atvnrh.  
er að leitast við að eigna sér samninginn, sem  
hann á ekkert í fremur en aðrir, en gerir það  
sínum flokki til framdráttar, þá er hann að  
veikja aðstöðu sinnar eigin þjóðar til þess að  
fá samninginn endurbættan. Svo er hver silki-  
húfan upp af annarri, þannig að það er búið  
að fara með þennan samning þannig, að það er  
búið að skapa meгна andúð gegn honum, bæði á  
Íslandi og í Bretlandi. Og það hefur komið fram  
orðsending erlendis frá, að það geti orðið  
háskalegt fyrir frelsi landsins, ef þessi meðferð  
heldur áfram á málum sem þessu. Og ef um er  
að ræða að velja um, annars vegar nokkurra  
milljóna króna hagnað af samningum, en hins  
vegar frelsi landsins, þá segi ég: Látum heldur  
milljónirnar fara, en höldum frelsinu.

\*Jónas Jónsson: Ég vildi segja fáein orð um  
þetta mál, af því að mér finnst, að það geti  
orðið til nokkurs gagns fyrir landið og þjóðina,  
að umr. um þetta séu hafðar, þó að það þurfi  
að taka tillit til fleira heldur en þess, sem hér  
hefur verið minnt á. Við erum ákaflega ung  
þjóð með tilliti til meðferðar utanríkismála, og  
sú meðferð hefur gengið vel og illa. Eitt af því,  
sem mig furðar á, er það, að ekki skuli hafa  
verið talað meira um þá óhæfilega meðferð, sem  
höfð var á þessu fiskisöllumáli af mörgum hv.  
þm., og þeim skrifum, sem um það hafa verið  
birt í blöðunum. Það verðum við að gera okkur  
ljóst, að sú aðferð að niða samninginn niður  
svo mikið eins og gert var varð til þess, að  
Englendingar bjóða okkur að sleppa samningu-  
m. Og það er náttúrliga sá snoppungur á þjóð-  
ina sem það er, að hinir kritiklausu menn, sem  
eggja á að sleppa samningnum, vilja svo ekki  
sleppa honum. Og síðan ég skrifaði um þetta  
mál, hef ég ekki séð einn einasta mann skrifa  
um málið, því að þessi úlfabytur var sleginn  
niður, þegar menn vissu, að annaðhvort urðu  
þeir að halda samningnum eða sleppa honum.

Ég álit, að það hefði átt að vera opinber at-  
kvgr. um þetta mál, þó að það væri rætt á lok-  
uðum fundi. Því að úr því að deilur urðu út af  
samningnum, þá var rétt, að þjóðin fengi að  
sjá, hvar hún stóð. Það þarf þjóðin að muna hér  
eftir, að það er ekki til neins annað en að gang-  
ast við sínum gerðum.

En út af því máli, sem hér liggur fyrir, sem  
gæti orðið okkur til upplæringar á ýmsan hátt  
(ef ég mætti nota það orð), að við þm. höfum  
ekki verið nógu varkárir með að geyma sumt  
af því, sem átti að vera geymt, þá vil ég minna

á það, að það vildi svo til, að sá maður, sem átti heiðurinn af því, að utanrnm. var komið á, Héðinn Valdimarsson, og sem lenti — sem líka vel fór á — í n., hann átti í ákaflega mikilli deilu, sem var milli hans sem nefndarmanns og annarra í n., út af samningi, sem Jón Árnason og núverandi hæstv. atvnrh., Ólafur Thors, stóðu að. Hann (HV) var ákaflega mikið á móti þessum samningi og taldi það skyldu sína gagnvart föðurlandinu að birta samninginn, og hann sagði strax, að hann mundi gera það, og gerði það. Hvort sem það nú var rétt af honum að gera þetta eða ekki, urðu um þetta harðar deilur, að hann birti þennan samning. En í því máli var það klippt og skorið, að þessi hv. þm. fór þarna leið, sem var að visu vítt af mörgum mönnum og maður getur fullrytt nú, að hann hefði ekki átt að fara. En hann bæði hélt því fram þá og mun halda því fram enn, að hann hafi haft á réttu að standa. Nú í vetur kom einnig fyrir okkur marga þm. mjög leiðinlegt tilfelli, og það eina tilfelli af þessu tagi, sem okkur hefur verulega stafað hætta af, að einhverjir menn opinberuðu það mál, sem átti að vera leyndarmál. Það var þannig, að það komu vissar umleitanir frá merku mönnum í Bandaríkjunum hingað til ríkisstj., sem síðar kom fram að voru um, að þeir álitu nauðsynlegt, að Bandaríkin hefðu hér einhverja bækistöð. Um þetta var rætt á mjög stórum fundi, þar sem voru margir þm. og nokkrir utanþingsmenn, og þar var valið lið. Og ef við litum yfir þann mannalista, munum við sannarlega viðurkenna, að enginn þeirra manna vilji skaða sitt land. En það barst ýtarleg vitneskja af þessum fundi, sem kom svo í einu blaðinu nokkuð mikið afbökðu. Þetta varð til þess, að ég sem formaður utanrnm., án þess að ég hafi haft ástæðu til þess að áfellað nokkurn síðan, hef síðan ekki kallað eins marga menn á fund, þegar við höfum haft fund í n., aðeins til þess að minnka nefndina.

Nú álit ég, að þetta, sem komið hefur fyrir og hér er rætt um, eigum við kannske ekki að taka á eins heitum grundvelli og sumir vilja ræða þetta mál, að eitt blað í bænnum hefur fengið upplýsingar um það, sem ekki átti að birta. En ég fullyrði, að þessu máli á að ljúka þannig, að við þm. allir viðurkennum, að við eigum að vera gætnari hér eftir en áður, svo að við birtum ekki þau mál, sem eiga að vera leynd. Því að það hefur vitanlega fleira slíkt vitnast út frá þinginu heldur en það, sem þessi þrjú dæmi taka til. Þess vegna er það heppilegt, að hv. 1. þm. Rang. hefur tekið tilefni af þessu síðasta tilfelli, sem komið hefur fyrir þess konar, til að ræða þetta. Það má segja, að það hafi verið vítavert af mér að hafa ekki tekið þetta upp í vetur, þegar birt var það, sem gerðist á þeim fundi í utanrnm., sem ég gat um. En ég hef litið svo á, að það væri ákaflega erfitt að lækna þessa lausu meðferð Alþ. á málum. Ég hefði tekið þetta upp í vetur, hefði ég ekki verið þessarar skoðunar, af því að það var ákaflega óheppilegt og óþægilegt, sem þá kom fyrir. En þessar umr. eiga að ná miklu víðar heldur en hér er tilfellið, þó að ég sé fús til þess að taka þátt í umr. um þessa atkvgr. Og ég álit, að það

hafi verið til stórskaða fyrir landið, að hún var ekki látin fara fram á opnum fundi.

**\*Forsrh. (Hermann Jónasson):** Það orkar ekki tvímælis, að það er nauðsyn fyrir afgreiðslu ýmissa stórmála að geta haft um þau fullkominn trúnað og leynd, og á þetta er lögð rík áherzla í öllum þjóðfélögum, sem tilheyrja því, er nefnt er réttarríki. — Það er vitanlega jafn nauðsynlegt fyrir okkur og aðra að viðhafa slíka leynd, og oft geta úrslit hinna mikilvægustu mála oltið á því, að þetta megi takast, því að á vissu tímabili getur staðið þannig á, að afgreiðsla máls sé undir þessu komin.

Hvert einasta þjóðfélag hefur sett um þetta löggjöf, og það höfum vér einnig gert, þ. e. í nýju hegningarlögum, og lagt við því að ljóstra upp því, sem skylt er að þegja yfir á leyningum fundum, allstranga refsingu.

Nú er þessa sérstök nauðsyn fyrir okkur síðan við tókum við okkar utanríkismálum, og þau eru stærri í meðförum og alvarlegri en áður var. Hins vegar er ekki að undra um jafnungt ríki og islenzka ríkið, — sem ekki hefur farið með utanríkismálin að fullu fyrr en nú fyrir skömmu, þótt við höfum ráðið þeim að mestu síðan 1918 —, þótt jafnmikils þroska hvað þessu viðvíkur gæti ekki hjá okkur og öðrum þjóðum, sem vita, hve slík þagmælska er nauðsynleg og mikils virði. Má ef til vill á þann hátt afsaka, að meiri óvarfærni gæti hjá okkur, enda hefur svo óneitanlega viljað við brenna. Þetta er ágalli, sem við verðum að leiðrétta, og það er hættulegt, ef sú leiðrétting tekst ekki.

Hins vegar verð ég að telja það vafamál, hvort á að afgr. þetta mál á þann hátt, sem till. fer fram á, því að um fleiri leiðir er að ræða, sem eru jafneðlilegar, einkum þegar þess er gætt, hvornig við höfum almennt hagað okkur í þessum málum. Ég álit því rétt, að till. verði vísað til n.; en ég ætlast til, að af hinum fáu ummælum mínum um mál þetta sé ljóst, að ég æski þess ekki, að henni verði vísað til n. til þess að verða svæfð þar, eins og oft vill verða. Ég álit, að með því að vísa málum til n. skapist hið rétta svigrúm fyrir Alþ. til þess að afgr. málið með þeirri yfirvegun, sem það á skilið.

Það ætti öllum að vera ljóst, að hér er ekki verulegur vandi á höndum, en verði till. samþ. eins og hún liggur fyrir, hefur Alþ. lagt fyrir sína dómstóla að hefja sakamálsrannsókn. Það kann að vera, að það sé vilji Alþ., en hins vegar þer að taka fullt tillit til þess, sem áður hefur verið gert. Verði till. felld, sem ekki er líklegt, hefur Alþ. kastað frá sér leynd þeirra mála, sem þagmælsku er þörf um, og er slíkt tvímælalaust hættulegt fordæmi.

Það eru möguleikar til þess að afgreiða málið á þann veg frá þinginu, að fullt aðhald skapist í framtíðinni, en þó sé það afgr. með fullri gætni og þannig, að heiðri þingsins sé samboðið. Ég legg því til, að umr. sé frestað og till. vísað til nefndar.

**\*Förseti (HG):** Áður en næsti maður tekur til máls, vil ég leyfa mér að taka hér upp ummæli hæstv. atvnrh., er hann lét falla áðan. Ég atla,



að hann hafi sagt á þessa leið: „Það má mikið vera, ef höndin berast ekki að þeim, sem herra situr en ég á þessari samkundu, áður en umr. lýkur.“ — Á þessari samkundu sit ég herra en hæstv. ráðh., og óska ég, að hæstv. ráðh. gefi skýringu á þessum orðum sínum.

\*Atvmrh. (Ólafur Thors): Ég hygg, að ummælin séu ekki alls kostar rétt eftir mér höfð, en þetta var hugsun mín:

Ef þessi skripaleikur, sem hér er leikinn, á að halda áfram, þá má mikið vera, ef höndin berast ekki að þeim, er situr mér herra á þessari samkundu.

Á ég hér við hæstv. forseta Sp.

Ég vil spyrja hæstv. forseta: Með hvaða rétti hefur hann gefið vottorð um leynilega atkvgr. í Sp.?

Hér hefur verið leikinn skripaleikur af öðrum en hv. 1. þm. Rang., en honum er slík framkoma alveg samboðin. Hér var einnig leikinn skripaleikur á einhverju hátíðlegasta augnabliki í sögu Alþ. — Þegar ríkisstjóri var kjörinn. Við þá kosningu fékk formaður Framsfl. eitt atkvæði. Allir vita, að ef formaður Framsfl. hefði lagt kapp á það að verða ríkisstjóri, þá hlaut hann að fá miklu fleiri atkvæði en eitt, hve mörg skal ég ekkert um segja, en það er á allra vit-orði, að hann hlaut að fá nokkuð mörg atkv. Um þetta atvik var töluvert rétt í blöðunum, og í blaði forseta Sp. var þetta atvik nefnt götu-stráksáttur. Hinir og aðrir hafa verið bendlaðir við að hafa greitt formanni Framsfl. þetta eina atkv. við ríkisstjórakjörið, og ætlunin mun hafa verið sú að láta líta svo út, að hann hefði einskis manns atkv. fengið til starfsins annars en sjálfs sín. Síðan gefur forseti Sp. út yfirlýsingu um það, að rithönd formanns Framsfl. hafi ekki verið á umræddum atkv. séðli. Nú vil ég spyrja hæstv. forseta, hvernig stendur á því, að hann leyfir sér að gefa út yfirlýsingu um það, hvernig atkv. hafi verið greidd við leynilega kosningu hér á Alþ.? (GSv: Hver það um það?) Hver það um það? (GSv: Já, var það einhver, sem greiddi atkv.?) Ég held, að þessi hv. þm., sem sjálfur er forseti, ætti að geta fengið þetta upplýst hjá starfsbróður sínum, — mér finnst satt að segja ærið nóg að eiga í höggi við einn forseta í einu.

Ég tel það, sem hér fer fram, hreinan skripaleik. Á ég þar ekki við ræður þeirra tveggja þm., er síðast töluðu, þeir vilja sjálfsagt, úr því sem komið er, gera sitt bezta til þess að bjarga sóma Alþ. En maðurinn, sem flytur till., og ræður hans í þessu máli sýna ljóslega, að hér er um skripaleik að ræða. Mér finnst tæplega þess vert að fara langt út í að rifja upp sögu þessa máls, en í fáum dráttum hefur þetta gerzt: Ríkisstjórn og viðskiptanefnd gera samning við Breta, og höfðu flokkar Alþ. fengið tækifæri til þess að fjalla um samninginn og samþykkja hann í meginatriðum, og eftir það er engin breyt. á honum gerð. Þegar samningurinn hefur verið undirritaður og ríkisstj. lýst yfir því, með því að ganga að honum, að hún teldi hann góðan, þá kemur það fyrir, að sá ráðherra, sem útflutningsverzlunin heyrir undir, segir, eftir að

samningurinn var undirskrifaður, álit sitt á málinu. Og hvernig? Hann segir, að samningurinn sé eftir atvikum góður, svo langt sem hann nái. Forsrh. er raunverulega búinn að segja þetta sama, því hvernig hefði hann annars átt að vilja gera ábyrgð sem stjórnarforseti á samningsgerðinni. — Ég bætti því við um samninginn, að ef hann væri tekinn einn út af fyrir sig, án þess að hliðsjón væri höfð af ýmsu öðru, sem taka yrði til greina, þá lægi hann flatur fyrir gagnrýni. Hann væri gerður í trausti þess, að Bretar stæðu við loforð sín gagnvart Íslendingum. Þegar svo nokkrir heiðursmenn, sem hér eiga sæti, og einstaka ærlegir Íslendingar utan þings, sjá það, að ég hef látið þessa um sögu falla, þá gleyma þeir því, að hér er verið að selja afurðir landsmanna fyrir um 100 millj. króna, og einnig því, að með því að samningurinn hér á Alþ. hafa þm. raunverulega látið sama álit í ljós og ég á samningnum, — en sjá það eitt, að hér gefist e. t. v. tækifæri til að rægja þann ráðh., sem samningurinn embættislega heyrir undir. Þannig er þessi svívirðingarsaga. Hve mikinn þátt hv. 1. þm. Rang. á í þessum gangi málsins, er ekki vitað, en eðli hans allt og innræti bendir til þess, að hans hlutur sé ekki litill í þessu máli, a. m. k. hefur hann gengið fram fyrir skjöldu hér á Alþ. í því efni. — Það er alveg rétt hjá formanni Framsfl., að það eru einmitt þeir, sem mest hafa vilt samninginn, sem í mestan vanda hafa sett Íslendinga. Þeir, sem eitthvað þekkja eðli Breta, vita, að það er ekki hnefi smárra Íslendinga, sem ræður úrslitum um það, hvort samningsgerð reynist hagkvæm við þá eða ekki. Það er ekkert, sem þjónar betur hagsmunum Íslendinga í slíkum samningagerðum en varfærni og lipurð. Þeir eiginleikar reynast giftudrýgri en illgírni og dómgreindarlaus gagnrýni, svo sem mætt hefur þessum stærsta verzlunarsamningi, sem Íslendingar hafa nokkru sinni gert.

Svo kemur að þeim ólukkudegi fyrir þá, sem rægja þennan samning, að brezka stjórnin segir: Ég er orðin leið á að hlusta á þennan sífellda sön utan af Íslandi, og ef Íslendingar hafa engar þyngri raunir á þessum örlogaríku tímum en fiskisölusamninginn, þá býður brezka stjórnin þeim að losna við hann. Þegar svo er komið og farið er að ræða samninginn fyrir luktum dýrum hér á Alþ., þá sýndu þm. þó svo mikla ábyrgðartilfinningu, það skal játað, að þeir vildu ekki leggja þann bagga á herðar Íslendinga, að þeir færu á mis við friðindi samningsins, þrátt fyrir ágalla hans. Hvað svo? Þegar Alþ. Íslendinga hefur fyrirskipað íslenzku ríkisstj. að skýra brezku ríkisstj. frá því, að Alþ. vilji ekki hagnýta sér riftunarréttinn, en haldi gerðan samning, þá kemur það dæmalausa óhapp fyrir, að Morgunblaðið skýrir íslenzkum blaðlesendum frá því, sem Alþ. hefur fyrirskipað ríkisstj. að tilkynna Bretum. — Þetta er kjarni málsins.

Eins og hæstv. forsrh. sagði, þá er það ekki nein nýjung, að skýrt sé frá því annars staðar, sem gerist á lokuðum fundum í Alþ. Það er þess vegna, að ég tel þetta mál skripaleik. Ef hér væri í fyrsta skipti um slíkt að ræða, þá horfði málið öðruvísi við, en eins og bæði hv.

4. þm. Reykv. og hæstv. forsrh. hafa lýst yfir, þá er um mjög algengan hlut að ræða. Hv. 4. þm. Reykv. skýrði frá því, að löngu áður en hann og hans flokkur áttu sæti á Alþ., vissi hann sem ritstjóri hér í bænum, hverju fram fór á lokuðum þingfundum. Auk þess má vekja athygli á því, að þær fregnir, sem Mbl. birti, gátu engan skaðað, og Íslendingar áttu kröfu á að fá þetta upplýst. En þeir menn, sem höfðu þjónað lund sinni með því að ófrægja samninginn, sáu nú allar stöðir bresta undan málflutningi sínum, þegar Alþ. hafði álitnið samninginn þannig, að ekki væri unnt að komast af án hans. — Þessi fregn í Mbl., þessi dæmalausa slysi, að Íslendingar sjálfir skyldu fá að vita það, sem ríkisstj. var fyrirskipað að skýra brezku stjórninni frá, hafði í för með sér þann skripaleik, sem hér er leikinn. Þetta gæti ef til vill verið til góðs, ef menn villdu taka upp þá venju, þá nýju venju, að það, sem fram fer á lokuðum fundum Alþ., skuli aldrei berast út fyrir þinghúsveggina, en ég vil aðeins benda á, að hér er í meira ráðizt en menn gera sér ljóst, eins og ég hef áður lýst. Það er gersamlega ómögulegt að atlast til, þótt hv. 1. þm. Rang. hafi látið einhver ummæli falla á lokuðum þingfundum, að hann sjái einhverja annmarka á fisk-sölusamningnum, þá láti hann þau hvergi koma fram utan þings.

Nei, ég sé, hvaða hvatir liggja til grundvallar árásum hv. 1. þm. Rang. Mér urðu þær bezt ljósar, þegar ég sá í grg. hans, að ekki sé um neitt að villast, að það hljóti að vera ég, sem sagt hefði Mbl. fregnir af þingfundinum. — Það veit hann fyrirfram. — Og þegar í blaðinu stendur: „Fregnir hafa einnig horizt um . . .“ þá veit þessi þm., að þessu muni ég einnig hafa ljóstráð upp. Ekki fékk ég þetta skeyti, það kom til utanríkismrh. (SvbH: Hver flutti fregnina fyrstur hér á Alþ.?) Ætli það hafi ekki verið ég? Ég býst við því, og það var vegna þess, að hæstv. utanríkismrh. var ekki viðstaddur. Ég spurði hæstv. viðskmrh., hvort ekki væri viðkunnanlegra að ná í utanríkismrh. til þess að hann skýrði frá þessu. En ef það, að ég skýrði fyrstur frá þessu á þingi, á að vera sönnun þess, að ég hafi einnig skýrt Mbl. frá því, verð ég að segja, að slík röksemdafærsla á ekki að heyrast á þessum stað. Þetta er of líkt hugsunarhætti allra lélegustu kjósenda hv. 1. þm. Rang. Hvatirnar, sem liggja á bak við þessa till., eru auðfundnar, og einmitt þess vegna er mál þetta skripaleikur. Um leið og hv. 1. þm. Rang. talar af miklum fjálgleik — rétt eins og hann væri að tala um guð í Timanum í sinni nýju hempu, sem hann er nú farinn að nota, — leikur hann þennan skripaleik hér, að draga utanríkismálin inn í persónulegar ádeilur á andstæðing sinn. Slik framkoma er fyrir neðan virðingu Alþ. Ef þm. hefði borið málið fram í alvöru og það væri ásetningur þm. að útiloka það framvegis, að fregnir bærust af lokuðum fundum, þá hefði nafn ákveðins þm. ekki verið bendlað við þessa fregn. Nei, þetta er til þess að draga utanríkismálin niður í skítinn, eins og flm. till. kemst sjálfur að orði.

Það sýnir líka alvöruleysi þessa hv. þm. í þessu

máli og þjóðmálum yfirleitt, að hann er hér að margendurtaka það, að vegna meðferðarinnar á þessu máli, fisk-sölusamningnum, þá sé hann í miklum vafa um, hvort hann eigi ekki að snúast gegn því. Þm., sem lýsir yfir því, að hann álitni málefni í sjálfu sér gott, en vegna meðferðarinnar á því sé efst í huga hans að snúast gegn því, á ekki skilið virðingu nokkurs manns. Þm. ætti að standa upp og biðjast fyrirgefningar á þessari framkomu sinni.

Ég fyrir mitt leyti hef ekkert á móti því, að þessu máli verði vísað til allshn., eins og hæstv. forsrh. stakk upp á, en þá væntanlega í því skyni, að rakin verði bæði saga þess og annarra hlíðstæðra mála. Ég vil vænta þess, að allshn. kalli á sinn fund hæstv. forsrh. og óski eftir, að hann skýri frá því, við hvað hann átti, er hann sagði, að slíkar frásagnir af lokuðum fundum Alþ. væru ekki sjaldgæfar. Ég vil einnig vænta þess, að hv. 4. þm. Reykv. verði kallaður á fund nefndarinnar og látinn skýra frá, á hvern hátt hann sem ritstjóri fékk vitneskju um það, sem fram fór á lokuðum fundum Alþ., áður en nokkur hans flokksmanna átti sæti á Alþ. Ég vænti þess einnig, að hv. 1. þm. Rang. verði kvaddur á fund nefndarinnar, — ef það þykir þá þess virði, — til þess að gera grein fyrir því, hvernig hann viti, að ég hafi skýrt Mbl. frá umræddri fregn. Þegar svo húið er að yfirheyra okkur alla, — ef við þá sleppum við steininn, — þá skal ég, fyrir mitt leyti, vera með því, að leitast sé við að finna lausn á þessu máli, sem gæti orðið alvara, í staðinn fyrir þessar gamanleiks-umræður.

\*Forseti (HG): Ég skal ekki lengja þessar umr. En út af þeirri skýringu, sem hæstv. atvrmh. gaf áðan, vildi ég segja það eitt, að þar er um tvennt mjög ólíkt að ræða.

Það mál, sem hér er til umr., er um það, að brotinn hefur verið trúnaður við Alþ. með því að bera út fregnir af lokuðum fundum þess. Það er því með öllu óskytt máli því, sem hæstv. ráðh. talaði um og vildi bera það saman við. Þar var um að ræða skriflega kosningu á opnum fundum í sameinuðu þingi.

Ég skal í þessu sambandi taka það fram, að slík vottorðagjöf, sem þar átti sér stað, er mjög óeðlileg. Það kann að orka tvímælis, hvort ástæða var til að gefa slíkt vottorð, af því að þar var um að ræða leynilega kosningu. Ég taldi þó rétt að gera það, en ætla samt ekki að gera grein fyrir þeim ástæðum núna, sem til þess lágu. En þess vil ég geta, að ég álit óheppilegt og óeðlilegt að blanda þessu inn í þessar umr. því að hér er um mjög ólík mál að ræða.

\*Atvrmh. (Ólafur Thors): Ég skal ekki fara að deila við hæstv. forseta sameinaðs þings um hvað er heppilegt og óheppilegt. En það er fullkomlega eðlilegt, að maður, sem er borinn lognum sökum, beri sig saman við hæstv. forseta, sem hefur gefið yfirlýsingu um atkvgr., sem var leynileg. Hver var meiningin með því að hafa atkvgr. leynilega? Hún hlýtur að hafa verið sú, að um hana hefur enginn átt að fá að vita. Og ef hæstv. forseti hefur rétt til að gefa einum

þm. slíkt vottorð, sem þar átti sér stað, þá skilst mér, að honum beri skylda til að bjóða öllum hv. þm. vottorð um það, að þeir hafi ekki kosið svona. Og mundi það ekki verða til þess, að allir fengju þetta vottorð nema sá seki? Ef þannig væri farið að, mundi það leiða til þess, að upp kæmist, hver hefði greitt þetta eina atkv. í leynilegri atkvgr. Og hér á Alþ. eru menn, sem bornir hafa verið þeim sökum að hafa gert þetta, sem kallað hefur verið götu-stráksháttur. Ég hef enga tillægingu til að deila við hæstv. forseta sameinaðs þings, en ég hef gaman af að draga ýmsar myndir fram um leyndina hér á Alþ., og þær geta orðið fleiri áður en lýkur.

**\*Forseti (HG):** Ég vil bara taka það fram, varðandi vottorðið, að sá er munur á í þessu efni, að þar er ekki um neinn vafa að ræða, að ég hef gefið þær upplýsingar, og ég verð að sjálfsgöngu að taka þeim afleiðingum, er af því kann að leiða. Það þarf enginn að bera sök á því nema ég. Sá er reginmunurinn á þessu tvennu.

En varðandi það, sem hæstv. ráðh. minnst á, hvornig því mundi tekið, ef fleiri hv. þm. bæðu um slíkt vottorð, þá munu að sjálfsgöngu verða teknar ákvarðanir um, hvornig slíkum beiðnum skuli svarað.

**\*Flm. (Sveinbjörn Högnason):** Það er nú svo ómerkilegt, sem hæstv. atvnrh. lætur sér um minn fara, að það þarf vitanlega ekki langan tíma til að tala um það.

Hann talaði mest um innræti og eðli manna, sem að þessu stæðu, og það ætti helzt að rannsaka þetta mál eftir því. Hann sagði, að það væri mér einum samboðið að halda uppi þeim málstað, sem haldið er uppi með þessari till. Ég ætla uppréttur og öruggur fyrir Alþ. að velja honum það hlutskipti, er hann hefur valið mér. Annars skal ég ekki fara út í leit að eðli manna. En þegar hann talar um innræti manna og uppruna, vaknar ósjálfrátt í huga manns, hvað honum viðvíkur, það sem Þorsteinn Erlingsson sagði, að „fátt er frá Dönum, sem gæfan oss gaf.“ Ef út í þá hluti væri farið, þá er ég reiðubúinn að fara í mannjöfnuð við hæstv. atvnrh., og við getum svo rætt um það eftir á, hvort hlutskiptið við kjósum okkur heldur.

Þá vildi hæstv. atvnrh. afsaka sig og sinn málstað með því, að þetta væri ekki í fyrsta sinn, sem þetta væri gert. Þetta er nú oft vani heldur óþekkra stráka, sem eru komnir í klipu, að reyna að afsaka sig með slíku sem þessu. En ég álit það ósamboðið ráðh. að verja sinn málstað með því, að aðrir séu ekki betri. Og ég sé ekki, hvað honum er betur settur með það. Að öðru leyti skipar hann sér greinilega á þann bekk, er enginn ráðherra skyldi kjósa sér að sitja á.

Hæstv. ráðh. talaði um það, að ef Alþ. færi að ráðast í það, sem um ræðir í þessari þáttill., — að byggja fyrir þann leka, sem hér hefur átt sér stað —, þá væri í meira ráðlitz en menn gerðu sér almennt grein fyrir. Ég efast ekki um, að mjög erfitt er að fyrirbyggja í framtíðinni

það, sem hér átti sér stað, á meðan menn með sömu skoðanir á þessum hlutum og hæstv. atvnrh. eiga sæti hér á þingi. Það er ákafliga erfitt. Enda virðist hann hafa í hótunum með, að það skuli ekki verða neinn leikur.

Þá er eitt atriði í þessu enn, sem í raun og veru er það lúalegasta í þessu og sýnir bezt innræti hæstv. atvnrh. Hann er stöðugt að tala um það, að ef ég í afstöðu minni hefði haft eitt-hvað við þennan samning að athuga, þá væri ég ekki skyldugur til að þegja yfir því alla ævi. Nú veit hæstv. atvnrh. það, og ég hef tekið það fram, að í þessum samningi eru atriði, sem eru þess eðlis, að enginn hv. þm. lætur sér sæma að birta opinberlega, en bæði ég og aðrir hv. þm. töldum ástæðu til að gefa vissa yfirlýsingu út af. Við höfum farið fram á að fá að birta það, en okkur hefur verið neitað, og í skjóli þess skákar hann, því að hann veit, að við erum líka það drenglyndir að segja ekki frá því, sem okkur er trúað fyrir. Ef við segðum frá þessu, mætti, eftir skoðun hæstv. atvnrh., segja, að það væri okkar málstað til góðs. En þetta, að einn hv. þm. hlaupi með þetta í blóðin og flytji þar sitt sjónarmið í skjóli þess að hinir þegi, er svo „líðilegt“, að ekki er nema einstöku mönnum og blóðum til þess trúandi.

Hæstv. atvnrh. talaði um það, að með þessari málsmeðferð, sem stungið er upp á með þessari till., væri ég að reyna að draga utanríkismálin ofan í skitinn. Ég ætla að leggja það undir dóm Alþ., hvor okkar er líklegri til þess að draga þau ofan í skitinn, — maður, sem kjaftar frá því, sem gerist á lokuðum fundi Alþ., eða maður, sem reynir að stemma stigu fyrir því, að það berist út.

Hvað viðvíkur einni athugasemd, sem hann stagast mest á og er um það, að honum hafi verið opin leið að birta þetta á opnum fundi, þá er því til að svara, að fyrir því er engin afsökun að birta þetta nú. Ég held, að það hafi verið við síðustu umr., sem ég líkti þessu við atburð, sem kom fyrir hér í bænum fyrir skömmu, þegar maður nokkur missti útidyrhurdina frá húsi sínu að næturþeli. En ef við höldum nú þessari samlíkingu áfram og gerum ráð fyrir, að maðurinn, sem stal hurðinni, verði handsamaður, og hann fyndi sér það til afsökunar, að hann hefði átt peninga, sem hann hefði alveg eins getað keypt sér hurð fyrir, þá væri það alveg samþærilegt við þá afsökun hæstv. atvnrh., að honum hefði legið opið fyrir að láta fara fram atkvgr. um þetta á opnum fundi. Ég get ekki skilið, að nokkur samilega viti borinn maður geti tekið þetta fyrir góða og gilda vöru. Og ég er sannfærður um, að enginn dómstóll skoðaði það annað en óvitahjal.

Hvað viðvíkur því, sem hæstv. forsrh. stakk upp á um meðferð málsins, að senda það til hv. allshn., þá vil ég lýsa því yfir, að þó að ég álit, að málið liggja nægilega ljóst fyrir, get ég á það fallitz vegna þess, hvað ég álit málið mikilvægt. En ég vil taka það skýrt fram, að ég geri ákveðna kröfu til þess, að það verði afgr. eins tafarlitíð í hv. allshn. og hægt er, því að ég veit, að mikill hluti þingsins álitur, að hér sé ekki um hégómamál að ræða.

\*Atvnrh. (Ólafur Thors): Það er nú ekki mikið, sem ég þarf að segja út af þessari siðustu ræðu hv. flm.

Það hefur nú farið fyrir honum eins og fyrri daginn, að það dregur heldur úr honum eftir því, sem á liður umr. Og það er sagt honum meira til lofs heldur en margt annað, sem ég hef um hann sagt.

Ég veit ekki, hvers kyns þagmælska og drenglyndi hefur gripið þennan hv. þm. Ég veit ekki, hvað hann á mikið af þagmælsku, en drenglyndi er ekki meira en svo, að hann ætti ekki að eyða því að óþörfu. Ég skil ekki, hvaðan honum kemur þetta óskaplega bann. Hann er eins og krakki. (SvbH: Þá á að svikja það.) Hver getur bannað honum að segja, hvað það er, sem olli því, að hann vildi endilega hafa brezka samninginn, þó hann fyndi eitthvað að honum? Hver er maðman, sem bannar honum það? Hvað er hann að brigzla mér um ódrenglyndi í þessu efni? Ég vil bara segja það, að þó það sé rétt, að komið hafi fram, að Bretar væru þreyttir á gagnrýni, þá getur ekki nokkur maður ætlað til þess, að alþm. séu sviptir þeim rétti að segja frá því, hvaða annmarkar þeim finnist vera á þeim samningi, sem þeir samt álitu svo góðan, að þeir vildu ekki missa hann. Ríkisstj. skýrði frá því, að hún hefði ekkert vald til að fyrirbyggja gagnrýni á honum. Og þetta hjál, sem þessi hv. þm. er að margendurtaka hér, að hann sé of drenglyndur og þagmælskur til þess að skýra frá þeim annmörkum, sem honum fannst á samningnum vera, er satt að segja barnalegt. Hann þegir af því að hann veit, að rök hans eru svo léleg, að þetra er að segja sem svo: Ég sá ýmislegt athugasvert við þennan samning, en ég má ekki skýra frá því, hvað það var. Ég álit, að þessi hv. þm. eigi að koma með það, hvað það var, og tel, að hann hafi fulla heimild til þess. En hann hefur það eins og skáldið sagði:

„Viljirðu svívirða saklausan mann,  
þá segðu engar ákveðnar skammir um hann,  
en láttu það svona í veðrinu vaka,  
að þú vitir, að hann hafi unnið til saka.“

Það er þetta, sem hv. þm. kallar drenglyndi og þagmælsku. Mér getur ekki hugsast að bera á þennan hv. þm., að það sé hann, sem hefur komið þessu í Morgunblaðið. En er nú hægt að fullyrða, að hann hefi ekki gert það? Gæti ekki þessi hv. þm., eins og hann er mikill hrekkjalómur, hafa hugsað sem svo: Nú skal ég senda einhvern inn á „Mogga“ og láta hann segja þessa frétt, þá verður Ólafi kennt um það. — En svona er það með hlutina, að þeir hlutir, sem eiga að fara með leynd, komast upp, en aðrir hlutir, sem ekkert leyndarmál eru, fást ekki upplýstir. Ég hef t. d. verið að rembast eins og rjúpa við staur til þess að fá einhverja skýringu á því, að mjólkin skuli kosta milli 80 og 90 aura hér í Rvík, en bændurnir hér uppi í Mosfellssveit fá ekki nema 30—40 aura fyrir hana. Þetta fæst ekki upplýst, og þó er ég búinn að gera margar tilraunir til þess. Ég hef beðið 2 menn að reyna að rannsaka þetta hjá þeirri n., sem hefur með þetta að gera og hv. fyrri þm. Rang. er form. i, en allt hefur komið fyrir ekki.

Hv. þm. var með svigurmæli í minn garð út af því, að ég væri af dönsku bergi brotinn. Það þykir nú aldrei drengilegt að bregða mönnum um foreldri þeirra. En í þessu tilfalli get ég sagt þessum hv. þm., að mér er það sannur heiður, þegar minnst er á mína foreldra, því að ég er svo gæfusamur að eiga hina ágætustu foreldra, sem eru mér langtum fremri og ég get ævinlega verið hreykinn af.

Það er annars einkennilegt með þennan hv. þm., hvað hann er strákslega ómerkilegur. Það hef ég heyrt sagt af manni, sem allir meta mikils, að ef hann mætti velja á milli þess að segja satt eða logið, þá kjósi hann heldur það logna.

Forseti (HG): Það hefur komið fram till. um að fresta málinu. En á mælendaskrá eru enn þá nokkrir hv. þm., og mun ég ekki fresta umr. gegn vilja þeirra, en vil grennslast eftir því, hvort þeir vilja ljúka máli sínu nú. —

Ég heyri, að hv. þm. vilja halda umr. áfram, og verður það þá gert, en æskilegt væri, að menn gætu stýtt mál sitt.

Páll Zóphóniasson: Herra forseti! Það má segja um álit mitt á atvnrh., sem ég verð víst enn að kalla hæstv., „að lítið var, en lokið er“. Og þetta er af þremur eða fjórum meginástæðum, auk margra, sem minna er um vert.

Sú er fyrst, að ráðh. hefur sýnt það hér við þessar umr., að hann þekkir ekkert til þeirra kafla siðfræðinnar, er ræða um trúnað og drenglyndi. Annaðhvort hafa honum aldrei verið kenndir þeir, hann ekki móttækilegur fyrir þau fræði, eða áhyggjur yfir „fjölskyldusjónarmiðum“ hafa með árunum þurrkað áhrif uppeldisins burt.

Sú er önnur, að hann viðhefur hér í þessum umr. siði og orðbragð götuþráka. Þegar talað er um trúnaðarbrot við Alþ., þá fer hann að ræða um ágæti enska fisksölusamningsins, sem er allt annað mál. Þetta samir ekki ráðherra.

Sú er hin þriðja, að þegar höndin berast að honum, og það má heita sannað, að það sé hann, sem er sögumaður Morgunblaðsins, þá fer hann að eins og götuþrákur og fer að reyna að leiða athyglina frá sér og benda á, að aðrir í öðrum dæmum hafi líka brotið trúnað Alþ. Þetta gera litilmenni oft í rökþrotum og vandræðum.

Og loks er svo sú fjórða, og það er það dæmafáa alvöruleysi, sem þessi maður ávallt sýnir í öllum málum, sem ekki snerta Kveldúlf sérstaklega. Og í þessu máli er þetta svo áberandi, að hann heldur það einhvern gamanleik, þótt vitað sé, að sá niðhöggur er meðal þm., sem lepur í Morgunblaðið það, sem hann hefur sjálfur samþykkt, að skyldi einungis vitnast innan veggja Alþingis.

Ég vil nú aðeins skýra frá staðreyndum í þessu máli, eins og þær liggja fyrir frá mínu sjónarmiði.

Á hinum lokaða þingfundi las hæstv. atvnrh. upp símskeyti frá Pétri Benediktssyni í London, þar sem frá því er skýrt, að við megum rífta fisksölusamningnum, þ. e. segja honum strax upp. Hann segir okkur frá, að þetta skeyti hafi

hann fengið sama morguninn og að ekki sé farið að ræða það við viðskiptanefnd. Eftir því má fullyrða, að ráðherrarnir, eitthvað af skrifstofufólki í stjórnarráðinu og einhverjir starfsmenn á landssímanum hafi þá verið búnir að sjá skeytið og þeir vitað, að við máttum rifta samningnum.

Í svari Valtýs Stefánssonar til forseta, vegna fyrirspurnar hans til Morgunblaðsins um, hvaðan það hafi fengið upplýsingar af lokaða fundinum, segir Valtýr, að margir menn úti um bæinn hafi vitað um innihald skeytisins. Það má því öllum vera ljóst, að þessir mörgu menn úti um bæinn hafa hlotið að fá vitneskju sína um innihald skeytisins frá einhverjum, er þekktu það, en það voru, eftir upplýsingum hæstv. atvnrh., ráðherrarnir einir og svo eitthvað af skrifstofufólki. Þessir eða einhverjir þeirra hafa því hlotið að vera sögumenn þessara mörgu bæjarmanna.

En svo skeður annað. Á lokaða fundinum ber hæstv. atvnrh. fram till. um það, hvort segja skuli samningnum upp frá okkar hálfu eða ekki. Og þetta segir Valtýr líka, að margir menn úti í bæ hafi vitað að átti að gera.

Hver gat sagt mörgum mönnum úti í bæ, hvað hæstv. atvnrh. ætlaði sér að gera, með því að leggja fram till. á lokaða fundinum, annar en hæstv. atvnrh. sjálfur? Höfum við nokkurn mann, sem getur lesið í hug hæstv. atvnrh. og sagt mörgum mönnum, hvað hann ætli að bera fram á lokaða fundinum og láta ganga til atkv. um, annan en hann sjálfan? Sjá nú ekki allir, hver strákurinn er, sem lapið hefur í Morgunblaðið? Ég held það liggi ljóst fyrir. Og sá maður hefur fyrirtært virðingu minni, sem raunar var lítil áður, en er nú með öllu horfin.

\*Einar Olgeirsson: Ég held ég verði að óska hæstv. atvnrh. til hamingju með nýja hjálpar-kokkinn, bæði í þessu máli og öðrum. Það væri hins vegar skemmtilegra, að þeir bæru sig betur saman, svo að þeim beri ekki eins mikið á milli.

Hæstv. atvnrh. lýsti því yfir, að þjóðstjórnin hefði sett hnefann í borðið, og þá hafi sjálft heimsveldið guggnað. En hv. þm. S.-P. sagði: „eftir að ég skrifaði um málið, þá þorði enginn að vera á móti samningnum.“ Það þurfti ekki meira til.

Hins vegar virðist þessum hv. þm. ekki bera mikið á milli í því, hvernig rétt sé að fara með leyndarmál Alþ. Hv. þm. S.-P. þykir rétt, að þjóðin fái að vita, hvar hún stendur. Hæstv. atvnrh. hafði áður tekið skarið af og sagt, að Morgunblaðið ætti þakkir skilið fyrir það að bæta úr yfirsjón Alþ. Annars vil ég segja það í sambandi við það, sem hér er rætt, og þá sérstaklega til hæstv. atvnrh., úr því að hann æskir eftir uppljóstrunum: Hver ljóstraði upp tveim leyndarmálum síðasta fundar í Sp.? Ég hygg, að það hafi verið hæstv. atvnrh. sjálfur, þannig að allt þingið heyrði. Annað málið var um það, hvort það ætti að greiða fiskinn í dollurum, hitt málið kom fram í skeyti, sem hann las upp hér í hv. d.

Hvers vegna lætur hæstv. atvnrh. Morgunbl. ekki gera þetta um dollarana að opinberu máli?

Hvernig stendur á því, að Morgunbl. þegir um þetta mál? Því lætur það ekki fólkíð fá eitt-hvað að vita um þetta? Mig langar að spyrja hæstv. forsrh.: Hvernig stendur á því, að hann sér sér ekki fært að láta sitt blað, „Tímann“, birta eitthvað um þetta mál, dollarana? Þessi hæstv. ráðh. mun ekki hafa talið rétt að skýra sínu blaði frá þessu, því að „Tíminn“ kemur með fyrirspurn um það, hvort það muni vera einhver krafa frá Bretlandi að banna gagnrýni á ákveðnum málum. Má ég nú spyrja: Er það, sem hæstv. atvnrh. sagði um skeytið, leyndarmál? Ef það er ekki leyndarmál, hvaða ástæða var þá fyrir ráðh. Framsfl. að neita sínu blaði um upplýsingar? En hins vegar, svo framarlega sem atvnrh. telur þetta leyndarmál, þá er hér um trúnnarbrof að ræða við ríkisstj. En fyrst menn eru hér að ræða um það, hvað Morgunblaðið sagði, væri ekki fjarri lagi að þm. fengju að vita, hvað það var, sem „Tíminn“ gat ekki fengið upplýsingar um hjá sínum ráðh. í ríkisstj., og hvað það er, sem Morgunbl., þessi forsjón Alþ., ekki sér ástæðu til að skýra sínum lesendum frá. Hvernig stendur á því, að það er þagað um það, hvort greiða eigi fiskinn í dollurum? Hvað þurfum við framar vitnanna við? — Svo langar mig til þess að minnast á hinn uppljóstrunarmanninn, hv. þm. S.-P., form. utanrnm. Hann fór að minnast á þessi mál hér áðan og lýsti yfir því, að miklir menn í Bandaríkjunum hefðu farið þess á leit, að Bandaríkin fengju hér einhverjar þækistöðvar, og í tilefni af þessu hefði verið kallaður saman fundur, ekki Alþ. Það þurfti ekki að kveðja það til fundar um þau mál, það voru kallaðir saman aðrir menn. Það voru kallaðir saman, efir upplýsingum form. utanrnm., allmargir þm. og nokkrir utanþingsmenn, og þessi form. utanrnm. upplýsti, að þetta hefði verið valið lið. Ég skal ekki um það segja, af hverjum þetta lið hefur verið valið, en þetta valda lið er ekki meira úrval en svo, að það, sem það sagði og gerði, fer út um borg og bý! Hvers konar aðfarir eru þarna á ferðinni? Ég er ekki reiðubúinn til þess að trúa þessu eins og það liggur fyrir hjá hv. þm. S.-P. — Ég vildi æskja þess, að hæstv. forsrh., sem ég held, að hafi gefið upplýsingar um þetta efni alveg þveröfugt við það, sem form. utanrnm. gerði, upplýsti, hvort þetta er satt, að hann hafi upplýst þetta. (Forsrh.: Ég hef aldrei sagt neitt um það, hvorki til né frá.) Því miður má ég ekki segja frá samtali, sem fór fram milli okkar í samandi við umr. um þessi mál. En það, sem ég vildi segja, er þetta: Hvers konar meðferð er þetta á okkar utanríkismálum, að einn þm., form. utanrnm., ásamt einhverjum mönnum utan úr bæ taka svo stórkostlega þýðingarmikil mál til meðferðar, og að Alþ. Íslendinga er ekki látið vita af þessum málum? Hvers konar endileysa er það, sem slík meðferð á utanríkismálum er? Ég man ekki betur en að ég heyrði það sagt fyrir skömmu, að enginn fundur hefði verið hjá utanrnm. um langt skeið. Ég verð að segja það, að ég held, að þeir hv. þm., sem sæti eiga í n., viti lítið um það, hvernig eigi að fara með utanríkismál, hvað þá heldur þýðingarmikil utanríkismál. A. m. k. held ég, að það væri betur

komið þannig, að hv. þm. S.-Þ. kæmi ekki nærri þessum málum. —

Ég hef hér minnzt á nokkur mál, sem hæstv. atvnrh. gaf tilefni til, að minnzt væri á í sambandi við þetta mál, og fyndist mér eðlilegt, að þau væru athuguð í sambandi við þetta uppljóstrunarmál. Ég hef áður lýst fylgi mínu við þessa till., og álit ég rétt, að hún sé samþ. Það er engin afsökun í þessu máli að halda því fram, að slíkar uppljóstranir hafi komið fyrir áður. Sízt af öllu er það afsökun fyrir þá, sem ljósstra upp 1—2 stórkostlegum leyndarmálum í viðbót, þegar þeir sjálfir tala um það, að menn eigi að vera sjáandi í þessum málum.

**\*Flm. (Sveinbjörn Högnason):** Ég skal ekki vera langorður að þessu sinni. Í þessum umr. er það þó orðið burt, að hæstv. atvnrh., sem lengst hefur gengið í því að verja þetta mál, finnst nú jafnvel skömm til þess koma, og hann reynir að finna einhverja leið út úr ógöngunum, sem náttúrulega er alveg jafngáfuleg eins og annað fleira, sem hann hefur slutt í þessu efni.

Þessi hæstv. ráðh. segir, að hann geti alveg eins vel trúað því, að ég hafi gert þetta, ég hafi farið til Morgunblaðsins til þess að fá tækifæri til að ráðast á hann fyrir að hafa gert þetta, og má af því sjá, að hæstv. ráðh. þykir ekki sómi að þessu máli og vill því gjarnan koma því yfir á mig. En ég get fullvissað hæstv. atvnrh. um það, að hann er orðinn burt að því, hver er hans afstaða í þessu máli, svo að það er tilgangslaust fyrir hann að reyna að koma skömminni af sér. Þá ferst hæstv. atvnrh. líkt og drengjum, sem eru að mana hvor annan, annar hefur hlaupið ofan í fjóshauginn og segir svo við hinn: Þú þorir ekki, þorir ekki. — En ég get fullvissað hæstv. atvnrh. um það, að hvað mikið sem hann manar mig, þá hef ég þó það mikla ábyrgðartilfinningu gagnvart Alþ., að ég mun aldrei hlaupa ofan í það hyldýpi, sem hann situr nú fastur í. Ég vil mælast til þess við hæstv. forseta, að það verði tekin til athugunar og lögð fram við næstu umr. rök hæstv. atvnrh. og gögnin frá brezkur ríkisstj., svo að mér gefist tækifæri til að gefa upplýsingar gagnvart minni atkvgr. Ef þetta verður ekki gert, skoða ég mig bundinn mínu þagnarheiti. Mér er sama, hvað maður eins og atvnrh. manar mig til að brjóta mitt þagnarheiti, — ég geri það ekki.

Þá vildi hæstv. atvnrh. koma því inn, að ég vildi frekar fara með ósatt mál, ef ég gæti, heldur en hitt. Ég skal nú aðeins benda á dæmi um það, að hæstv. atvnrh. fer heldur með ósatt mál en satt, ef hann getur. Þó að málið sé óskýlt, skal ég taka það til dæmis, að hv. þm. segir, að útborgunarverð mjólkur sé 30—40 aurar samtímis því, sem útsöluverð sé 80 aurar. Í þessu tilfelli kys hæstv. atvnrh. fremur að segja visvitandi ósatt en satt.

**\*Atvnrh. (Ólafur Thors):** Ég verð að játa það, að ég skil ekki, hvaða stig sauðfjársjúkdóma hefur gripið hv. 1. þm. N.-M. Ég verð að segja það, að ég skildi ekki hans hugsanagang rétt vel, en þó mátti af því, sem hann sagði, ráða það, að ég hefði átt að segja Morgunblaðinu frá

þessari fregn áður en Alþ. hafði tekið afstöðu til málsins. (PZ: Hver kom með þá till. á fundinum?) Er sjúkdómurinn orðinn svona magnaður? Getur ekki maðurinn skilið það? Hverjum dettur annað í hug, ef sú fregn berst, að Íslendingar geti fengið einhliða riftunnarrétt á stærsta verzlunarsamningi, sem gerður hefur verið, en að Alþ. eigi að taka ákvörðun um það, hvort honum skuli riftað eða ekki? Hvaða skripalæti eru hér á ferðinni? Það er yfirgangantlegt ólán, að maður skuli þurfa að hlusta á svona þvaður í alvarlegum málum.

Varðandi þau ummæli hv. 1. þm. Rang., að ég hafi gripið til ósanninda vitandi vits, af því að ég hefði heldur viljað segja ósatt en satt, og að ég hafi sagt, að bændur fengu milli 30—40 aura fyrir mjólkurlitrann, vil ég taka þetta fram. Ég átti þátt í því nú fyrir 1—2 mánuðum — ég skal bæta því við, að heimildin er náttúrulega ekki merkileg, en er höfð eftir tveim merkum bændum, þeim Stefáni í Reykjahlíð og Einari bónda í Lækjarhvamm, — að spyrjast fyrir um það, hvert útborgunarverðið væri, og sögðu þessir menn mér, að hv. 1. þm. N.-M. hefði sagt, að mjólkurverðið mundi verða ráml. 38 aurar. (PZ: Ekki satt.) — Hér kom fram góð uppástunga frá hv. 1. þm. Rang. um, að þessi skjöl í málinu verði prentuð, og vil ég beina því til hæstv. atvnrh., hvort það er ekki hægt. Svo þegar það er búið, skora ég á þennan hv. þm. að koma fram úr þessu skjóli og gera grein fyrir því, hvað það er, sem hann er að reyna að koma sér undan.

**Þáll Zóphóníasson:** Ég vil í fyrsta lagi upplýsa það, að það hefur verið horið undir þm. til álits margt viðvikjandi utanríkismálum án þess að gengið hafi verið til atkv. um það; umræðurnar og undirtektir þær, er málin í þeim fengu, hafa átt að vera leiðbeinandi fyrir ríkisstjórnina. Þetta er hið eina mál, sem gengið hefur verið til atkv. um á lokuðum fundi. Þess vegna er það, að þegar einn ráðh. kemur með munnlega till., sem enginn annar veit um en hann sjálfur, þá hefur enginn annar en hann sjálfur getað sagt frá því, að það eigi að bera fram till. á fundinum. Ég vænti þess, að það, sem ég segi nú, geti enginn úti í bæ sagt um, hvað er, nema því aðeins, að ég hafi áður sagt, hvað ég ætlaði að segja á þessari stundu. Ólafur Thors kom með munnlega tillögu á fundinum, og enginn gat vitað um hana nema hann og þeir, sem hann hefur sagt, að hann ætlaði að koma með hana. Morgunblaðið veit um tillöguna, og Ólafur Thors hefur því sjálfur orðið að segja því frá, hvað til stæði. Ég vænti þess að hæstv. ráðh. skilji þetta.

Það er alveg rétt, sem ráðh. sagði, að Einar í Lækjarhvamm og Stefán í Reykjahlíð spurðu mig um það, hvert mundi verða útborgunarverð fyrir mjólk til bænda á þessu ári. Ég sagði þeim það, að að óbreyttum ástæðum mundi meðalverð til bænda verða í kringum 45 aur., en bætti því við, að það væru 3 fagfélög, sem ekki mætti binda kaup hjá, og væru þau búin að segja upp samningum, og mundi það hafa þau áhrif, að mjólkurverðið mundi lækka um dálítið á annan

Trúnaðarbrót við Alþingi. — Lambaupveldi á mæðiveikisvæðinu.

eyri til bænda, ef kaupið hjá þeim hækkaði eins og þau fara fram á nú. Og ráðherrann, sem ég neyðist til að kalla hæstvirtan, vill ekki binda kaupið, heldur láta mjólkina til bænda hækka í verði við kauphækkarnirnar.

\*Atvrmh. (Ólafur Thors): Það stendur hér fullyrðing móti fullyrðingu. En varðandi það mál, sem hér liggur fyrir, þá skal ég endurtaka það í fyrsta lagi, að það hlutu allir að vita, að það lá fyrir, að þm. skyldu greiða atkv. á fundinum um þetta mál. Hvernig átti líka að skera úr þessu máli nema með atkvgr.? Ég vil loks segja frá því, að á stjórnarfundum kl. 11—12 var borin upp till. um það, hvort það ætti að athuga þessa till. eða ekki. Fyrst var lesin upp aths. ríkisstj., síðan aths. viðskiptan., síðan var till. loks lesin hér upp. Það var því vitað, að till. átti að koma fram. Það er því ljóst, að það hlaut að berast út um bæinn, að þessi till. yrði tekin til meðferðar og atkvgr. mundi fram fara um hana. Það dettur engum í hug að halda því fram, að starfsmenn ríkisstj. hafi farið að hlaupa með þetta. Nei, það er óhætt að segja, að þetta mál er frá upphafi til enda ómerkilegt þvaður, sem hvergi á neina stoð, hvorki í sannleika né réttri hugsun.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 26 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 15. fundi í Sp., 20. nóv., var till. tekin til frh. einnar umr. (A. 12, n. 72).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið frammar.

## 2. Lambaupveldi á mæðiveikisvæðinu.

Á deildafundum 3. nóv. var útbýtt frá Sp.:

Till. til þál. um hækkað fjárframlag til fjár-eigenda á mæðiveikisvæðinu til lambaupveldis (A. 25).

Á 11. fundi í Sp., 10. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 12. fundi í Sp., 17. nóv., var till. aftur tekin til fyrri umr.

\*Flm. (Jón Pálmason): Þessi þáltill., sem hér liggur fyrir á þskj. 25, frá mér og hv. 5. landsk. þm., fer fram á það að skora á ríkisstj. að hækka það fjárframlag, sem veitt er til stuðnings bændum á fjárpestarsvæðinu, þannig að hægt verði að greiða 25 krónur á lamb í uppeldisframlag á þessu ári.

Ástæðurnar fyrir þessari brtt. eru að mestu teknar fram í grg. hennar, sem eru þær, í fyrsta lagi, að eftir því, sem fjárpestin útbreiðist meira og varnirnar gegn útbreiðslu hennar bila meira, eftir því verða líkurnar minni fyrir því, að hægt verði að grípa til þeirra ráðstafana, sem orðaðar hafa verið, að útrýma þessum voða með niðurskurði, og þá er brýn þörf á að koma í veg fyrir,

að sú framleiðsla, sem byggist á sauðfjárræktinni, leggist niður eða minnki á þessum svæðum, sem fyrir þeim vágesti hafa orðið sem fjárpestin er. Í öðru lagi er þess að geta, að það, sem farið er fram á hér, sem sé að framlagið verði 25 kr. á lamb í uppeldisframlag, er ekki hlutfallslega hærra framlag, miðað við verðlagsbreyt. þá, sem orðið hefur í landinu, heldur en þessi styrkur upphaflega var.

Í þriðja lagi er þess að geta, að þeir örðugleikar, sem landbúnaðurinn á nú við að stríða og m. a. gera það að verkum, að fólkið fer meira frá þeirri framleiðslu nú heldur en þó áður hefur verið, þeir koma náttúrulega langharðast niður á þeim landshlutum, sem hafa skerta sína framleiðslu jafnmikið og orðið er á þessum fjárpestarsvæðum.

Ég tel þess vegna, og við flm. þessarar þáltill., að það sé mjög sanngjarnt að fara þessa á leit, sem þáltill. er um, m. a. vegna þess að við teljum, að tilkostnaður við framleiðslu landbúnaðarvæðis verði svo mikill í samanburði við verð á þeim, að sanngjarnt sé að hækka þetta framlag. Og ég fyrir mitt leyti tel, að sú hvatning, sem í þessari hækku felst, ef samþ. verður, sé eina leiðin til þess, að sauðfjárrækt geti haldizt í viðunandi horfi á fjárpestarsvæðinu.

Ég geri ráð fyrir því, eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, að þessi þáltill. muni hafa það í för með sér, ef samþ. verður, að hækka þurfi fjárframlag til þessara uppeldisframlaga sem svarar hátt á þriðja hundrað þús. króna. Það munu hafa verið síðast um 20000 kindur, sem veittur var uppeldisstyrkur á, og má ætla, að tala þeirra kinda verði eitthvað svipuð næst. Þess er að visu að geta, að það hefur enginn látið sér detta annað í hug en að þessi styrkur yrði eitthvað hækkaður, þó ekki yrði að því marki, sem við flm. þáltill. leggjum til. En annars er um það atriði það að segja, að ég geri ráð fyrir því sem sjálfsögðu, að það verði athugað nánar í hv. fjvn., sem ég geri till. um, að þessari þáltill. verði vísað til að þessari umr. lokinni, hve mikil fjárútlát þetta hefur í för með sér.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv. og til fjvn. með 29 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Sp., 20. nóv., var till. tekin til síðari umr. (A. 25, n. 62, 75).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið frammar.

**3. Vinnuafli í setuliðsþjónustu.**

Á deildafundum 7. nóv. var útbýtt frá Sp.:  
Till. til þál. um ráðstafanir til þess að takmarka íslenskt vinnuafli í þjónustu brezka og ameríska setuliðsins á Íslandi (A. 35).

Á 11. fundi í Sp., 10. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 12. og 15. fundi í Sp., 17. og 20. nóv., var till. tekin til einnar umr. (A. 35, 53).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið fram.

**4. Áfengisverzlanið ríkisins og vínsöluleyfi veitingahúsa.**

Á deildafundum 18. nóv. var útbýtt frá Sp.:  
Till. til þál. um lokun áfengisverzlana ríkisins og afnám vínsöluleyfis veitingahúsa (A. 54).

Á 14. fundi í Sp., 19. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 15. fundi í Sp., 20. nóv., var till. tekin til einnar umr. (A. 54, 63).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið fram.



**VIÐBÆTIR**

## Alþingisreikningur

frá 1. janúar til 31. desember 1941.

(Yfirlit.)

## Tekjur:

I. Fyrir seld Alþingistiðindi o. fl. ....	kr.	245.00
II. Innheimtur hluti af hitunar- og lýsingarkostnaði alþingishússins 1940 --1941, vegna húsnæðisafnota gagnfræðadeildar menntaskólans í húsinu .....	-	1845.50
III. Vextir af innstæðu í hlaupareikningi við Landsbankann .....	---	28.80
IV. Ávísað úr ríkissjóði samkv. ávísana- og gjaldabókum þingsins:		
a. Alþingiskostnaði .....	kr.	552587.49
b. Fyrir yfirskoðun ríkisreikninga .....	---	7862.49
		560449.98
	Samtals	kr. 562569.28

## Gjöld:

## A. Samkvæmt 9. gr. 1. í fjárlögum (alþingiskostnaður):

I. Þingfararkaup alþingismanna:		
a. Á aðalþingi (sjá fylgiskjal I) .....	kr.	157535.25
b. - fyrra aukþingi (sjá fylgiskjal II) .....	---	7920.00
c. síðara - (sjá fylgiskjal III) .....	---	64479.10
		kr. 229934.35
II. Goldið starfsmönnum:		
a. Föst laun o. fl. [laun skrifstofustjóra kr. 11181.00, fulltrúa kr. 11300.00, aðstoðarm. kr. 8488.00, húsvarðar kr. 5690.00] .....	kr.	36659.00
b. Lausum starfsmönnum:		
1. Á aðalþingi [skrifst. og prófarkalestur kr. 9798.70; skjalavarzla og afgreiðsla kr. 3208.58; lestrarsalsgæzla kr. 2617.40; innanþingsskriftir kr. 32652.62; þingfréttamaður í útvarpi kr. 2512.40; dyra- og pallavarzla kr. 10513.62; þingsveinsstörf kr. 5487.71; símavarzla kr. 3166.46; fatagæzla kr. 2899.32] .....	kr.	72856.81
2. Á fyrra aukþingi .....	---	1215.24
3. - síðara - [skrifst. og prófarkalestur kr. 2552.00; skjalavarzla og afgreiðsla kr. 1000.00; lestrarsalsgæzla kr. 1020.00; innanþingsskriftir kr. 10355.32; þingfréttamaður í útvarpi kr. 888.57; dyra- og pallavarzla kr. 5120.00; þingsveinsstörf kr. 1526.00; símavarzla kr. 1316.00; fatagæzla kr. 960.00] .....	---	24737.89
		98809.94
		135468.94
III. Útgáfukostnaður Alþingistiðinda og önnur prentun:		
A. Útgáfukostnaður Alþingistiðinda:		
1. Skjalapartur og þingskjöl 1941:		
a. Aðalþing:		
1. Prentun á 18 örkum A-deildar (stjfrv.), án sérprentana, á kr. 232.75; hefting kr. 326.70; kápa kr. 28.50; aukalíming kr. 33.75 .....	kr.	4578.45
2. Prentun og hefting á 114 örkum með sérprentunum, þar af 2 á kr. 328.10 og 112 á kr. 352.40; 5 kápur á kr. 30.60;		

Flyt: kr. 4578.45

kr. 365403.29

	Flutt: kr. 4578.45	kr. 365403.29
	aukalíming á 5 hefti á kr. 36.00; litprentun fánamynda ásamt myndamótum kr. 448.20; uppbót fyrir setningu á þingmannaskrá kr. 72.50 .....	— 40978.70
3. Pappír í skjala-part, í sérprentanir og kápur ..	— 6666.00	kr. 52223.15
b. Haustþing:		
1. Prentun og hefting á 10 örkum, með sérprentunum, þar af 8 á kr. 376.75 og 2 á kr. 425.35; kápa kr. 36.95; aukalíming kr. 43.30 .....	kr. 3944.95 — 622.25	
2. Pappír .....	— 4567.20	kr. 56790,35
2. Af umræðuparti 1941:		
a. Prentun á 40 örkum B-deildar aðalþings, þar af 30 arkir á kr. 298.00 og 10 arkir á kr. 336.45; hefting kr. 877.25; 2 kápur, önnur á kr. 32.75, hin á kr. 36.95; aukalíming á 2 hefti, samtals kr. 81.55 .....	kr. 13333.00	
b. Pappír .....	— 1788.50	— 15121.50
3. Útsending [burðareyrir kr. 552.30; afgreiðsla kr. 1437.00] .....	— 1989.30	kr. 73901.15
B. Önnur prentun [prentun dagskráa kr. 2437.25; lagaprentun o. fl. kr. 4250.55; prentun á þingmannaskrá, mælendaskrá, launaskrá, nefndaskrá o. fl. kr. 1738.55; fjölritun kr. 501.80] .....	— 8928.15	kr. 82829.00
IV. Bókband (kr. 846.20), bækur (kr. 1432.50), ritföng (kr. 510.44) .....	—	2789.14
V. Ljós, hiti, ræsting og kostnaður af húsi og munum:		
1. Ljós og önnur raforka (kr. 1509.98), ljósfæri (kr. 544.90) .....	kr. 2054.88	
2. Hiti [eldsneyti kr. 10826.95; hitagæzla kr. 2490.19] .....	— 13317.14	
3. Ræsting [ræstingarvinna kr. 8014.68; ræstingarvörur kr. 805.82] .....	— 8820.50	
4. Kostnaður af húsi [breyting innan húss kr. 21857.96; rafmagnseldavél ásamt lögn kr. 708.88; járnhlerar í loftvarnabyrgi kr. 2828.70; ýmsar aðgerðir o. fl. kr. 627.24] .....	— 26022.78	
5. Kostnaður af munum [húsgögn í flokkaherbergi, gluggatjöld, gólfábreiður o. fl. kr. 19479.47; ýmsir munir kr. 493.80; ýmsar aðgerðir o. fl. kr. 500.76] .....	— 20474.03	— 70689.33
VI. Önnur gjöld:		
1. Aðstoð og aukavinna [aðstoð söngflokks við þingsetningu þrisvar á árinu kr. 475.00; þóknun til Lárusar Blöndals fyrir umsjón með bókasafni þingsins kr. 919.50; aukavinnu Péturs Lárussonar kr. 262.00; aðstoð Lárusar Péturssonar við leiðréttingu fjárlagafrv. o. fl. kr. 200.00; aðkeypt véritun kr. 50.00] .....	— 1906.50	
2. Kostnaður af einstökum nefndum [til ritara fjárveitinganefndar, Haralds Matthíassonar, kr. 1472.32; til ritara utanríkismálanefndar, Stefáns Þorvarðssonar, kr. 3474.00; ferðakostn. fjárveitinganefndar o. fl. kr. 558.60] .....	— 5504.92	
3. Símagjöld Alþingis [afnotagjald af sínum, breyting á símalögn o. fl. kr. 3127.60; símtöl og símskeyti frá forsetum og skrifstofu kr. 50.65] .....	— 3178.25	
4. Símanot þingmanna .....	— 10031.46	
	Fyt: kr. 20621.13	kr. 521710.76

Viðbætur.  
Alþingisreikningur 1941.

	Flutt:	kr. 20621.13	kr. 521710.76
5. Þinghúsgarðurinn .....	—	928.29	
6. Opinber gjöld o. fl. [vatnsskattur kr. 755.25; brunabótaiðgjald kr. 303.75; iðgjald af jarðskjálftatryggingu kr. 473.27; slysatryggingar-iðgjöld fyrir ræstingarkonur og þingsveina kr. 123.63] .....	—	1655.90	
7. Ýms gjöld [blómsveigar á leiði Jóns Sigurðssonar og við útför þriggja fyrrv. þingmanna kr. 335.00; risnukostnaður forseta kr. 3232.85; ökukostnaður kr. 64.00; kostn. af þingskrifaraprófi kr. 71.00; keypt málverk af Jóni Sigurðssyni, forseta, kr. 3500.00; kostn. af hillugerð í upplagsgeymslu Alþt. í háskólahúsinu o. fl. kr. 2549.56; auglýsingar kr. 32.00; leiga fyrir pósthólf kr. 6.00] ..	—	9790.41	— 32995.73
			kr. 554706.79
<b>B. Samkv. 9. gr. 2. í fjárlögum (yfirskoðun ríkisreikninga):</b>			
VII. Laun yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna [3 × 1250 kr. + verðlags-uppbót, 59 <sup>2</sup> / <sub>100</sub> % = kr. 5987.49; uppbót til yfirskoðunarmanna RR 1939 kr. 1875.00]	—		7862.49
		<b>Samtals</b>	<b>kr. 562569.28</b>

Skrifstofu Alþingis, 1. apríl 1942.

*Jón Sigurðsson.*

Fylgiskjal I.

**Þingfararkaup alþingismanna á aðalþingi 1941.**

Nöfn	Dagpeningar og verðlagsuppbót			Ferða- kostnaður o. fl. 1)	Þing- fararkaup alls
	Dagpen- ingar 15 kr. á dag	Verðlags- uppbót	Dagpen. og uppbót alls		
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
1. Árni Jónsson, 9. landsk. þm. ....	1845.00	912.45	2757.45	»	2757.45
2. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf. ....	1845.00	912.45	2757.45	»	2757.45
3. Bergur Jónsson, þm. Barð. ....	1845.00	912.45	2757.45	625.00	3382.45
4. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf. ....	1965.00	969.75	2934.75	820.00	3754.75
5. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr. ....	1845.00	912.45	2757.45	655.00	3412.45
6. Bjarni Bjarnason, 2. þm. Árn. ....	1890.08	934.20	2824.20	701.00	3525.20
7. Bjarni Snæbjörnsson, þm. Hafnf. ....	1845.00	912.45	2757.45	625.00	3382.45
8. Brynjólfur Bjarnason, 1. landsk. þm. ....	1845.00	912.45	2757.45	»	2757.45
9. Einar Árnason, 2. þm. Eyf. ....	1995.00	983.55	2978.55	810.00	3788.55
10. Einar Olgeirsson, 4. þm. Reykv. ....	1845.00	912.45	2757.45	»	2757.45
11. Eiríkur Einarsson, 8. landsk. þm. ....	1875.00	912.45	2757.45	»	2757.45
12. Emil Jónsson, 6. landsk. þm. ....	1845.00	912.45	2757.45	625.00	3382.45
13. Erlendur Þorsteinsson, 10. landsk. þm. ...	1845.00	915.60	2760.60	875.00	3635.60
14. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S.-M. ....	1845.00	912.45	2757.45	»	2757.45
15. Finnur Jónsson, þm. Ísaf. ....	1965.00	970.80	2935.80	825.00	3760.80
16. Garðar Þorsteinsson, 7. landsk. þm. ....	1845.00	912.45	2757.45	»	2757.45
17. Gísli Guðmundsson, þm. N.-P. ....	1845.00	912.45	2757.45	»	2757.45
18. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk. ....	1995.00	984.60	2979.60	875.00	3854.60
19. Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf. ....	1845.00	912.45	2757.45	»	2757.45
20. Helgi Jónsson, 2. þm. Rang. ....	1905.00	942.15	2847.15	875.00	3722.15
21. Hermann Jónasson, þm. Str. ....	1845.00	912.45	2757.45	»	2757.45
22. Héðinn Valdimarsson, 3. þm. Reykv. ....	1845.00	912.45	2757.45	»	2757.45
23. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M. ....	1995.00	986.70	2981.70	772.00	3753.70
24. Ísleifur Högnason, 4. landsk. þm. ....	1905.00	943.20	2848.20	700.00	3548.20
25. Jakob Möller, 2. þm. Reykv. ....	1845.00	912.45	2757.45	»	2757.45
26. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm. ....	1845.00	912.45	2757.45	»	2757.45
27. Jóhann G. Möller, 6. þm. Reykv. ....	1845.00	912.45	2757.45	»	2757.45
28. Jóhannes Jónasson, 4. (vara)þm. Reykv. .	810.00	414.00	1224.00	320.00	1544.00
29. Jón Ívarsson, þm. A.-Sk. ....	1860.00	922.50	2782.50	725.00	3507.50
30. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv. ....	1890.00	934.20	2824.20	715.00	3539.20
31. Jónas Jónsson, þm. S.-P. ....	1845.00	912.45	2757.45	»	2757.45
32. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn. ....	1905.00	942.15	2847.15	775.00	3622.15
33. Magnús Gíslason, 11. landsk. þm. ....	1845.00	912.45	2757.45	»	2757.45
34. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv. ....	1845.00	912.45	2757.45	»	2757.45
35. Ólafur Thors, þm. G.-K. ....	1845.00	912.45	2757.45	»	2757.45
36. Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M. ....	2115.00	1042.95	3157.95	945.00	4102.95
37. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N.-M. ....	1845.00	912.45	2757.45	»	2757.45
38. Pálmi Hannesson, 1. þm. Skagf. ....	1845.00	912.45	2757.45	»	2757.45
39. Pétur Ottesen, þm. Borgf. ....	1890.00	935.25	2825.25	680.00	3505.25
40. Sigurður E. Hliðar, þm. Ak. ....	1965.00	969.75	2934.75	813.50	3748.25
41. Sigurður Kristjánsson, 5. þm. Reykv. ....	1845.00	912.45	2757.45	»	2757.45
42. Sigurjón Á. Ólafsson, 2. landsk. þm. ....	1845.00	912.45	2757.45	»	2757.45
43. Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv. ....	1920.00	948.00	2868.00	700.00	3568.00
44. Stefán Stefánsson, 3. landsk. þm. ....	1995.00	984.60	2979.60	925.00	3904.60
45. Steingrímur Steinþórsson, 2. þm. Skagf. .	1845.00	912.45	2757.45	»	2757.45
46. Sveinbjörn Högnason, 1. þm. Rang. ....	1905.00	942.15	2847.15	875.00	3722.15
47. Vilmundur Jónsson, þm. N.-Ísf. ....	1845.00	912.45	2757.45	»	2757.45
48. Þorsteinn Briem, þm. Dal. ....	1905.00	943.20	2848.20	670.00	3518.20
49. Þorsteinn Þorsteinsson, 5. landsk. þm. .	1950.00	962.85	2912.85	820.00	3732.85
Heimfararkostnaður 12 alþm. í þinghléum (um páska eða hvítasunnu) .....	»	»	»	2438.00	2438.00
Samtals	91230.00	45120.75	136350.75	21184.50	157535.25

1) Í ferðakostnaðinum er fölginn húsnæðiskostnaður í Reykjavík um þingtimann, 125 kr. á máni. fyrir hvern utanbæjarþingmann, skv. úrskurði þingfararkaupsnefndar.

## Fylgiskjal II.

## Þingfarar kaup alþingismanna á fyrra aukþingi 1941.

Nöfn	Dagpen. og verðlagsuppbót			Ferða- kostnað- ur	Þing- farar- kaup alls
	Dagpen. 15 kr. á dag	Verð- lags- uppbót	Dagpen. og uppbót alls		
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
1. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf. ....	30.00	16.50	46.50	»	46.50
2. Bergur Jónsson, þm. Barð. ....	30.00	16.50	46.50	»	46.50
3. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf. ....	75.00	41.25	116.25	220.00	336.25
4. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr. ....	30.00	16.50	46.50	10.00	56.50
5. Bjarni Bjarnason, 2. þm. Árn. ....	60.00	33.00	93.00	89.00	182.00
6. Bjarni Snæbjörnsson, þm. Hafnf. ....	30.00	16.50	46.50	»	46.50
7. Brynjólfur Bjarnason, 1. landsk. þm. ....	30.00	16.50	46.50	»	46.50
8. Einar Árnason, 2. þm. Eyf. ....	75.00	41.25	116.25	200.00	316.25
9. Eiríkur Einarsson, 8. landsk. þm. ....	30.00	16.50	46.50	»	46.50
10. Emil Jónsson, 6. landsk. þm. ....	30.00	16.50	46.50	»	46.50
11. Erlendur Þorsteinsson, 10. landsk. þm. ....	120.00	66.00	186.00	200.00	386.00
12. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S.-M. ....	30.00	16.50	46.50	»	46.50
13. Finnur Jónsson, þm. Ísaf. ....	120.00	66.00	186.00	305.00	491.00
14. Garðar Þorsteinsson, 7. landsk. þm. ....	30.00	16.50	46.50	»	46.50
15. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk. ....	105.00	57.75	162.75	100.00	262.75
16. Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf. ....	30.00	16.50	46.50	»	46.50
17. Helgi Jónsson, 2. þm. Rang. ....	45.00	24.75	69.75	120.00	189.75
18. Hermann Jónsson, þm. Str. ....	30.00	16.50	46.50	»	46.50
19. Héðinn Valdimarsson, 3. þm. Reykv. ....	30.00	16.50	46.50	»	46.50
20. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M. ....	150.00	82.50	232.50	360.00	592.50
21. Ísleifur Högnason, 4. landsk. þm. ....	75.00	41.25	116.25	313.75	430.00
22. Jakob Möller, 2. þm. Reykv. ....	30.00	16.50	46.50	»	46.50
23. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm. ....	30.00	16.50	46.50	»	46.50
24. Jóhann G. Möller, 6. þm. Reykv. ....	30.00	16.50	46.50	»	46.50
25. Jóhannes Jónsson, 4. (vara)þm. Reykv. ....	90.00	49.50	139.50	55.00	194.50
26. Jón Ívarsson, þm. A.-Sk. ....	135.00	74.25	209.25	465.65	674.25
27. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv. ....	90.00	49.50	139.50	80.00	219.50
28. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn. ....	60.00	33.00	93.00	75.00	168.00
29. Magnús Gíslason, 11. landsk. þm. ....	30.00	16.50	46.50	»	46.50
30. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv. ....	30.00	16.50	46.50	»	46.50
31. Ólafur Thors, þm. G.-K. ....	30.00	16.50	46.50	»	46.50
32. Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M. ....	150.00	82.50	232.50	363.00	595.50
33. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N.-M. ....	30.00	16.50	46.50	»	46.50
34. Pálmi Hannesson, 1. þm. Skagf. ....	30.00	16.50	46.50	»	46.50
35. Pétur Ottesen, þm. Borgf. ....	45.00	24.75	69.75	30.00	99.75
36. Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak. ....	135.00	74.25	209.25	268.00	477.25
37. Sigurður Kristjánsson, 5. þm. Reykv. ....	30.00	16.50	46.50	»	46.50
38. Sigurjón Á. Ólafsson, 2. landsk. þm. ....	30.00	16.50	46.50	»	46.50
39. Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv. ....	60.00	33.00	93.00	49.00	142.00
40. Stefán Stefánsson, 3. landsk. þm. ....	105.00	57.75	162.75	250.00	412.75
41. Steingrímur Steinþórsson, 2. þm. Skagf. ....	30.00	16.50	46.50	»	46.50
42. Sveinbjörn Högnason, 1. þm. Rang. ....	60.00	33.00	93.00	120.00	213.00
43. Þorsteinn Briem, þm. Dal. ....	60.00	33.00	93.00	45.00	138.00
44. Þorsteinn Þorsteinsson, 5. landsk. þm. ....	90.00	49.50	139.50	180.00	319.50
Samtals	2595.00	1427.25	4 22.25	3897.75	7920.00

Fylgiskjal III.

Þingfararkaup alþingismanna á síðara aukabíngi 1941.

Nöfn	Dagpeningar og verðlagsuppbót			Ferða- kostnaður o fl. 1)	Þing- farar- kaup alls
	Dagpen. 15 kr. á dag	Verðlags- uppbót	Dagpen. og uppbót alls		
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
1. Árni Jónsson, 9. landsk. þm. ....	600.00	414.90	1014.90	»	1014.90
2. Bergur Jónsson, þm. Barð. ....	600.00	414.90	1014.90	»	1014.90
3. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf. ....	825.00	565.35	1390.35	654.00	2044.35
4. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr. ....	600.00	414.90	1014.90	330.00	1344.90
5. Bjarni Bjarnason, 2. þm. Árn. ....	690.00	477.00	1167.00	448.00	1615.00
6. Bjarni Snæbjörnsson, þm. Hafnf. ....	600.00	414.90	1014.90	300.00	1314.90
7. Brynjólfur Bjarnason, 1. landsk. þm. ....	600.00	414.90	1014.90	»	1014.90
8. Einar Árnason, 2. þm. Eyf. ....	825.00	565.35	1390.35	839.00	2229.35
9. Einar Olgeirsson, 4. þm. Reykv. ....	600.00	414.90	1014.90	»	1014.90
10. Eiríkur Einarsson, 8. landsk. þm. ....	600.00	414.90	1014.90	»	1014.90
11. Emil Jónsson, 6. landsk. þm. ....	600.00	414.90	1014.90	300.00	1314.90
12. Erlendur Þorsteinsson, 10. landsk. þm. ...	885.00	609.30	1494.30	570.00	2064.30
13. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S.-M. ....	600.00	414.90	1014.90	»	1014.90
14. Finnur Jónsson, þm. Ísaf. ....	915.00	630.90	1545.90	375.00	1920.90
15. Garðar Þorsteinsson, 7. landsk. þm. ....	600.00	414.90	1014.90	»	1014.90
16. Gísli Guðmundsson, þm. N.-P. ....	600.00	414.90	1014.90	»	1014.90
17. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk. ....	840.00	577.80	1417.80	725.00	2142.80
18. Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf. ....	600.00	414.90	1014.90	»	1014.90
19. Helgi Jónsson, 2. þm. Rang. ....	735.00	504.90	1239.90	500.00	1739.90
20. Hermann Jónsson, þm. Str. ....	600.00	414.90	1014.90	»	1014.90
21. Héðinn Valdimarsson, 3. þm. Reykv. ....	600.00	414.90	1014.90	»	1014.90
22. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M. ....	915.00	629.40	1544.40	665.00	2209.40
23. Ísleifur Högnason, 4. landsk. þm. ....	600.00	420.30	1020.30	450.00	1470.30
24. Jakob Möller, 2. þm. Reykv. ....	600.00	414.90	1014.90	»	1014.90
25. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm. ....	600.00	414.90	1014.90	»	1014.90
26. Jóhann G. Möller, 6. þm. Reykv. ....	600.00	414.90	1014.90	»	1014.90
27. Jón Ívarsson, þm. A.-Sk. ....	660.00	449.10	1109.10	450.00	1559.10
28. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv. ....	780.00	535.50	1315.50	450.00	1765.50
29. Jónas Jónsson, þm. S.-P. ....	600.00	414.90	1014.90	»	1014.90
30. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn. ....	855.00	586.20	1441.20	480.00	1921.20
31. Magnús Gíslason, 11. landsk. þm. ....	600.00	414.90	1014.90	»	1014.90
32. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv. ....	600.00	414.90	1014.90	»	1014.90
33. Ólafur Thors, þm. G.-K. ....	600.00	414.90	1014.90	»	1014.90
34. Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M. ....	960.00	661.05	1621.05	770.00	2391.05
35. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N.-M. ....	600.00	414.90	1014.90	»	1014.90
36. Pálmi Hannesson, 1. þm. Skagf. ....	600.00	414.90	1014.90	»	1014.90
37. Pétur Ottesen, þm. Borgf. ....	765.00	524.70	1289.70	330.00	1619.70
38. Sigurður E. Hliðar, þm. Ak. ....	720.00	495.00	1215.00	547.00	1762.00
39. Sigurður Kristjánsson, 5. þm. Reykv. ....	600.00	414.90	1014.90	»	1014.90
40. Sigurjón Á. Ólafsson, 2. landsk. þm. ....	600.00	414.90	1014.90	»	1014.90
41. Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv. ....	630.00	436.50	1066.50	375.00	1441.50
42. Stefán Stefánsson, 3. landsk. þm. ....	765.00	525.60	1290.60	500.00	1790.60
43. Steingrímur Steinþórsson, 2. þm. Skagf. ...	600.00	414.90	1014.90	»	1014.90
44. Sveinbjörn Högnason, 1. þm. Rang. ....	825.00	565.35	1390.35	500.00	1890.35
45. Þorsteinn Briem, þm. Dal. ....	720.00	495.00	1215.00	335.00	1550.00
46. Þorsteinn Þorsteinsson, 5. landsk. þm. ...	795.00	545.40	1340.40	694.00	2034.40
Samtals	31305.00	21587.10	52892.10	11587.00	64479.10

1) Í ferðakostnaðinum er fölginn húsnæðiskostnaður í Reykjavík um þingtimann, 150 kr. á mánuð fyrir hvern utanþingjafingmann, skv. úrskurði þingfararkaupsnéfnar, en þó nokkru meira fyrir summa þeirra, er neyddust til þess að dvelja í gistihúsi, sakir húsnæðiseklu, og þá eftir reikningi.

**Reikningur Alþingissjóðs 1941.**

(Skýpulagsskrá sjóðsins er prentuð í Alþt. 1936, B. 1452—1453).

## T e k j u r :

1. Eign við árslok 1940:		
Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr.	3236.98
2. Vextir 1941 af innstæðu í Söfnunarsjóði .....	—	161.77
3. Verðlaun úr vaxtabæti Söfnunarsjóðs .....		6.46
	<u>Samtals</u>	<u>kr. 3405.21</u>

## G j ö l d :

Eign við árslok 1941:		
Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr.	3405.21
	<u>Samtals</u>	<u>kr. 3405.21</u>

Skrifstofu Alþingis, 1. apríl 1942.

*Jón Sigurðsson.*